





# EFNI BLAÐSINS



## Félagið

**4** Friðrik Þór Guðmundsson:  
Siðareglur blaðamanna 50 ára

**13** Björn Vignir Sigurpálsson:  
Hjartabílar í blíðu og stríðu

**17** Miklar endurbætur  
á Síðumúlanum

## Umræðan

**17** Birgir Guðmundsson:  
Breytt starfsumhverfi

**23** Frábært tæki

**23** Viðsýnni umræða

**27** Geir A. Guðsteinsson:  
Freelance er lífsstíll

## Rannsóknir

**30** Af vettvangi  
háskólanna

## Siðadómar

**39** Úrskurðir Siðanefndar

**Útgefandi:** *Blaðamannafélag Íslands*

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**

*Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).*

**Prófarkalestur:** *Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)*

**Útlitshönnun:** *Ásprent*

**Prentun:** *Ásprent*

**Skrifstofa Blaðamannafélagsins**

*er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155*

*Bréfsími 553-9177*

*Netfang **bi@press.is***

*Heimasíða BÍ **www.press.is***

*Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.*

*Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson formaður*

*og Jóna Th. Viðarsdóttir skrifstofustjóri.*



## Forsíðumyndin

*Eldri félagar í Blaðamannafélaginu hittast alltaf í hádeginu á föstudögum og ræða málin yfir kaffi og meðlæti. Aðstaðan í Síðumúlanum er nú orðin margfalt betri en áður og hér má sjá hóp félagsmanna í nýinnréttaðum sal. Myndina tók Gunnar V. Andrésson.*

# Siðareglur fagstéttar

Í ár eru liðin 50 ár frá því að Blaðamannafélag Íslands setti sér siðareglur. Þess er nú minnst í blaðinu með ítarlegri grein og yfirliti Friðriks Þórs Guðmundssonar, enda verður mikilvægi tilkomu siðareglanna seint ofmetið fyrir stöðu blaðamanna. Blaðamenn gera kröfu til þess að hafa tiltekin réttindi og skyldur í krafti hlutverks síns sem fagstétt og ein mikilvægasta vísbending eða skilgreiningaratriði sem ákveður að fagstétt sé eitthvað annað og meira en hefðbundin starfsstétt er einmitt siðareglur. Það er stéttin sjálf sem hefur sett sér þessar reglur og búið til það skipulag og stofnanir sem styðja þær með því sem kallað hefur verið sjálfs-  
eftirlit og aðhaldi sem byggir eingöngu á sameiginlegum gildum þess hóps sem tilheyrir fagstéttinni. Blaðamenn og samtök þeirra um allan heim hafa lagt ríka áherslu á að þetta fyrirkomulag sé það sem æskilegast er fyrir stéttina og fyrir samfélagið sem hún þjónar.

Vissulega hefur verið uppi ágreiningur innan stéttarinnar um einstök atriði varðandi siðareglur og sjónarmið félagsmanna í Blaðamannafélaginu hafa stundum stangast á varðandi einstök atriði og útfærslu á siðareglum eins og berlega hefur komið fram við tilraunir til endurskoðunar á undanförunum árum. Slíkt er í raun eðlilegt, ekki síst á tímum þegar miklar og djúpstæðar breytingar hafa orðið í fjölmiðlaumhverfinu, en í grunninn er stéttin þó sammála um helstu grundvallaratriði siðareglna sem finna má í núgildandi reglum.

En breytingarnar í starfsumhverfi blaðamanna hafa í raun undirstrikað mikilvægi siðareglanna og umræðu um fagleg gildi sem skilgreina blaðamenn sem fagstétt og blaðamennsku sem fag. Miklar tæknibreytingar og markaðsvæðing fjölmiðlakerfisins hafa aukið þrýsting á blaðamenn og sífellt er verið að gera nýjar og meiri kröfur til þeirra í daglegu starfi. Slíkar breytingar, ekki síst tæknibreytingarnar, geta vissulega verið mikið framfaramál sem blaðamenn hljóta að fagna, en á sama tíma er brýnt að standa vörð um ákveðin grundvallargildi – grundvallargildi sem menn geta meðal annars fundið í hinum hálfra aldar gömlu siðareglum.

Þessum atriðum, breytingunum í starfsumhverfi blaðamanna og siðareglum, er teft saman í þessu tölublaði Blaðamannsins í tilraun til að vekja fólk til umhugsunar um gildi blaðamennsku á miklum umbreytingartímum í fjölmiðlun og þær áskoranir sem fagið stendur frammi fyrir.

Það er mikilvægt sérhverri fagstétt að halda vel utan um sögu sína og í þessu tölublaði er haldið áfram að birta áhugaverða þætti úr sögu blaðamennsku og blaðamanna á Íslandi. Í fróðlegri grein Björns Vignis Sigurpálssonar má lesa um komu hjartabílanna til landsins, sem var á síðnum tíma mikið og umtalað ævintýri.

*Birgir Guðmundsson*

## Aðalstjórn:

Hjálmar Jónsson, form.  
Óli Kristján Ármannsson, Fréttablaðið, varaform.  
Höskuldur Kári Schram, Stöð 2, gjaldkeri  
Sólrun Lilja Ragnarsdóttir, DV, ritari  
Rakel Ósk Sigurðardóttir  
Helga Arnardóttir, RÚV

## Varamenn:

Ingveldur Geirsdóttir, Morgunblaðið  
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Birtingur  
Trausti Hafliðason, Viðskiptablaðið

## Samningaráð:

Hjálmar Jónsson, formaður BÍ  
Óli Kristján Ármannsson, varaform.  
Guðni Einarsson, Morgunblaðið  
Rakel Ósk Sigurðardóttir  
Höskuldur Kári Schram, Stöð 2  
Kolbeinn Þorsteinsson, DV  
Aðalsteinn Kjartansson, vísir.is

## Varamenn:

Lilly Valgerður Pétursdóttir, Stöð 2  
Fríða Björnsdóttir  
Erla Hlynsdóttir, Fréttatíminn

## Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Björn Vignir Sigurpálsson, formaður  
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir  
Kári Jónasson  
Arna Schram  
Svanborg Sigmarsdóttir

## Menningar- og orlofshúsasjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður  
Lúðvík Geirsson  
Hilmar Karlsson

## Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

## Stjórn Styrktarsjóðs:

Arndís Þorgeirsdóttir  
Hjálmar Jónsson  
Lilly Valgerður Pétursdóttir

## Varamenn:

Baldur Guðmundsson  
Guðni Einarsson  
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

## Siðanefnd BÍ:

Björn Vignir Sigurpálsson, form.  
Hjörtur Gíslason blaðamaður, varaform.  
Friðrik Þór Guðmundsson,  
blaðamaður og stundakennari við HÍ  
Ásgeir Þór Árnason hrl., fulltrúi útgefenda  
Róbert H. Haraldsson, fulltrúi Siðfræðistofnunar HÍ

## Varamenn:

Jóhannes Tómasson, fyrrv. blaðamaður  
Valgerður Jóhannsdóttir, fyrrv. fréttamaður  
Sigríður Árnadóttir, fyrrum fréttastjóri

# Siðareglur 50 blaðamanna ára



Eftir  
Friðrik Þór  
Guðmundsson

Blaðamenn Íslands hafa haft yfir sér siðareglur frá 9. maí 1965 eða í hálfra öld. Þegar þessi tímamót urðu sl. vor þá voru kærð mál komin í alls 219 hjá Siðanefnd BÍ og er meðaltalið því rúmlega 4 mál á ári. Siðareglurnar hafa í raun breyst lítið frá upphafi og nýlegar umræður og tillögur um breytingar leiddu ekki til niðurstöðu. Það er hins vegar mat höfundar að í raun hafi mikið breyst – með breyttum tíðaranda, aukinni fagmennsku og umturnuðu fjölmiðlaumhverfi hefur túlkun á hinum „fábrotnu“ siðareglum breyst töluvert.

Hinar fyrstu siðareglur Blaðamannafélags Íslands (BÍ) entust í 21 ár, en þeim var breytt 15. júní 1985 og aftur aðeins 3 árum síðar eða 19. apríl 1988. Enn liðu bara 3 ár en þá tóku gildi núverandi reglur eða 23. mars 1991. Þessar breytingar voru tiltölulega fábrotnar að því leyti að enn er í gildi sú stefnumörkun sem lagt var af stað með í upphafi; að hafa siða-

Breytingar einstakra efnisákvæða				
Hugtak/ár	1965	1985	1988	1991
Vanvirða ekki stéttina	X	X	X	X
Sýna kollegum drengskap	X	X	X	X
Persónuleg ábyrgð	X	X	X	X
Trúnaður heimildarmenn/gögn	X	X	X	X
Ekki valda óþarfa sársauka	X	X	X	X
Ekki mútur – engar hótanir	X	X	X	X
Sakleysi uns sekt er sönnuð	X	X	X	X
Nafnbirting – hagsm. almennings	X	X	X	X
Vanda upplýsingaöflun o.s.frv.		X	X	X
Varast hagsmunarékstur		X	X	X
Gættir hagsmuna lesenda		X	X	X
Sannfæring blm. leiðarljós		X	X	X
„Kínamúr“		X	X	X
Tjáningarfrelsi afm./undir nafni			X	X

Mynd 1.

reglurnar frekar stuttar og almennar og veita um leið siðanefndinni gott svigrúm til að túlka reglurnar út frá ýmsum óskráðum reglum og tíðarandanum almennt.

Þorsteinn Gylfason, sem lengi átti sæti í siðanefnd, lýsti þessari stefnumörkun svo árið 2004: „...siðareglur íslenskra blaðamanna eru almennar reglur, en ekki nákvæm fyrirmæli. Siðareglur annarra þjóða eru miklu ítarlegri en íslensku reglurnar. ... Þau einkenni á íslensku reglum að þær eru stuttar og almennar virðast mér hafa gefizt vel. Þau gefa siðanefnd færi á að bregðast með ferskum hætti

við nýjum aðstæðum, og taka tillit til margvíslegra óskráðra reglna á fjölmiðlum og í samfélaginu sem oft breyta miklu um eðli máls.“

## Um breytingar og endurskoðun

Rétt er að greina stuttlega frá þeim breytingum á siðareglunum sem þó hafa orðið (sjá Mynd 1 um breytingar á efnisatriðum og Mynd 2 um breytingar á kærugreininni). Árið 1985 var skerpt á ákvæði um vandvirkni, en aðalnýjungin fólst í ákvæðum um að forðast hagsmunaréstra og hafa skýr skil milli auglýsingaefnis og ritstjórnar-

## Breytingar á kærúákvæðinu

- **1965:** Engin skilyrði um kærufrest eða leiðréttingarkröfu á hendur fjölmiðli áður en kært yrði. Ákvæði var um **mögulegan brottrekstur** félaga úr BÍ.
- **1985:** Innleidd **fjórflökun brota:** Mjög alvarlegt, alvarlegt, ámælisvert og óverulegt. Vítur í stað brottvísunar. **Nefndarmönnum fjölgað** úr 3 í 5.
- **1988:** **Leiðréttingarkröfuskilyrðið** kom inn.
- **1991:** **2ja mánaða tímamörk innleidd, dómstólaákvæði sett inn, opnað fyrir undanþágur frá leiðréttingarákvæði, brotaflokkum fækkað** („óverulegt“ út).

Mynd 2.

Úrskurðir/mál	Fjöldi	Hlutfall alls	Hlutfall án frávísana
Brot	98	45%	54%
Ekki brot	85	39%	46%
Frávísun o.fl.	36	16%	-----
Alls mál	219	219	183

Mynd 3.

efnis (Kínamúr). Einnig má nefna viðbætur um að blaðamenn hafi sannfæringu sína að leiðarljósi og gæti fyrst og fremst hagsmuna lesenda (almennings). Mikilvægar breytingar urðu og á viðurlagagreininni; brot voru hér eftir flokkuð eftir alvarleika þeirra (óverulegt, ámælisvert, alvarlegt og mjög alvarlegt) og mögulegar vítur á hinn brotlega komu í stað mögulegrar brottvísunar úr BÍ. Breytingarnar 1988 fólu fyrst og fremst í sér að innleiða þá stefnumörkun að blaðamenn hefðu tjáningarfrelsi – skrif þeirra undir nafni í afmarkaða þætti yrðu ekki kæránleg til siðanefndar. Og breytingarnar 1991 – yfir í núverandi reglur – náðu fyrst og fremst til viðurlagaákvæðisins; tekin voru upp tímamörk (2 mánuður frá birtingu), sett inn ákvæði um að siðanefnd tæki ekki til umfjöllunar mál sem rekin væru á sama tíma fyrir dómstólum, kveðið var á um undanþágur frá leiðréttingarkröfum og brotaflokkum var fækkað úr fjórum í þrjá („óverulegt“ féll út).

Núverandi reglur hafa gilt siðastliðin 24 ár. Þrátt fyrir umrótið 1985-1991 hafa siðareglurnar sem í gildi eru af fæstum verið taldar skýrar og vel upp settar. Upp úr 2005 hófst ný umræða um endurskoðun siðareglu-

anna og BÍ setti á fót **Endurskoðunarnefnd (hina fyrri)** með innanborðs þau Birgi Guðmundsson, Valgerði Jóhannsdóttur og Þór Jónsson. Þessi nefnd lagði ekki til róttækar breytingar, skerpti á grundvallarreglunni um sannleiksleitina, stillti efnisatriðum betur upp en byggði að flestöllu leyti á því sem fyrir var. Ákvæði skyldu áfram vera tiltölulega fá og opin fyrir túlkun og breyttum tíðaranda.

Ekki voru allir á eitt sáttir og inn í þessa umræðu kom lærdómurinn af Hruninu 2008. Línur tóku að greinast í tvær ólíkar áttir (að frátöldum röddum um litlar sem engar breytingar). Annars vegar heyrðust raddir þeirra sem vildu **efnismeiri siðareglur**, með áherslum sem þekktust alþjóðlega, en hins vegar þeirra sem vildu **takmarka siðareglur** að mestu við „konkret“ atriði (eins og ritstuld, hagsmunaárekstra o.fl.) en sleppa huglægum, matskenndum atriðum, svo sem er vörðuðu tillitsemi – að valda ekki óþarfa sársauka. Árið 2012 komu fram tillögur frá Endurskoðunarnefnd hinni síðari og stjórn BÍ um nýjar og nokkru ítarlegri siðareglur og einnig frá hópi blaðamanna (samtsals 31) um einfaldari siðareglur. Ágreiningur leiddi til samþykktar um skipan

sáttanefndar, en hún kom þó aldrei saman og þar við sat; endurskoðun siðareglna BÍ hefur síðan legið í salti.

Siðareglurnar hafa svo sem lengi verið umdeildar og ýmsir úrskurðir siðanefndar hafa verið gagnrýndir harðlega. Í könnun minni meðal reyndra blaða- og fréttamanna (starfsreynsla 5 ár eða meira) 2006 blés svo sannarlega ekki byrlega fyrir siðareglurnar þegar spurt var um gildi þeirra og áhrif úrskurða á fagleg vinnubrögð; hvort þetta hefði leitt til faglegra framfara. Einungis ríflega helmingur þeirra sem afstöðu tók sagði „já“ en tæpur helmingur sagði „nei“.

## Þróun málafjölda og úrskurða

Á Mynd 3 má sjá tölur um fjölda mála siðanefndar og úrslit þeirra frá upphafi – en sérstakt yfirlit yfir öll málin fylgir grein þessari. Af 219 málum hafa 98 þeirra eða 45% endað með úrskurði um brot á siðareglum. 85 hafa hins vegar endað með úrskurði um að reglurnar hafi ekki verið brotnar eða 39%. Afgangurinn eða 36 mál (16%) hafa endað með frávísun eða öðrum ámóta málalokum (niðurfellingu o.fl.). Ef eingöngu er horft til efnislegra úrskurða er niðurstaðan að 54% kærðra umfjallana enduðu með brotaúrskurði en 46% með „sýknu“.

En þessar tölur eru á margan hátt villandi sem lýsing á stöðunni í nútímanum. Annars vegar hafa orðið töluverðar sveiflur í málafjölda eftir tímabilum, eins og sést á Mynd 4 – kærufjöldi náði hámarki 1986-1995, en fækkaði í kjölfarið. Hins vegar hafa „sakfellingarhlutföll“ breyst mikið. Á Mynd 5 er búið að skipta úrskurðum upp í fjögur tímabil og þá sést vel hvernig hlutföllin hafa breyst með áberandi hætti. Á fyrsta tímabilinu, 1966 til 1988, voru 60 mál tekin fyrir og endaði 41 þeirra eða 68% með

Árabil	Málafjöldi
1966-1975	10
1976-1985	24
1986-1995	74
1996-2005	57
2006-2015	54

Mynd 4.

Mál	Fjöldi	Brot	Ekki brot	Fráv./annað
1966-1988	60 100%	41 68%	13 22%	6 10%
1989-1996/97	60 100%	31 52%	21 35%	8 13%
1997/98-2005/06	55 100%	17 31%	28 51%	10 18%
2006/07-2014/15	44 100%	9 20%	23 52%	12 27%

Mynd 5.

brotaúrskurði, í 13 málum töldust kærðir ekki brotlegir (22%), en í 6 málum (10%) var ekki úrskurðað (frávísanir o.fl.). Á öðru tímabilinu, 1989 til vors 1997 voru málin einnig 60, en þá endaði 31 með brotaúrskurði (52%), 21 með úrskurði um ekki brot (35%) og ekki var úrskurðað í 8 málum (13%). Á þriðja tímabilinu, frá vori 1997 til vors 2006 var um 55 mál að ræða og þá enduðu 17 mál með brotaúrskurði (31%), 28 með úrskurði um ekki brot (51%) og ekki var úrskurðað í 10 málum (18%). Loks er að nefna fjórða tímabilið, frá vori 2006 til vors 2015, með 44 mál, en þá enduðu 9 með brotaúrskurði (20%), 23 með úrskurði um ekki brot (52%) og ekki var úrskurðað í 12 málum (27%). Rétt er að vekja athygli á að þessi þróun er stöðug og til langs tíma – en ekki „ný bóla“.

Ef aðeins er horft til efnislegra úrskurða (brot eða ekki brot) á fyrsta tímabilinu og því síðasta blasir við að hlutfall brotaúrskurða hefur lækkað úr 76% í 28% og þar af leiðandi hlutfall

úrskurða um ekki brot hækkað úr 24% í 72%. Er þá niðurstaðan að síðanefnd hafi orðið æ „linari“ með árunum? Ég tel hæpið að álykta svo, með hliðsjón af þeim miklu breytingum sem orðið hafa á fjölmiðlaumhverfinu og er þetta í raun endurspeglun á gildi þess að hafa tiltölulega einfaldar og stuttar siðareglur þar sem síðanefnd hefur svigrúm til að túlka og taka tillit til breytts tíðaranda. Í raun er reginmunur á málum fyrstu tveggja áratuganna eða svo og málum nútímans. Við erum ekki lengur í umhverfi flokksmál-gagna og fátítt er nú sem áður var algengt að blaðamenn sjálfir séu að kæra kollega.

### Hvaða fjölmiðlar eru kærðir mest/síst?

Eins og gefur að skilja eru þeir fjölmiðlar (og blaðamenn þeirra) mest kærðir til síðanefndar sem „ágengastir“ hafa verið í umfjöllun sinni og vinnubrögðum. Mynd 6 sýnir þetta vel, en þar hef ég skipt fjölmiðlum

Kærður	Málafjöldi	Sakf.-sýkn.- (fráv.)	Hlutföll án frávísana
DV/DB/Vísir	58	30-23-(5)	57%-43%
Stöð 2/Bylgjan	27	9-15-(3)	37%-63%
RÚV	26	12-11-(3)	52%-48%
HP-Pressan	17	9-4-(4)	69%-31%
Þjóðviljinn	14	11-2-(1)	85%-15%
Morgunblaðið	13	1-5-(7)	17%-83%
Fréttablaðið/visir.is	13	3-7-(3)	30%-70%
Tíminn/NT	9	7-1-(1)	88%-12%
Alþýðublaðið	5	2-3-(0)	40%-60%
Ýmis tímarit	17	7-8-(2)	47%-53%
Héraðsblöð	11	5-4-(2)	55%-45%
Annað	18	4-7-(7)	36%-64%
ALLS	228	100-90-(38)	53%-47%

Mynd 6.

upp í nokkra flokka. Einnig fylgja með tölur um niðurstöður síðanefndar – og þar koma í ljós athyglisverð hlutföll.

Þegar tekin eru saman **siðdegisblöðin** svokölluðu, DV og undanfararnir Vísir og Dagblaðið koma í ljós **58** af 228 kærðum fjölmiðlum (í sumum málum er fleiri en einn fjölmiðill kærður) eða um fjórðungur. Þetta er sá langstærsti af þeim hópum sem ég hef flokkað saman. Af þessum málum siðdegisblaðanna hafa 30 endað með brotaúrskurði eða 52%, en 23 (40%) með sýknu og 5 (9%) þessara mála hefur verið vísað frá. Þrátt fyrir að fjöldi mála þessara fjölmiðla sé mikill þá lýkur „aðeins“ öðru hverju máli með brotaúrskurði.

Í næsta flokk fjölmiðla set ég sjónvarps- og útvarpsdeildir 365 miðla, **Stöð 2 og Bylgjana**. Að þessum fjölmiðlum hafa **27** kærsmål beinst eða um 12% heildarinnar – en rétt er að hafa í huga að þessir fjölmiðlar urðu fyrst til 20 árum eftir gildistöku siðareglu BÍ. Stöð2/Bylgjunnar hefur gengið hlutfallslega ágætlega frammi fyrir síðanefnd; 9 málum eða þriðjungur hefur lokið með brotaúrskurði, en 15 (56%) með sýknu og 3 (11%) með frávísun eða niðurfellingu.

**Fréttablaðið og visir.is** flokkast saman og eru einnig undir 365 miðlum. Þessum miðlum hefur farnast vel frammi fyrir síðanefnd; eiga **13** málanna (5,7% heildarinnar), hvar af 3 hafa endað með brotaúrskurði, 7 með „sýknu“ og 3 málum vísað frá.

Þá er að nefna **Ríkisútvarpið**, með **26** mál eða um 11% heildarinnar. Í ljós kemur að árangur RÚV frammi fyrir síðanefnd er nokkuð hliðstæður árangri fyrrnefndra siðdegisblaða; 12 þessara mála hefur lokið með brotaúrskurði eða 46%, en 11 með sýknu (42%) og 3 málum hefur verið vísað frá eða úrskurður ekki fallið.

Næst er til að taka **vikublöðin** saman, Helgarpóstinn (eldri og nýrri) og Pressuna, sem létu einkum til sín taka á árunum 1979-1993. HP/Pressan eiga **17** málanna eða 7,5% heildarinnar. Eins og siðdegisblöðin gjarnan þá leituðust þessir fjölmiðlar við að vera djarfir og róttækir, með ekki síst áherslu á rannsóknarblaðamennsku. Af þessum 17 málum enduðu 9 með

brotaúrskurði (53%), en 4 með sýknu (24%) og 4 með frávísun (24%).

Rétt er að skoða síðan saman **gömlu „flokksmálöggnin“**, sem nú eru horfin af vettvangi, að Morgunblaðinu frátöldu. Hvað þessa fjölmiðla varðar vekur athygli afar ólík útkoma hjá síðanefnd hjá annars vegar Morgunblaðinu og hins vegar Þjóðviljanum (með Helgarblaðinu) og Tím-anum (með NT). Morgunblaðið hefur fengið á sig 13 kærur (5,7% heildarinnar) og í einungis einu þessara mála, fyrsta máli síðanefndar, var um brotaúrskurð að ræða, en í 5 málum var sýknað og 5 málum var vísað frá eða þau niðurfelld. 8% sakfellingarhlutfall Morgunblaðsins er það langlægsta af öllum fjölmiðlum landsins. Ekki skal hér fullyrt um ástæður þessarar sérstöðu, en Morgunblaðið er og

MÁL	Kærandi	BROT	EKKI BROT	Frávísanir og annað
56 (26%)	Alm. borgari	24	20	12
18 (9%)	Óskar nafnleyndar	9	8	1
45 (21%)	Fyrirtæki/forstjórar	21	19	5
32 (15%)	Embættismenn/stofnanir	17	11	4
25 (12%)	Blaða-/fréttamenn	11	6	8
11 (5%)	Pólitikusat	6	4	1
18 (8%)	Félög og samtök launafólks	7	7	4
10 (5%)	„Celeb“/listamenn	2	7	1
2 (1%)	Brotamenn	1	1	0

Mynd 7.



Þorsteini Gylfasyni prófessor sat í síðanefnd Bláðamannafélagsins í áratugi og var formaður hennar um 10 ára skeið frá 1993-2003. Þorsteinn var afskaplega farsæll í störfum sínum fyrir Síðanefndina og færði Hjálmar Jónsson, formaður BÍ, honum viðurkenningu á aðalfundi á sínum tíma í þakklætissyni fyrir vel unnin störf.

hefur verið fremur íhaldssamur og varkár fjölmiðill.

## Hverjir kæra?

Litum því næst á flokkun á kærendum (Mynd 7). Þar er stærsti einstaki hópurinn „**Almennir borgarar**“ með 56

mál eða 26% heildarinnar. En í sama flokk má hiklaust setja þá kærendur sem **óskað hafa eftir nafnleynd** – þar eru yfirhöfuð almennir borgarar á ferð. Til samans má þá tala um 74 kærur og þá um 35% heildarinnar. Í þessum flokkum til samans hafa 33 mál endað með brotaúrskurði (45%),

28 mál með úrskurði um ekki brot (38%), en 13 mál hafa endað með frávísun eða niðurfellingu.

Næstfyrirferðarmesti hópurinn er „**fyrirtæki/forstjórar**“ með 45 mál (21% heildarinnar). Þar hefur 21 máli lokið með brotaúrskurði (47%), 19 með úrskurði um ekki brot (42%), en 5 mál hafa endað með frávísun eða niðurfellingu.

Saman í flokki eru „**embættismenn/stofnanir**“ með 32 mál (15%) og þar er „sakfellingarhlutfallið“ nokkru hærra. Þar hefur 17 málum lokið með brotaúrskurði (53%), 11 með úrskurði um ekki brot (34%), en 4 mál hafa endað með frávísun eða niðurfellingu.

Af öðrum hópum er þetta helst að nefna; **bláðamenn** sjálfir voru fyrstu tvo áratugin eða svo, á tímum flokksmálgagna, gjarnan að kæra hver annan, en slíkar kærur eru fátíðar í nútímanum. Af 25 slíkum málum enduðu 11 með brotaúrskurði (44%), 6 með úrskurði um ekki brot (24%), en 8 mál enduðu með frávísun eða niðurfellingu. Sum þessara mála höfðu yfir sér pólitískan blæ, en ekki verður sagt að **stjórnámálmenn** hafi í gegnum tíðina verið „duglegir“ við að kæra – þeir eiga einungis 5% heildarinnar eða 11 mál og þar eru hlutföll ámóta og meðaltal heildarinnar. Af öðru má nefna að „**Celebs“/listamönnum**“ hefur ekki vegnað sem best frammi fyrir síða-

Tegund brots	Fjöldi	Hlutfall
Mjög alvarlegt	5	6,7%
Alvarlegt	28	37,3%
Ámælisvert	38	50,7%
Óverulegt	4	5,3%
Alls	75	100%

Mynd 8.

nefnd; þar hefur verið „sýknað“ í 7 af 10 málum.

### Um brotaflokk og samhljóm siðanefndarmanna

Brot er ekki sama og brot – með breytingu siðareglna 1985 var tekin upp flokkun brota í óverulegt brot, ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt. Árið 1991 var brotaflokkurinn „óverulegt“ felldur út, en 4 brot höfðu flokkast svo. Óflokkuð brot fyrstu árána voru 23 talsins, en flokkuð brot eru annars 75 talsins (sjá Mynd 8) og skiptast þannig: Mjög alvarleg brot eru 5 (7%), alvarleg brot 28 (37%), ámælisvert brot 38 (51%) og óveruleg brot 4 (5%) sem fyrr segir. Sá munur hefur alltaf verið gerður frá upptöku brotaflokkunar að ef brot teldist mjög alvarlegt eða alvarlegt er viðkomandi fjölmiðli gert skylt að birta niðurstöðuna hjá sér, en ekki ef brot telst „bara“ ámælisvert (eða óverulegt). Í fyrri flokkinn falla þá 33 þessara brotaúrskurða eða 44% en 42 í þann síðari eða 56%. Um leið má segja að af heildinni, 219 málum, hafi í 33 tilfellum (15%) niðurstaðan verið sú að fjölmiðill hafi verið úrskurðaður svo brotlegur að honum var gert skylt að opinbera niðurstöðuna.

Ekki er úr vegi að geta sérstaklega um þau mál sem endað hafa með úrskurði um mjög alvarlegt brot. Þetta eru: Kæra Mús Péturssonar bæjar-

fógeta gegn ritstjórn Pressunar 1992 (frágangur slitabús), kæra Hjörleifs Stefánssonar o.fl gegn blaðamanni og ritstjóra Pressunnar 1993 („Þjóðminjasafnmál“, blaðamaðurinn þó „sýknaður“), kæra Hrafnhildar Guðmundsdóttur gegn ritstjórn Séd og heyrt 1998 (Umgengnismál fráskilds pars), kæra ónafngreinds einstaklings gegn Mannlífi og RÚV 2003 („Kistulagningarmál“) og kæra Theódors Skúla Sigurðssonar gegn DV árið 2005 („Hermannaveikismál“).

Ekki er hægt að fullyrða að siðanefndarmenn hafi alltaf verið fullsáttir með niðurstöðu mála eða sammála við upphaf umfjöllunar, en það er samt staðreynd að í 213 málum af 219 (97%) hefur niðurstaðan verið einróma. Í eftirstæðum 6 tilvikum klofnaði siðanefnd, en það gerðist í eftirfarandi málum: Kæra Ríkissaksóknara gegn blaðamönnum NT árið 1985, 4 sögðu ekki brot en einn vildi úrskurða brot (blaðamenn hringdu í apótek, þóttust lækna og fengu lyf í hendur), kæra ónafngreindrar konu gegn DV 1987 vegna myndbirtingar, þar sem meirihluti þriggja úrskurðaði um ámælisvert brot, en 2 vildu flokka brotið sem alvarlegt, kæra Félagslæknanema gegn Stjórnunni 1988 (meint mistúlkun á skoðanakönnun), þar sem meirihluti 3 manna úrskurðaði að reglur hefðu ekki verið brotnar, en 2 vildu úrskurða um óverulegt brot, kæra ónafngreinds einstaklings gegn

DV 1990 (grunur um kynferðisbrot á meðferðarheimili, spurning um ígildi nafngreiningar) þar sem meirihluti 3 manna úrskurðaði að reglur hefðu ekki verið brotnar, en 2 vildu úrskurða um alvarlegt brot, kæra Þóris Stephensen gegn Tímanum og Halli Magnússyni 1990 (staðarhald í Viðey), þar sem meirihluti 4 manna úrskurðaði um ámælisvert brot en 1 taldi að ekki hefði verið um brot að ræða og loks er að nefna kæru Steingrims Ólafssonar gegn DV 2006 (Íslendingur myrtur í El Salvador), þar sem 3 nefndarmenn töldu myndbirtingar alvarlegt brot, en 2 töldu ekki um brot að ræða.

### Umræða

Grein þessi byggir á ýmsu sem fyrir liggur í yfirstandandi rannsókn minni á siðareglum blaðamanna og úrskurðum og túlkun siðanefndar – og áhrifum tíðarandans þar á. Það eru mínar bráðabirgðaniðurstöður að áhrif tíðarandans hafi verið og séu enn mikil við þær aðstæður að siðareglur BÍ séu fremur almennar og stuttar og siðanefndin einmitt með ríkt túlkunarvald.

Ég ætla að sinni ekki að vera langorður um hvaða þættir spila hér mest inn í. Þó vil ég nefna að fjölmiðlaumhverfið hefur tekið miklum breytingum, þar sem kannski mestu skiptir að tjáningarfrelsinu hefur vaxið ásmegin og um leið faglegum kröfum um hlutlægni. Skilningur á því hlutverki fjölmiðla að vera varðhundur almanna-hagsmuna hefur aukist og í því sambandi einnig þolinmæði gagnvart vinnubrögðum, úrvinnslu og framsetningu sem áður þótti ótækt og/eða á gráu svæði siðferðilega. Flokksmál-gögn eru og horfin, en voru áður upp- tekin af leðuslagsmálum. Fleira spilar inn í sem fjallað verður um eftir því sem rannsókn minni vindur fram.

## ÖII 219 mál siðanefndar í stikkorðum

MÁL	MÁL	Kærandi	Kæður	Úrsk.	Nefnd
001	1/66	Fríðarsamtök kvenna	MBL, Velvakandi	Brot	Ummæli Velvakanda – Göbbels
002	2/66	Fréttamenn RÚV	Mánudagsblaðið	Brot	Um hlutleysi RÚV
003	3/67	Jónas Kr., ritstjóri	Ritstjóri Alþýðublaðsins	Ekki-brot	„Gamansemi“
004	16.12.69	Sig A. Magnúss ritstjóri	Björn Thors blm.	Frávisun	Bréf frá blm. Bláfra-söfnun
005	5/70	Jón E. Ragnarsson	Mánudagsblaðið	Brot	Ósannað, sársauki, fjárdráttur
006	30 8 72	Bragi Ásgeirsson	GG blm. Vísir	Brot	Órökst sögusagnir
007	7/72	Karl E. Jóhannsson	Valdim. Jóh/Páll Heiðar	Frávisun	Ónógar uppl. kæranda
008	8/72	Ingibjörg Jónsdóttir	Gísli J. Ástþ., Alþýðublaðið	Ekki brot	Kæra ekki rökum reist
009	5.6.73	3 frm RÚV-TV	Sigurdór S, Þjóðviljinn	Brot	Ekki tilefni ásakana um sorpbím.
010	5.6.73 b	Páll Ásgeir Tryggvason	Úlfar Þormóðs, Þjóðv.	Frávisun	Kærd ummæli beinast ekki að kæranda sérstakl.
011	Jan./76	Utanríkisráðuneyti	Svavar Gests, ritstj. Þjóðv.	Brot	Ummæli í „Klippt og skorið“ um Pál Ásgeir Tryggvason – Vanvirða
012	Jan./76	Gylfi Þ. Gíslason	Svavar Gests, ritstj. Þjóðv.	Brot	Upptaka samtals ekki brot en úrvinnslan brot
013	2.4.76	Vilmundur Gylfason	Tíminn/Þór. Þórarinnsson	Frávisun	Ásökun um „ófrægingarherferð“ gegn greiðslu
014	14/77, 8. júní	Þór Vilhjálmsson	Einar Karl Har., Þjóðv.	Brot	„Æra VL-manna“
015	15/78	Ólafur Ragnarsson ritstj.	Sv.G. (EKH/Þjv.)	Brot	Tilefnislaus tenging við fjárvikamál – Drengsk., álit
016	10.1.80	Fréttamenn RÚV	Ótilgreint/1 í siðanefnd	Frávisun	Dulskrif siðanefndarmanns
017	9.5.80	Félagsmálast. Rvk.	Vísir	Brot	Myndir/skrif um skjólstæðinga
018	9.5.80	Páll M. blm & GVA ljósm.	Álfheiður Inga/Þjóðv.	Brot	Um féló-skrif Vísir
019	11.8.81	Kjartan Helgason	Dagblaðið	Brot	Ferðaskrifstofa Kjartans H.
020	11.8.81	Haraldur Blöndal	Atli Rúnar Halld./Dagbl.	Brot	Umfjöllun um H. Bl.
021	11.8.81	Staff fréttast. RÚV-TV	„Svarthöfð“ Vísir	Brot	Harðar ásakanir í garð starfsmanna fréttast.
022	5.5.82	Jón Ásg. Sig./Herstöðvaandst.	Ólafur Sigurðsson / RÚV-TV	Brot	Frétt um spjöll í Helgúvik
023	1.12.82	Stjórn BÍ (tilv.)	Jón Ásg. Sig./Dagfari	Ekki brot	Birting úrskurðar (#22).
024	1.12.82	Arnbór & Gísli Helgas.	Kristján Már U-DV	Brot	„Gísli blindi“
025	30.3.83	Barnav./Félóráð Rvk.	Jón G. Hauksson/DV	Ekki brot	Óspektir á Hlemmi
026	30.3.83	Barnav./Félóráð Rvk.	Jón G. Hauksson/DV	Brot	Myndbirting handtekis pilts
027	21.12.83	Bogi Ágústsson	Jónas Kr./DV	Brot	JK vildi ekki leiðrétta og biðjast afsökunar
028	8.3.84	Agnes Braga/Tímanum	Ábm. Þjóðviljans	Brot	Birting lesendabréfs „Kormáks“
029	11.4.84	Aðalheiður Bj./Sókn	Ragnar Þórsson/Þjóðv.	Ekki brot	Vera á félagsfundi og upptaka
030	11.4.84	Gunnlaugur Þórðarson	Jón G. Hauksson/DV	Brot	Myndbirting e. Landsbankarín
031	9.7.84	KMU (DV) Ómar Vald. (Mbl).	Þjóðviljinn	Brot	„Skrárgat“ um stimpingar
032	12.9.84	Elín (sænska sendiráð)	NT	Brot	Myndbirting – Innbrot í sendiráðið
033	3.6.85	Féló-staff og móðir	NT	Brot	Myndbirting á forsiðu brotleg, annað ekki
034	29.10.85	Þrír ónafngreindir	EPJ-Víkurféttir	Brot (ámæl.)	Umfjöllun um borgarafund í Grindavík
035	5.1.85	Ríkissaksóknari	3 blm. NT (Jón Ársæll+)	Ekki brot.	Klofningur, sératkv. 4-1 – Blaðam. þóttist lækni og fékk lyf
036	12.2.86	Markús Örn A. út.v.stj.	Ingvi Hrafn fréttastj. TV	Brot (ámæl.)	Arnarflugsmál
037	26.2.86	Guðm. G./Þýsk-ísl.	LG/Þjóðv.	Brot (alvarl.)	Þýsk-íslenska
038	29.5.86	Þórir Hilmars brunamstj.	Jónína L./HP	Brot (ámæl.)	Brunamálastjóri
039	29.5.86	Þórir Hilmars fv. bstj.	Páll Magnúss./RÚV-TV	Ekki brot	Pingfréttir
040	19.6.86	Akur-Sjallinn	RÚV-TV (PM)	Óverul. brot	Meint gjaldþrot Sjallans
041	3.7.86	Akur-Sjallinn/Sólves	Friðrik Þór G./HP	Brot (ámæl.)	Sjallinn, frímúrarar o.fl.
042	7.7.86	Samvinnutryggingar	Friðrik Þór G./HP	Brot (ámæl.)	Kaskótryggðir ráðherrar
043	30.9.86	8 váttryggingarfélag	Friðrik Þór G./HP	Brot (ámæl.)	Bókhald tryggingafélaga
044	4.10.86	Samtökin 78 o.fl.	Þór J./Tíminn	Brot (alvarl.)	„Nauðgað af homma“
045	17.3.87	Halldór Halldórs/HP	Óskar M./DV	Brot (alvarl.)	Ummæli um Ingólf o.fl.
046	17.3.87	Sjómannafélag Rvk.	ÓEF/Stöð 2	Ekki brot	Frétt um kjaradeilu
047	17.3.87	Ónefnd kona	DV myndb.	Brot (ámæl.)	Klofn. Minnihl. alv. brot (3-2)
048	5.5.87	Umb.m. fegurðarkeppni	Reykjanes	Brot (óverul.)	Klausur og teiknimynd
049	27.10.87	Arndís Tómasdóttir	EPJ-Víkurféttir	Brot (óverul.)	Sjúkrahús Keflavíkur
050	27.10.87	EPJ/PK Víkurféttir	Arndís Tómasdóttir	Frávisun	Ummæli um ritstj. og blm VF. AT ekki blm.
051	17.11.87	Sig. G. Guðjónsson	(RÚV-TV) Ingvi Hrafn	Brot (alvarl.)	Svefneyjarmálið
052	15.12.87	Sölustofnun lagmetis	Ómar Vald./Stöð 2	Brot (óverul.)	Gaffalbitamálið
053	22.12.87	Ólafur Hauksson	Ólafur M. Jóh./Mbl.	Ekki brot	Kinamúrsmál, dálkaskrif
054	4.2.88	Markús Örn A. út.v.stj.	RÚV	Brot (alvarl.)	CIA-mál Stefáns Jóhanns Stef.

MÁL	MÁL	Kærandi	Kærður	Úrsk.	Nefnd
055	1/9.3.88	Hjörleifur Hallgrímsson	Illugi Jökuls/RÚV	Ekki brot	Tímaritíð Við karlmenn
056	2/9.3.88	Ónafngreint	Björn Hróarsson/Stjarnan	Brot (alvarl.)	Hjónaerjur vinningshafa/EIR
057	(3)18.3.88	Jón. Sig./Húnbogi	Þjóðviljinn – sáf.	Ekki brot	Kvosarskipulag
058	(4)5.5.88	Félag læknanema	Stjarnan	Ekki brot	Klofningur, 3-2 minnihl. óverul. brot
059	(5)10.5.88	Tölvufræðslan.	Jónína Leósdóttir/HP	Ekki brot	Skrifstofutækni nám
060	(6)29.6.88	Stefán Ólafsson fél.vís.	Jónas Kristján/DV	Brot (ámæ.)	Leiðaraskrif
061	(1)2.3.89	Sigrún Júlíusdóttir	Ritstjórni Tímans/St. Ásg.	Brot (ámæ.)	Bók „Hremmingar“ (nauðgun)
062	(2)12.4.89	KÖ/Norræna húsið	3 blm./DV	Brot (ámæ.)	Sandkorn
063	(3)19.4.89	Hallveig Sveinsdóttir	Gunnlaugur Rögnv./Samúel	Ekki brot	Rallakstursslys
064	4/1989	Jón Sigurðsson/Álafoss	GSE/DV	Brot (ámæ.)	Viðtal við Jón
065	5/1989	Landbúnaðarráðuneyti	GSE/DV	Ekki brot	Landbúnaður
066	6/1989	Íþróttafélag Rvk.	VS/DV	Brot (alvarl.)	Ólögmæt lyfjanotkun
067	7/1989	Sverrir Alb./Vinnan	Blm./Sjóm.bl. Víkingur	Ekki brot	Persónul. hugleiðing/gagnrýni
068	8/1989	Ásm. Guðm. handboltamaður	Róbert Róbertsson/DV	Ekki brot	Íþróttir
069	(1)23.5.90	Ónafng. skjólstæðingur	DV	Ekki brot	Klofn. Minnihl. alv. brot 3-2
070	2/1990	Samtökin '78	Ellert Schram/DV	Ekki brot	Afmörkuð skrif undir nafni, leiðari
071	3/1990	Örnólfur Arnarson	BEE/ÓF Pressan	Brot (alvarl.)	Ferðamáskóli
072	4/1990	Landlæknir	Pressan	Frávísun	Alnæmissjúklingur (leiðrétt-ák.)
073	5/1990	Þórir Stephensen	Hallur Magn./Tíminn	Brot (ámæ.)	Klofningur, 4-1 minnihl. ekki brot
074	6/1990	Foreldrar unglings	Blm. Tímans	Brot (alvarl.)	Mynd af fullum ungliingi
075	7/1990	Gunnar & Gyða	DV (Óttar)	Ekki brot	Aðstandendur morðmáls
076	2/1991	Steve Mintz í Quebec	KMU/Stöð 2	Ekki brot	Rupari Food/landbún.
077	1/1992	Heilsug. Vestm.eyja	Jónas Kr./DV-leiðari	Frávísun	Falli ekki undir (5 gr.)
078	2/1992	Barnaverndarráð Ísl.	8 blm. Bylgju og DV	Brot (alvarl.+ámæ.)	Sandgerðismál
079	3/1992	Hrafn Gunnlaugsson	Helgarblaðið/Pressan	Brot (alvarl.)	Hbl. brotl., ekki Pressan
080	4/1992	Már Péturs bæjarfógeti	Pressan ritstjórni	Brot (mjög alvarl.)	GSE & Anna Hamar, afglöp Más
081	5/1992	Herbert Andersen	GPétur/KI/Helgarblaðið	Brot (alvarl.)	Myndbirting
082	6/1992	Bergljót Bragadóttir	Herdís Þorg./Heimsmynd	Brot (ámæ.)	Sviðsetning myndar
083	7/1992	Þorsteinn Blöndal yfirl.	Jóhanna Sigþórs/DV	Ekki brot	Berklar, heilsuverndarstöð
084	8/1992	Móeiður Júníusdóttir	Samútgáfan/Korpus	Brot (ámæ.)	Óheimil myndbirting
085	9/1992	Landlæknir	GSE/Pressan	Ekki brot	Ummæli í leiðara
086	10/1992	Reynir Z. Santos	ÓEJ/IHJ/Stöð 2	Brot (alvarl.)	Ólafur, ekki Ingvi, myndlyklamál
087	11/1992	Egill Eyfjörð	Pressan (SMJ) Víkurfr. (EPJ)	Frávísun	Leiðréttingakröfu vantar
088	12/1992	Þórarinn Björns & fj.	Morgunblaðið	Frávísun	Minningargrein, aðsent
089	1/1993	Gísli Gíslason bæjarstj.	Stöð 2/Bylgjan	Ekki brot	Ekki igildi nafnbirtingar
090	2/1993	Birgir Guðjónsson	EP/ÁP-Mannlíf	Brot (alvarl.)	Viðtal við bróður kæranda
091	3/1993	Barnavernd/KRS	GSE/TLT-Pressan	Ekki brot	Viðtal við unglinga
092	4/1993	G&S Guðjohnsen	2 blm. tímarits um hunda	Brot (ámæ.)	Hundaræktarfélag Íslands
093	5/1993	Jóhannes Gunnarsson	Ritstjórni DV	Ekki brot	Myndbirting á rýmingarsölu
094	6/1993	Hjörleifur Stefánsson o.fl.	PJ/KThB – Pressan	Brot (mjög alvarl.)	Þjóðminjasafnsdeilur – Ritstjóri brotlegur
095	7/1993	Helgi Bentsson	EH/JÁP/Stöð 2	Brot (ámæ.)	Myndbirting v/næturlífs
096	8/1993	Sigríður Kristinsd./SR	Sigursteinn M./Bylgjan	Engin niðurst.	Upptaka viðtals án vitundar
097	9/1993	Jónína og Guðmundur	Stöð 2 og DV	Ekki brot	Viðtal um kynferðisbrotason
098	10/1993	Gott hopp hf.	Stöð 2/fr.ritari Eyjum	Brot (ámæ.)	Teygjustökksmál
099	11/1993	Heiða B. Hjaltad. & fjölsk.	HTh & BH/Bylgjan	Brot (alvarl.)	Frásögn af handtöku Heiðu
100	1/1994	Kaffi List-fólk	AKM/SGT/Rás 2 RÚV	Brot (ámæ.)	Starfsmannamál hjá List
101	2/1994	Vigdís V. Rosento	ÁG/BG/Tíminn	Brot (ámæ.)	Viðtal við skilinn eiginmann
102	3/1994	Jósafat Arngrímsson	Pressan	Frávísun	Kærufræstur útrunninn
103	4/1994	Carl J. Eiríksson	DV-(Íþróttir)	Ekki brot	Skotkeppni
104	5/1994	Ónafng. 2 stúlkur	ÖP/Ísl.útv.félagið	Brot (ámæ.)	Viðtal við kærændur, gerðu ekki óþekktanlegar
105	6/1994	Björn Blöndal	EPJ/Beztta blaðið Kef.	Brot (ámæ.)	Undirboðsmál
106	7/1994	Borgarspítali (SS)	JBP/Alþýðublaðið	Ekki brot	Ummæli viðmælanda
107	8/1994	Þóra Þórisdóttir	SER/JÁP/Stöð 2	Ekki brot	Lambi slátrað – mál
108	9/1994	Ólína Þorvarðardóttir	GSE/Eintak	Brot (alvarl.)	Stök ómerkt klausa
109	10/1994	Styrmir B. Karlsson	Karl Th/Pressan	Frávísun	Auglýsing ekki ritstjórnarefni
110	1/1995	Fjóra og Ari	Dagsljós RÚV-TV SV/ÁDE	Brot (ámæ.)	Viðtal um antikhúsgögn
111	2/1995	3 nafngreindir	3 á Helgarpóstinum	Brot (alvarl.)	Umfiðullun um Vilborgu Yrsu
112	3/1995	Guðni Ágústsson	3 á Alþýðubl./HP	Brot (alvarl.)	Nýbúar, brot Hrafn Jökulssonar
113	4/1995	Rögnvaldur Hallgrímsson	Fréttast. Stöðvar 2	Ekki brot	Banaslys Suðurlandsvegi

MÁL	MÁL	Kærandi	Kærður	Úrsk.	Nefnd
114	1/1996	Einar Oddur Kristjánsson	HJ/Alþýðublaðið	Brot (alvarl.)	Æsu-mál ólögleg veiði
115	2/1996	Sverrir Ólafsson	Ritstj. Morgunblaðsins	Ekki brot	Athugasemd ritstjóra
116	3/1996	Jón Viðar Jónsson	Silja Aðalsteins/DV	Ekki brot	Fjarvera JVJ af málþingi
117	4/96-97	Súsanna Svavarsdóttir	PV/Helgarpóstinum	Brot (alvarl.)	Frétt & mynd dómsmáli Apple
118	5/96-97	Grétar Miller	EPJ/Suðursnesjafn.	Frávisun	Ummæli um útvarpsþátt, gagnaskortur
119	6/96-97	Sveinbjörn Dagfinnsson	SÁ/JKr./DV	Brot (ámætl.)	Ráðn. -/launamál SD
120	7/96-97	Pálmi Jónasson	H.Jök./Mannlíf	Ekki brot	Steiner-mál
121	1/97-98	Tryggvi Sveinbjörnsson	EiHj/Stöð 2	Brot (ámætl.)	MMbúð o.fl., Eiríkur ekki brot
122	2/97-98	Sjóvá-Almennar	Jóhanna Sigbórs/DV	Ekki brot	Vátryggingarútböð
123	3/97-98	Íbúi á Kjalarnesi	ÓS/EH //DV	Ekki brot	„Lýktandi landgræðsla“
124	4/97-98	Hrafnhildur Guðmundsd.	BB/KP/AJ/Séð&heyrt	Brot (mjög alvarl.)	Umgengismál fráskiðna
125	5/97-98	Böðvar Bragason	ESJ/SJH/Dagur	Ekki brot	Myndbirting BB og sonar
126	6/97-98	Haraldur B. Böðvarsson	PM/HH/PJ/Stöð2-Bylgjan	Ekki brot	Líkamsárás Vegas
127	1/98-99	Þór Jónsson Stöð 2	ÁF/Visir/Frjáls fjölmiðlun	Brot (ámætl.)	Fréttastuldur/hótunarbref
128	2/98-99	Guðrún+Pétur Kristj.	EM/PJM tímar. Allt	Ekki brot	Dómsmál barna gegn föður
129	3/98-99	Ástþór M./Friður2000	SJH/Dagur	Ekki brot	Fréttir af Ástþóri
130	4/98-99	Ólafur Sigurðsson	Morgunblaðið	Frávisun	Umb.skristf. fyrirseta, aðild
131	5/98-99	Kolbrún Aðalsteinsdóttir	Morgunblaðið	Ekki brot	Eskimo models
132	6/98-99	Björn Friðfinnsson	Dagur	Ekki brot	Skrif „Garra“
133	1/99-00	Heimir Karlsson	DV	Ekki brot	World wide waves
134	2/99-00	Hallur Hallsson	Gerard Lemarquis AFP	Frávisun	Gerard kom ekki að efninu, Keiko
135	3/99-00	Gerard Lemarquis AFP	Hallur Hallsson	Frávisun	Ummæli í erl. blaði, Keikó
136	4/99-00	Árni Gunn. vþingm.	ÓBK/GK/DV	Ekki brot	Sandkorn
137	5/99-00	Hrafn Gunnlaugsson	Kristín Jóh./RÚV	Ekki brot	Myrkráhöfðinginn
138	6/99-00	Óðinn Jónsson	Atli Rúnar Halldórsson	Frávisun	Auglýsingar utan siðanefndar
139	7/99-00	VEH/Salon VEH	HG/DV	Ekki brot	Verðkönnun hárgreiðslustofum
140	1/00-01	Jón Ásg. Sig. fréttam.	RÚV	(ekki úrsk.)	Brotkast fiskiskipum
141	2/00-01	GG/Engjaskóli	RT/DV	Ekki brot	Eiturlyfjasala skólum
142	3/00-01	Sigríður S Þorleifsdóttir	Stöð 2	Ekki brot	Mynd í „leitað“ frétt
143	1/01-02	Ísland-Palestína	RÚV-TV/Ól. Sig.	Brot (alvarl.)	Ferð ÓS Israel – ÓS ekki brot
144	2/01-02	Sig. G. Guðjónsson	BE/EH/RÚV-TV	Brot (ámætl.)	Norðurljósamál
145	3/01-02	Þórunn S Aðalsteinsdóttir	Eiríkur Jónsson/DV.	Ekki brot	Viðtal við Ólaf Sigurvinsson
146	4/01-02	María Ellingsen	SKB/GKG/Mannlíf	Ekki brot	Forsíðuviðtal við ME
147	5/01-02	Davíð Þór Jónsson	DV	Frávisun	Tímafrestur útrunninn
148	1/02-03	Sparisjóður Keflavíkur	HK/SER/DV	Brot (ámætl.)	Ekki Höður brotlegur, bara DV
149	2/02-03	Ragnar Sigurðsson	MBL/Vikurfr./Suðurn.fr.	Ekki brot	Sparisjóður Keflavíkur
150	3/02-03	Tanja Þorsteins lækni	EIR/Fréttablaðið	Brot (ámætl.)	Konur í sorptunnum (erlendar)
151	4/02-03	Björn Ó. Hallgrímsson	RT/JTR/DV	Ekki brot	Réðst á flugfreyjur, flugdólgur
152	5/02-03	2 ónafng. einstaklingar	PÁÁ/ÓBK/DV	Brot (alvarl.)	„Myrti ókunna konu“ – Ekki ÓBK
153	6/02-03	HG/Eddu-útgáfa	GSE/ Fréttablaðið	Ekki brot	Smádálkur
154	7/02-03	Alþjóðahús	Fréttablaðið	Ekki brot	Nýbúar – gervihjónabönd
155	8/02-03	Viðistaðaskóli/SB	DV	Brot (alvarl.)	Lyfjagjöf í skólanum
156	9/02-03	Nafnleynd	GS/Stöð2-Bylgjan	Ekki brot	Atvík í sundlaugum
157	10/02-03	Nafnleynd	GKG/Mannlíf-RÚV-TV	Brot (mjög alvarl.)	RÚV líka en leiðrétti, kistulagning
158	1-2/03-04	Óska nafnleyndar	HJ/Ísl.útfr/Í bitíð	Ekki brot	Erótísk nuddstofa
159	3/03-04	Einar Þór Gunnlaugsson	ÁS/BBB/Land&synir	Frávisun	Greinarskrif
160	4/03-04	Jón Ólafsson	RÚV/SH+PJ	Ekki brot	Skattamál Jóns
161	5/03-04	Þorst. Viglunds./BM Vallá	Viðsk.bl./ÖV+HH	Ekki brot	Einkavæðing sementsins
162	6/03-04	Yfirlæknar LSP	DV	Brot (alvarl.)	Andlát barns, læknamistök
163	1/04-05	Magnús Ragnarsson	Þróstur Emils/Fréttabl.	Frávisun	Ummæli í tölvupósti, birting
164	2/04-05	Halldór Bjarnason	Ingvi Hrafn/Útv Saga	Frávisun	Aðild/hagsmunatenging forseti
165	3/04-05	Ægir Geirdal	Fréttablaðið og DV	Frávisun	Ófullnægjandi kæra
166	1/05-06	Theodór Sk. Sig.	DV	Brot (mjög alvarl.)	Nafn/mynd sjúklings hermannaveiki
167	3/05-06	Geir Jón Þórisson	DV	Brot (ámætl.)	Sonur lögreglustjórans
168	2/05-06	Jón G. Gestsson	Stöð 2	Ekki brot	Slagsmál ungmenna, afsökunbeiðni
169	4/05-06	Harpa Haralds Kruger	EIR/DV	Ekki brot	Ómeðvituð þungun
170	5/05-06	Runólfur Gunnlaugsson	JBG/JKr/DV	Ekki brot	Dómur fasteignasala
171	6/05-06	Ólafur Einarsson	EIR/JKr/DV	Brot (ámætl.)	Hafnirskur gleraugnsali
172	7/05-06	Ólöf Ýrr Atladóttir	ÞE/visir.is	Ekki brot	Myndbirting

MÁL	MÁL	Kærandi	Kærður	Úrsk.	Nefnd
173	9/05-06	Steingrímur Ólafsson	DV	Brot (alvarl.)	Klofningur, 3-2 minnihl. ekki brot
174	8/05-06	Heilbr.eftirlit Suðurnesja	BD/DV	Brot (ámæl.)	Njósdir bréfbera
175	10/05-06	Óskar nafnleyndar	VG/BG/PBB/DV	Brot (alvarl.)	Ræstingakona grunuð
176	1/06-07	Andrés Bertelsen	NFS	Ekki brot	Bruni í togara
177	2/06-07	Óskar nafnleyndar	MT/BBG/Séð&heyr	Ekki brot	„Næsti gjössovel“
178	3/06-07	Sigurður Jónsson	Morgunblaðið	Frávisun	Taldist leiðrétt
179	4/06-07	Orkuveita Rvk (OR)	SME/GAG/TH/Blaðið	Brot (ámæl.)	Hengillssvæði ekki leyfi
180	5/06-07	Vilborg H. Ísaksdóttir	Fréttablaðið og DV	Ekki brot	Andlát fíkils
181	6/06-07	Félag Transgenderfólks	Séð og heyr	Frávisun	Aðildarskortur
182	1/07-08	Jónína Bjartmarz	RÚV-TV-(Kastljós)	Brot (alvarl.)	Ríkisfang tengdasonar
183	2/07-08	Svavar Kjarval/Istorrent	SBH/Morgunblaðið	Ekki brot	Rapelay tövuleikur
184	3/07-08	Eva Hauks/Saving Iceland	RÚV	Ekki brot	Frásögn af mótmælum
185	4/07-08	Ingjaldur Arnþórsson	TH/DV	Brot (alvarl.)	Um persónuleg málefni
186	5/07-08	Rannveig Rist	Þórður Snær – blogg	Frávisun	Umfjöllun á bloggi, kærufrestur
187	6/07-08	Halina Zylinska	PK/HBB/Víkurféttir	Brot (ámæl.)	Ruslapokar/nafngreining
188	1/08-09	KS/Álftanesslisti	GÖÚ/ÞP/Fréttablaðið	Ekki brot	Skipulag Álftanesi
189	2/08-09	Guðmundur Þóroddsson	ÞA/RÚV	Ekki brot	Viðskilnaður GP við OR
190	3/08-09	JHG/SER BYKO	IFV/DV	Ekki brot	Björsmýgl via Byko
191	4/08-09	Myllan	LPA/Stöð 2	Ekki brot	Vörumerkingar
192	1/09-10	Óskar nafnleyndar	(Baldur G)/DV	Brot (ámæl.)	Jóels-mál
193	2/09-10	Stefán Guðmundsson	Karen Kjartansd./Stöð 2	Brot (ámæl.)	Forsjárdeila (brot að hluta)
194	1/10-11	Óskar nafnleyndar	Sölvi T/Skjárin/Pressan	Ekki brot	Forræðisdeila
195	2/10-11	Björg og Ólafur	Jóhannes KrK/DV	Brot (ámæl.)	MND, lækningu lofað?
196	3/10-11	Gylfi Arnbjörnsson	Eyjan.is	Frávisun	Leiðrétting framkvæmd
197	4/10-11	Vottar Jehóva	SvH/RÚV-TV	Brot (ámæl.)	Vottar & kynferðisbrot
198	5/10-11	Björgvin Björgvinsson	Víðir G./visir.is	Niðurfellt	Leyst utan siðanefndar
199	6/10-11	Björgólfur Thor Bj.	ÓJ/SD/Spegillinn	Ekki brot	Björgólfsmál
200	7/10-11	Baldur Sigurðsson	Pressan.is	Ekki brot	Topless free ride
201	8/10-11	Herborg X	Morgunblaðið	Frávisun	Gagnrýni undir nafni
202	9/10-11	Öryrkjabandalagið	Lóa Pind/Stöð 2	Frávisun	Öryrki
203	10/10-11	Ragnar Ónundarson	SG/HS/Kastljós	Ekki brot	Kortasamráðsmál
204	11/10-11	Landss. fiskeldisstöðva	RÚV	Frávisun	Aðildarskortur – aðfinnsla
205	12/10-11	Hjálmar Vilhj./Fram	HBG/GG/SEP/Fréttabl. //Stöð 2	Ekki brot	Handboltamál
206	1/11-12	Jói útherji	BG/Morgunblaðið	Frávisun	Sérskrif undir nafni
207	1/12-13	Óskar nafnleyndar	Miðlar 365	Ekki brot	Fíkniefnamál íl. í Danmörku
208	2/12-13	Ísak M. Símonarson	Vísir – 365 miðlar.	Ekki brot	Myndbirting v/flugslýss
209	3/12-13	Óskar nafnleyndar	BP/Akureyri vikublað	Ekki brot	Sýkn niðingur barnagæsla
210	4/12-13	Heilbr.st. Vesturlands	Jón. Kr. K./Kastljós RÚV	Ekki brot	Læknastök fæðing
211	1/13-14	Óskar nafnleyndar	Fréttablaðið	Brot (ámæl.)	Fíkniefnamál, mistök ófullnægjandi leiðrétting
212	2/13-14	Egill Gilz & Guðríður	Þóra T./Nýtt líf	Ekki brot	Viðtal upplifun nauðgun
213	3/13-14	2 einstaklingar	SMG/DV	Frávisun	Ófullnægi, leitað leiðréttingar
214	4/13-14	Sölvi Jónsson	Morgunblaðið	Frávisun	Aðsend viðhorfsgrein undir nafni
215	5/13-14	Óskar nafnleyndar	JJK/Stöð 2	Niðurfellt	Dregin til baka (vændi – blörr)
216	1/14-15	Nicolai Jónss/OR	Helgi S./Sigmar G./Kastljós	Ekki brot	Kaup af starfsmanni
217	2/14-15	Óskar nafnleyndar	Björn Þ./Akureyri vikublað	Ekki brot	Grimseyjarmál
218	1/15-16	María Henley	Lóa Pind/Stöð 2	Ekki brot	Skjáskot FB
219	2/15-16	Ólafur Einarsson	Kastljós/RÚV	Ekki brot	„Snákaoliusölumenn“



# Hjartabílar í blíðu og stríðu



Eftir  
Björn Vigni  
Sigurpálsson

*Blaðamenn gengust fyrir söfnun á tveimur fullkomnum sjúkrabifreiðum, svokölluðum hjartabílum í minningu látins félaga. Sá fyrri fór til Reykjavíkur en hinn til Akureyrar. Þeir þóttu valda straumhvörfum í sjúkraflutningum hér á landi vegna fullkomins útbúnaðar. Sá reykvíska varð hins vegar fljótlega að bitbeini og var deilt um hvort staðsetja ætti hann með öðrum sjúkrabifreiðum á slökkvistöðinni eða við vaktahafandi neyðarmóttökur spítalanna þar sem hjartalæknar væru til taks til að fara þegar á vettvang. Reynt var að útrýma heitinu „hjartabíll“ og nota fremur heitið neyðarbíll.*

Haukur Hauksson blaðamaður lést 13. mars 1971. Hann varð bráðkvaddur á heimili sínu aðeins 32. ára að aldri. Hann var þá blaðamaður á Morgunblaðinu en hafði hafið ferilinn á Tímanum. Stétt blaðamanna var talsvert brugðið við tíðindin. Haukur hafði orð á sér fyrir að vera afar flinkur blaðamaður, afkastamikill og hugmyndaríkur. Hann var öllum harmdauði sem til hans þekktu. Sjá: <http://press.is/index.php/component/journalist/107?view=items&layout=detail&catid=103>

Nokku eftir lát Hauks vögnuðu hugmyndir um að fá til landsins sérhæfðan hjartabíl sem sinnti fyrst og fremst bráðatilfellum sem hjartaáföll geta verið. Blaðamannafélagið henti hugmyndina á lofti og ákvað að beita sér fyrir söfnun fyrir slíkum hjartabíl í minningu Hauks Haukssonar. Málið kom til kasta nýkjörinnar stjórnar Blaðamannafélags Íslands hinn 27. apríl 1972 en þá voru þrír kosnir í nefnd til að standa að söfnun Bí fyrir hjartabíl og til samstarfs við Sigurð Samúelsson prófessor. Í nefndina voru kjörnir Árni Gunnarsson, Kári Jónasson og Ólafur heitinn Ragnarsson. Nefndin skyldi ræða við ríkisskattstjóra og Halldór E. Sigurðsson, fjármálaráðherra, um eftirgjöf til skatts á þeim gjöfum sem kynnu að berast.

Á stjórnarfundum 26. maí 1972 kemur fram að Kári Jónasson hefur skrifað ríkisskattstjóra um að framlög til hjartabílsins yrðu undanþeginn skatti en fengið neikvætt svar. Var þá ákveðið að hjóla í fjármálaráðherrann sjálfan og það hefur greinilega skilað tilætluðum árangri.

## Safnað fyrir bíl fyrir Akureyringa

Það gekk samt á ýmsu í söfnuninni, framlögin bárust stundum seint og illa en að lokum hafðist það. Í *Alþýðublaðinu* 29. ágúst 1974 segir svo í fyrir-sögn:

### „Hjartabíllinn fór í 3 milljónir

Bí ætlar að safna fyrir öðrum handa Akureyringum

Blaðamannafélag Íslands afhenti í gær formlega Reykjavíkurbild Rauða krossins hjartabíllinn, sem félagið safnaði fyrir og gaf til minningar um Hauk

Hauksson, blaðamann á *Morgunblaðinu*, en hann lést úr hjartasjúkdómi árið 1971. En Blaðamannafélagið ætlar ekki að láta þar við sitja, heldur hefja þegar aðra söfnun fyrir samskonar bíl, sem á að afhenda Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, en Haukur var ættaður frá Akureyri. Þessi ákvörðun var tekin þrátt fyrir það, að Blaðamannafélagið skuldar enn nokkurt fé í hjartabílnum, en hann kostar kominn á götuna rúmar þrjár milljónir króna, og lánaði Seðlabanki Íslands það sem á vantaði til að leysa hann út. Einnig felldi fjármálaráðherra niður tolla og innflutningsgjöld af bílnum.“

Þarna segir enn fremur: „Upphaflega var gert ráð fyrir að bíllinn kostaði 1,8 millj.króna, en í vor hafði verðbólgan hækkað þá upphæð í 2,4 milljónir, sem síðan hefur hækkað í þrjár milljónir. Þótt bifreið þessi sé nefnd hjartabíll er hún ekki einungis ætluð hjartasjúklingum, heldur öllum þeim, sem eru mikið veikir eða slasaðir, þar sem sjúkraflutninganefnd Reykjavíkur og framkvæmdastjórn ríkisspítalanna töldu ekki grundvöll fyrir svo sérhæfðum bíl. Þarna er því um að ræða neyðarbifreið, sem hefur þó möguleika á að veita hjartasjúklingum nauðsynlega hjálp, en í henni eru hjartalínurit og raflosttæki. Þessi tæki geta aðeins læknað notað, enda ætlast til þess, að lækna séu ætíð til taks að fara með bifreiðum af þessu tagi.

Bifreiðin er af gerðinni Mercedes Benz en innréttuð í Noregi hjá Scan-Rescue í Noregi samkvæmt ströngustu kröfum, sem gerðar eru til sjúkrabifreiða í norðlægum löndum. Í henni eru öll þau tæki, sem gera þjálfuðum sjúkraflutningamönnum kleift að veita bestu hugsanlega hjálp, og í henni

tæki, sem nefnt er atgeir og ætlað til að ná slösuðu fólki, sem klemmst hefur inni í bílflökum. Norskur sérfræðingur í sjúkraflutningum, Tore Larson, er staddur hér um þessar mundir og stýrir námskeiði með slökkviliðsmönnum í notkun bifreiðarinnar, en Slökkviliðið í Reykjavík hefur umsjón með þessari bifreið eins og öðrum sjúkrabifreiðum.

## Deilurnar um staðsetningu

Í þessari frétt er imprað á því sem átti eftir að verða að miklu deilumáli um notkun hjartabílsins. Rauði krossinn sem fékk bíllinn afhentan að gjöf vildi að hann yrði hluti af sjúkrabílaflotanum og sinnti öllum almennum útköllum meðan hjartalækna og sérfræðingar á því sviði töldu að bíllinn ætti að vera staðsettur við neyðarmóttöku spítalanna sem stóðu vaktina hverju sinni. Var bent á að mestu líkur væri á að bjarga sjúklingi á fyrsta klukkutím-anum eftir hjartaáfall.

Í *Morgunblaðinu* 5. október 1974 segir í fyrirögn: **Skilyrði Rauða kross Íslands: Ekki hjartabíll, heldur neyðarbíll.**

„Eins og fram kom í Mbl. í gær hafa hjartasérfræðingar gagnrýnt notkun hjartabílsins og vilja breyta sjúkraflutningakerfi StórReykjavíkursvæðisins, til þess að hann komi að betri notum og verði notaður samkvæmt upphaflegu markmiði, sem stefnt var að með fjársöfnun Blaðamannafélags Íslands. Mbl. ræddi í gær við Eggert Ásgeirsson, framkvæmdastjóra Rauða kross Íslands, og spurði hann um álit á málinu. Eggert sagði: „Þegar þetta stóð fyrst til, var talað um hjartabíl. Málið var kannað nákvæmlega og eftir þá könnun setti Rauði krossinn fram það skilyrði, að um almennan neyðarbíl yrði að ræða. Við kynntum okkur rekstur hjartabíla og neyðarbíla og niðurstaðan varð sú, að það þyrfti mjög margt fólk til þess að skapa grundvöll fyrir hjartabíl og miklar og stórar hjartadeildir á sjúkrahúsunum og með mjög miklum starfsmannafjölda. Í Osló t.d. er slíkur bíll starfræktur frá því klukkan 7 til 10 á kvöldin og við hann starfa 21 svæfingalæknir og skiptast þeir á um að vera í bíln-

um. Athyglisvert er, að það eru svæfingalæknar, sem fara með bílnum, en ekki hjartasérfræðingar. Ástæðan er sú, að svæfingalæknar eru taldir eiga við í fleiri tilfellum en hjartasérfræðingar.“

Er Eggert var á það bent, að upphaflega hafi verið til söfnunarinnar stofnað í því skyni að keyptur yrði fullkominn hjartabíll, sagði hann, að fulltrúar Rauða krossins hefðu þegar frá upphafi tekið mjög skýrt fram, að um almennan neyðarbíl yrði að ræða og sér hefði að mestu tekizt að útrýma orðinu „hjartabíll“ úr blöðum, nema *Morgunblaðinu*. Í þessu væri ekki unnt að gera upp á milli sjúklinga. Eggert sagðist að lokum vona, að áður en langtum liði, yrði unnt að breyta rekstrarformi bílsins og að hann verði rekinn frá sjúkrahúsi beint. Gætu þá t.d. tveir slökkviliðsmenn verið í sjúkrahúsinu á vakt. Tilraunin væri vel þess virði, að hún yrði reynd.“

*Morgunblaðið* lét síðan til sín taka með hálfíðu forysturgrein undir fyrirsögninni Hjartabíllinn hinn 6. október 1974 og sagði þar:

„*Morgunblaðið* vill leggja sérstaka áherzlu á, að hinn nýi hjartabíll er ekki venjulegur neyðarbíl handa slökkviliðinu, svo ágætt starf sem það vinnur í þágu borgaranna að öðru leyti, heldur var fjársöfnunin í því skyni að kaupa sérstakan hjartabíl, sem ekki var til hér á landi áður. Tilgangurinn var fyrst og síðast sá að leggja fram skerf til þess að fækka dauðsföllum af völdum hjartasjúkdóma, ef unnt væri. Nú er að vísu rétt, að slíkur bíll getur ekki komið til hjálpar nema í ákveðnum tilfellum, og hann er dýr í rekstri. Sem betur fer eru hjartatilfelli á höfuðborgarsvæðinu ekki svo mörg, að ekki sé ástæða til að nota hjartabíllinn einnig sem stórslysabifreið, en aftur á móti er engin ástæða til að nota hann í venjulegum neyðartilfellum. Til þess var hann ekki keyptur til landsins og þeir, sem lögðu fram fé til söfnunarinnar, hafa verið blekktir illilega, ef hjartabíllinn verður ekki notaður í þeim tilgangi, sem fyrirhugað var.“

Og Blaðamannafélagið fékk sinn skammt: „Árni Kristinsson læknir sagði, að Blaðamannafélagið hefði í upphafi rætt um bifreiðakaupin við

sérfræðinga sjúkrahúsanna í hjarta-sjúkdómum, en síðan ekki söguna meir. Sérfræðingum í hjartasjúkdómum hefði ekki enn verið syndur bíllinn og má það furðulegt teljast. Formaður Blaðamannafélagsins segir aftur á móti, að bíllinn sé búinn tækjum í samráði við lækna. Hvaða lækna? Og í samráði við hvaða lækna?

Þegar Mbl. hafði tal af formanni Blaðamannafélagsins og spurði hann um mál þetta, svaraði hann einungis: „Aðrir aðilar þjóðfélagsins verða að leysa fram úr því máli og eins fjárhagsvandamálum, er skapazt við rekstur bílsins sem hjartabíls.“

Því miður getur Blaðamannafélag Íslands ekki látið þar við sitja. Félagið tók að sér fjársöfnunina og skylda þess er m.a. að sjá svo um, að hjartabíllinn sé notaður eins og þeim var gefið fyrirheit um, sem gáfu til söfnunar félagsins. Blaðamannafélagið á að halda til streitu, að bíll þessi sé notaður eins og í upphafi var ætlað til, þ.e.a.s. sem hjartabíll fyrst og síðast, en auðvitað er ekki ástæða til annars en að nota hann einnig, þegar stórslys ber að höndum, eins og að fram- an greinir. Blaðamannafélag Íslands getur því ekki vikizt undan ábyrgð. Það verður að knýja á heilbrigðisyrifvöldin að þau leysi þetta brýna hugsjónamál, sem er, eins og stendur, orðið einhvers konar vandræðamál – því miður.“

## Safnað fyrir hjartabíl Akureyringa

Þrátt fyrir þetta reiptog um hjartabíllinn á höfuðborgarsvæðinu hélt Blaðamannafélagið ótrautt áfram að safna fé fyrir hjartabíl á Akureyri. Árni Gunnarsson, fyrrverandi formaður BÍ og formaður söfnunarátaksins, lýsir aðdraganda söfnunarinnar svo í ávarpi við afhendingu bílsins nýrðra í október 1975:

„Snorri Sigfússon, fyrrum námsstjóri, varð níræður 31. ágúst síðastliðinn. Um það leyti afhenti Blaðamannafélag Íslands Reykjavíkurdeild Rauða Kross Íslands hinn umtalaða hjartabíl, eða neyðarbíl, sem reynst hefur framar öllum vonum. Þegar börn Snorra fóru að hugleidda hvernig þau gætu glatt föður sinn á afmælis-



Hjartabíllinn sem fór til Akureyrar.

daginn, sáu þau, að Bláðamannafélagið hafði gert grein fyrir þeim hugmyndum að safna fé til kaupa á hjartabíl fyrir Norðurland. Hjartabíll Reykvíkinga var gefinn til minningar um Hauk Hauksson blaðamann, en hann var fyrsta barnabarn Snorra Sigfússonar, sem hafði á honum mikið dálæti. Í framhaldi af þessu fékk Anna Snorradóttir, dóttir Snorra, þá hugmynd, að rétt væri að þau systkinin gæfu stofnframlag í söfnun til kaupa á hjartabíl fyrir Norðurland. Hún nefndi þessa hugmynd við föður sinn, sem ekki hafði áhuga á persónulegum gjöfum á afmælisdaginn. Snorri fagnaði þessari hugmynd mjög, og eftir að hafa heyrt hana fannst honum annað ekki koma til greina. Eftir að þau systkinin greindu frá þessari ákvörðun vaknaði mikill áhugi meðal vina og frændfólks Snorra á því að stofnframlagið yrði veglegt, og er það nú orðið um hálf milljón króna," sagði Árni og bætti við: „Hjartabíll Norðurlands

verður því tengdur nafni Snorra Sigfússonar og Hauks Haukssonar, barnabarns hans. Vart getur grundvöllur söfnunarinnar verið betri.“

Síðan sagði Árni Gunnarsson: „Þessi bíll verður jafnvel ennþá fullkomnari en bíll sá, sem Reykvíkingar hafa eignast. Hann verður af gerðinni Range Rover, með drifi á öllum hjólum og er því einkar hentugur til flutninga í ófærð og á slæmum vegum. Grind bílsins verður lengd um rúman metra. Á honum verður spil, sem hefur fjögurra tonna dráttarkraft. Grindin verður sérstaklega styrkt og tvöfalt rafkerfi verður í bílnum. Þetta verður fyrsti sjúkrabíllinn á Norðurlöndum, sem búinn verður svonefndum hjartahljóðsendi, sem tengja má við síma eða talstöð.“

Í bílnum verður auk þess hjartalínurit, rafloststæki, slímsogdæla, súrfeinistöki, sjálfvirkur „súrefnissskammtari“, þrjár gerðir af sjúkrabörum, vaskur, fullkomin aðstaða fyrir lækni og

sjúkraliða, sjálfvirk hitakerfi og þannig mætti lengi telja. Ýmis hjálpartæki verða auk þess í bílnum, sem geta komið að notum er alvarleg slys ber að höndum. Á bílnum eru vinnuljós, sem beina má að slysstað, og er óhætt að fullyrða að engu hafi verið gleymt af nútíma tækni, sem getur gert sjúkrflutninga öruggari og eykur líkur á því að fleiri mannslífum verði bjargað.“

Ekki fer frekari sögum af norðlenska hjartabílnum sem virðist hafa sinnt sínu hlutverki farsælllega en hjartabíllinn reykívíski var hins vegar enn í umræðunni. Í leiðara *Vísis* frá því 1. nóvember 1978 segir svo:

„Hjartabíllinn svonefndi, sem Bláðamannafélag Íslands gaf Rauða krossi Íslands á sínum tíma hefur verið rekinn frá Slökkvistöðinni í Reykjavík. Margir efuðust um það að með þeim hætti væri hægt að hafa full not af bílnum við flutning hjartasjúklinga. Í ljós hefur líka komið að hann er notað-



Hjartabíllarnir þóttu valda straumhvörfum í sjúkraflutningum hér á landi vegna fullkomins útbúnaðar. Hér má sjá bíllinn sem fór til Reykjavíkur.

ur til hvers konar sjúkraflutninga og tækjabúnaður hans meira og minna ónotaður. Á læknaráðstefnunni um helgina var upplýst að um helmingur þeirra, sem látast úr bráðri kransæðastíflu deyja á fyrstu klukkustundinni eftir að einkenna verður vart. Mikið er því í húfi að byrja lækni meðferðina strax og unnt er. Full ástæða er til að taka undir kröfur lækna um að hjartabíllinn verði staðsettur við sjúkrahús og rekinn þaðan, þannig að lækni og hjúkrunarkona gætu farið með bílnum að sækja hjartasjúklinga og hægt yrði að hefja meðferð strax á leiðinni á sjúkrahús.“

### Markaði tímamót

Ekki löngu síðar var hjartabíllinn reykvíski allur. Hann hafði verið eftirsóttur í útköll og mikið á ferðinni sem hafði í för með sér að hann lenti oft í umferðaróhöppum og árekstrum. Svo segir í

frétt DV 2. mars 1979: **Hjartabíllinn úr umferð eftir dygga þjónustu – Bíllinn markaði tímamót í sögu sjúkraflutninganna.**

„Hinn svokallaði „hjartabíll“, sem velflestir Reykvikingar kannast við, hefur nú lokið hlutverki sínu sem slíkur. Síðustu daga hefur verið unnið að því að rífa allt innan úr honum og hverfur hann nú úr sögunni sem sjúkraflutningabíll í neyðartilfellum. Fyrir nokkrum árum markaði „hjartabíllinn“ þáttaskil í sjúkraflutningum...“

„Hjartabíllinn“ hefur á liðnum árum orðið fyrir margs konar skakkaföllum, m.a. tvívegis lent í mjög alvarlegum árekstrum. Ótöldum fjárupphæðum hefur verið varið til viðgerðar á honum. En nú þykir slíkt ekki svara kostnaði lengur. En tímamót markaði bíllinn því nú eru ekki annars konar bílar til sjúkraflutninga keyptir en þeir sem búnir eru eiginleikum og tækjum

þessa brautryðjandabíls í sjúkraflutningum á Íslandi.“

Undir þetta tekur Jón Viðar Mattíasson, forsvarsmaður Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Hjartabíllinn var reyndar fyrir hans tíð en hann segir engu að síður að bíllinn eða bíllarnir tveir hafi sett ákveðin viðmið, t.d. varðandi tækjabúnað. Um skeið var reyndar alltaf neyðarbíll til taks við vakthafandi neyðarmóttöku eins og deilan um hjartabíllinn snerist um en það hefur breyst. „Núna höfum við þann háttinn á að best búna sjúkrabifreiðin er alltaf til taks hér í Skógarhlíðinni þar sem við getum mannað hana bráðatækni sem má gefa lyf ef því er að skipta. Við búum þess vegna enn að þessu merkilega frumkvæði blaðamanna. Þeir kunna að setja sig inn í mál og að hafa áhrif til að fylgja þeim eftir, eins og hjartabíllinn sannaði.“

Ný og bætt félagsaðstaða blaðamanna:

# 100 manna veislusalur tekinn í notkun

Nú sér loks fyrir endann á framkvæmdum við fundar- og veislusali í austurenda félagshúsnæðis Blaðamannafélags Íslands að Síðumúla 23 og verður þeim tímamótum fagnað föstdaginn 5. febrúar næstkomandi, en þá eru 37 ár nánast upp á dag frá vígslu húsnæðis BÍ á sama stað.

Það voru jafnframt fyrstu húsnæðis kaup Blaðamannafélagsins en fyrir

þann tíma hafði félagið verið í leigu húsnæði. Húsnæðið í Síðumúlanum var keypt á gamlársdag 1978 og tekið formlega í notkun 3. febrúar 1979. Síðan hefur félagið ekkert frekar gert í húsnæðismálum sínum, ef orlofseignir eru undanskildar, fyrr en nú. Var löngu orðið tímabært að gera nauðsynlegar endurbætur á húsnæðinu og bæta félagsaðstöðuna, enda félaga-

fjöldinn meira en þrefaldast á tímabilinu.

Nýi veislusalurinn er um 120 fermetrar að stærð og tekur um 100 manns í sæti við hefbundið borðhald og mun fleiri þegar hann er notaður til fyrirlestahalds eða með öðrum hætti. Honum er hægt að skipta í tvennt með færanlegu skilrúmi og tekur þá minni salurinn um 40 manns í sæti og



Félagar í BÍ ræða málin í föstudagskaffi í nýjum sal.



Málin rædd á föstudegi. Vinstra megin við borðið standa Hjálmar Jónsson og Kári Jónasson en sitjandi eru Jóhannes Reykdal, Grétar Júníus Guðmundsson og Heiður Helgadóttir. Hægra megin við borðið sitja Björn Vignir Sigurpálsson, Hilmar Karlsson, Guðrún Guðlaugsdóttir og Geir Andersen en standandi er Jóna Th. Viðarsdóttir.



Heiður Helgadóttir virðir fyrir sér glæsilegt veislueldhús sem sett hefur verið upp í tengslum við salinn.



Gangurinn inn í salinn er parketlagður eins og öll hæðin.

sá stærri um 60 manns. Báðir salirnir eru búnir sjálfstæðu hljóðkerfi, skjávarpa og sýningartjaldi, þannig að hægt er að halda fundi í báðum söluunum samtímis ef þörf er á. Ef salurinn er notaður sem heild eru hljóð- og sýningarkerfin samtengd og nýtast sem ein heild.

Jafnframt hefur salernis- og eldhúsaðstaða á hæðinni verið endurnýjuð frá grunni, sem hæfir fundar- og veislusölum af þessari stærð. Salerni fyrir hreyfihamlaða hefur verið útbúið og það ásamt lyftu sem komið var fyrir á síðasta ári gerir það að verkum að húsnæði félagsins er nú loksins aðgengilegt öllum, enda algerlega óviðunandi að félagsaðstaða Blámannafélagsins sé ekki aðgengileg fyrir hreyfihamlaða og aðra þá sem erfitt eiga um gang en eiga erindi við félagið.

Nýi veislusalurinn gjörbyltir allri aðstöðu til félagsstarfa. Félagið þurfti stærri fundarsali undir fundi og námskeið á sínum vegum og þarf nú ekki lengur að leita út í bæ eftir slíkri aðstöðu. Það á eftir að reynast lyklatríði fyrir alla innri starfsemi félagsins í framtíðinni að geta boðið upp á slíka aðstöðu. Þá verður hægt að leigja salina út til félagsmanna fyrir veislu- og fundarhöld á þeirra vegum, en mörg stéttarfélög hafa möguleika á að bjóða félagsmönnum sínum upp á slíka aðstöðu.

Fyrirhugað er að halda samkeppni um nafn á veislusalinn og verður vika í orlofshúsum félagsins að eigin vali í verðlaun.

Kaupin á húsnæðinu og framkvæmdir við endurbætur á því eru að öllu leyti fjármögnuð með eigin fé félagsins.

HJ

# Breytt starfsumhverfi blaðamanna



Eftir  
Birgi Guðmundsson

*Þær gríðarlegu breytingar sem orðið hafa á fjölmiðlamarkaði undanfarinn einn og hálfan áratug hafa óhjákvæmilega haft mikil áhrif á störf og starfsumhverfi blaðamanna.*

Vissulega má segja að kjarni sígildrar blaðamennsku hafi í raun ekki breyst, þ.e. að standa vörð um almannaheill og draga það sem máli skiptir fram „úr launpukurfylgsnunum og halda því upp við birtu sannleikans og siðferðisins fyrir allra augum“, eins og Jón Guðmundsson, ritstjóri Þjóðólfs, orðaði það fyrir næstum 160 árum. En umgjörðin, starfsskilyrðin og aðferðirnar eru gjörólíkar því sem var fyrir áratug. Bæði Alþjóðasamband blaðamanna og Evrópusamband blaðamanna hafa sérhvert haust í mörg ár staðið að átaki til varnar blaðamennsku vegna þess að sótt er að kjarna hennar í breyttu umhverfi. Það er ekki síst markaðsvæðingin og hin allt um lykandi arðsemiskrafa sem alþjóðasamtökin hafa bent á sem samfélagskrafta sem íþyngi blaðamennsku og skapi starfsumhverfi sem þá geri blaðamönnum erfitt um vik að vinna verk sín með þeim hætti

sem þeir helst vildu. Þetta birtist m.a. í kröfum um söluvænlegra efni, aukin afköst fyrir minni laun, meiri lausamennsku og takmarkaðri möguleika til að kafa djúpt í mál.

## Fjögur atriði

Á Íslandi eins og annars staðar hefur fjölmiðlamarkaðurinn þróast í átt til aukinnar markaðsvæðingar og aukinna alþjóðlegra tenginga á undanfórnum árum. Því má búast má við að þrýstingur og aukid álag á ritstjórnnum á síðustu árum birtist a.m.k. á fjórum sviðum. Þessi svið eru:


1. Aukið álag vegna færri blaðamanna og vegna áhrifa tæknibreytinga og kröfu um aukna fjölhæfni meðal annars vegna vinnu við fleiri en eina fjölmiðlagátt. Hér getur verið um að ræða þekkingu á ritstjórnarkerfum eða vefstjórnarkerfum og jafnvel þekkingu á mynd- og hljóðvinnslu.
2. Aukin gagnvirkni milli blaðamanna og fjölmiðlanotenda með tilkomu samskiptamiðla og framboðs efnis frá notendum. Þetta breytir nokkuð eðli starfs blaðamannsins sem verður næmari fyrir sveiflum í tíðaranda og „virkum í athugasemdum“ og þar með eftirspurnarmeðvitadari en ella væri.
3. Aukinn þrýstingur af markaðslegum rótum um hagnað og að fjölmiðlaefni sé „seljanlegt“ eða áhugavert og laði að sem flesta lesendur/auglýsendur. Spurning um æsifréttamennsku, notendakannanir og tillit til auglýsenda eru dæmi um þetta.
4. Aukin „fagmennska“ sérhagsmuna, t.d. almannatengla, við að koma til-

teknum hagsmunum á framfæri og búa þá í form sem getur virkað sem gott og gilt ritstjórnarefni. Þetta gerir vissulega meiri kröfur til greiningarvinnu blaðamanna og dregur fram faglegar áherslur s.s. siðareglur.


Til að ræða þessa þætti nánar er gagnlegt að skoða annars vegar félagatal BÍ og þá þróun sem endurspeglast þar og svo hins vegar alþjóðlega könnun sem kennd er við „Worlds of Journalism Studies“ (WJS). WJS könnunin var framkvæmd hér á landi árið 2012 af aðilum í H.Í. og H.A. og spurt var m.a. um skoðanir og reynslu blaðamanna á ýmsum breytingum sem orðið höfðu í vinnuumhverfi þeirra. Könnunin náði til 209 blaðamanna og svaraði 51% þeirra öllum spurningunum. Hér verða skoðaðar tvær spurningar úr könnuninni, fyrri spurningin er hvort áhrif tiltekinna tólf atriða á starfsumhverfi blaðamanna hafi aukist eða minnkað á undangengnum fimm árum og sú seinni hvort mat viðkomandi sé að mikilvægi tiltekinna fimm atriða hafi aukist eða minnkað á Íslandi.

## Skrifa færri meira?

Ef skoðað er hvernig álag á blaðamenn hefur þróast, þá er ein leiðin sú að skoða hversu margar síður efnis blaðamenn á dagblöðunum þurfa að fylla að meðaltali. Þetta má gera með því að skipta meðalfjölda blaðsíðna með ritstjórnarefni milli fjölda þeirra blaðamanna sem skráðir eru á viðkomandi miðil í félagaskrá BÍ á hverjum tíma. Ljóst er að Morgunblaðið minnkaði mjög verulega eftir að



**Mynd 1** Fjöldi efnissíðna í dagblöðunum á hvern blaðamann. Gögn vantar fyrir DV fyrir 2008. Þá er ekki er hægt að ráða af félagskrá BÍ hve margir blaðamenn störfuðu á DV 2009 og 2010 þar sem þeir voru skráðir sem starfsmenn Birtings.



**Mynd 2** Áhrif þessara atriða á starfsumhverfi blaðamanna hafa aukist nokkuð mikið eða mjög mikið undanfarin 5 ár: Hér má sjá hlutfall þeirra svarenda sem sögðu að atriði hefðu aukist nokkuð eða mjög mikið undanfarin fimm ár.

Fréttablaðið kom fram á sjónarsviðið í byrjun aldarinnar á sama tíma og Fréttablaðið stækkaði. Þá fækkaði síðum eitthvað í öllum blöðunum eftir hrun. Nú síðustu ár virðast morgun-

blöðin tvö hafa náð eins konar jafnvægi og hafa verið á bilinu frá 52-59 blaðsíður að meðaltali á dag. En þrátt fyrir færri síður í dagblöðunum þá hefur síðum á blaðamann ekki

fækkað heldur virðist álagið, mælt á þennan frekar frumstæða mælikvarða, hafa haldist nokkuð svipað síðasta áratuginn eins og sýnt er á Mynd 1.

Það er athyglisvert að breytingin er ekki mjög mikil, sem bendir til að markaðsvæðingin og breytt fjölmiðlaumhverfi hafi haft áhrif á álag, efnistösk og starfsumhverfi í öðrum og nýrri þáttum blaðamannsstarfsins en því sem lýtur beint að því að skrifa fyrir prentútgáfu. Það eru atriði sem einmitt tengjast atriðum sem tínd voru til hér að ofan í fjórum liðum og WJS könnunin varpar ljósi á.

## WJS könnunin

Þessa fjóra liði er því ástæða til að fjalla um hvern fyrir sig. Allir voru þeir með einum eða öðrum hætti skoðaðir í fyrrnefndum tveimur spurningum í WJS könnuninni en þeir lúta að: áhrifum tæknibreytinga; gagnvirkni; auknum þrýstingi á söluvænlega blaðamennsku; og vaxandi áhrif sérfræðinga sem vilja koma sérhagsmunum á framfæri. Heildarniðurstöður úr spurningunum eru sýndar á Mynd 2 og Mynd 3 þar sem annars vegar eru svör úr spurningu um hvort upptalin 12 atriði hafi aukist eða minnkað á undanförunum 5 árum og hins vegar úr spurningu um hvort mikilvægi tilekinna fimm þátta hafi aukist eða minnkað (spurt 2012). Verða þessir þætti nú raktir hver um sig.

## Tæknikunnátta og fjölhæfni


Í seinni spurningunni í könnuninni var beinlínis spurt um mat blaðamanna á mikilvægi tæknikunnáttu og eins og sést á Mynd 3 þá telja yfir 90% blaðamanna að mikilvægi tæknikunnáttu hafi aukist nokkuð eða aukist mjög mikið. Það er vissulega ekki skilgreint frekar hvað nákvæmlega felst í hugtakinu tæknikunnátta (þó notkun leitarvéla sér sérstaklega tilgreind), en gera má ráð fyrir að í því felist ákveðin færni í meðferð staf-rænna skráa, aukin þátttaka í umbroti og þekking á ritstjórnarkerfum auk

úrvinnslu fyrir fleiri en eina gátt fjölmiðils. Ályktun um vinnslu fyrir fleiri en eina gátt er jafnframt studd því að meira en 80% þeirra sem svöruðu könnuninni kváðust vinna fyrir fleiri en eina gátt.

## Gagnvirkni og tengsl við notendur

Í báðum spurningum voru svarendur beðnir um að meta gagnvirkni og notendatengsl með beinum hætti. Í spurningunni (Mynd 2) um mikilvægi kemur fram að rétt tæp 52% svarenda telja að mikilvægi samskipta við notendur hafi aukist nokkuð eða mjög mikið. Í hinni spurningunni (Mynd 2), sem snýr að auknum áhrifum síðustu fimm ár eru í raun fjögur atriði sem skipta máli í þessu samhengi. Það fyrsta fjallar um þátttöku notenda við vinnslu fréttar og eru skoðanir blaðamanna greinilega nokkuð skiptar hvað þetta varðar. Meira en helmingur svarenda telur þetta ekki hafa aukist, en hins vegar telja 43,8% svarenda að þessi þátttaka hafi aukist. Annað atriðið og tengt þessu er spurningin um efni frá notendum. Þar eru niðurstöður mjög skýrar og 84,8% svarenda telja að það hafi aukist nokkuð eða mjög mikið. Viðbúið er að þessi atriði bæði tengist því þriðja sem er notkun á samskiptamiðlum en nær allir eru sammála um að áhrif þeirra hafi aukist verulega næstu fimm ár á undan, eða 96,3%. Loks, í fjórða lagi, er athyglisvert að nefna að viðbrögð frá notendum hafa að mati meirihluta blaðamannanna aukist umtalsvert en 60,3% svara því til að þau hafi aukist nokkuð eða mjög mikið.

Sú heildarmynd sem kemur fram í mati blaðamanna á atriðunum fjórum í spurningunni um aukin áhrif annars vegar og þessu eina atriði í spurningunni um mikilvægi undirstrikar að vaxandi hluti af starfi blaðamannsins á Íslandi felst í því að sinna, eiga í samskiptum við og fylgjast með viðbrögðum notenda. Vissulega hefur slíkt alla tíð verið að einhverju leyti hluti af þessu starfi en svörin benda til að þessi þáttir skipti meira máli nú en áður.



**Mynd 3** Telur þú að mikilvægi eftirfarandi þátta hafi aukist eða minnkað á Íslandi? Hér má sjá mat svarenda á því hvort mikilvægi tiltekinna atriða hafi aukist eða minnkað á Íslandi.

## Markaðssjónarmið

Í fyrri spurningunni í könnuninni (Mynd 2) voru fimm atriði sem tengjast beinlínis markaðssjónarmiðum og rekstrarlegum þáttum. Í fyrsta lagi voru svarendur beðnir um að leggja mat á vaxandi áhrif samkeppni og er greinilegt að blaðamenn finna talsvert fyrir samkeppni milli miðlanna því 67,7% svara því til að hún hafi aukist nokkuð eða mjög mikið. Aukin samkeppni getur birst með ýmsum hætti, t.d. í beinum efnahagsþrýstingi en líka með því að beina gerð ritstjórnarefnis í tilteknar áttir. Í því ljósi er athyglisvert að sjá að 28,8% svarenda segja að þrýstingur um æsifréttafærni hafi aukist nokkuð eða mjög mikið þó mikill meirihluti telji raunar að engar breytingar hafi orðið hvað þetta varðar. Hins vegar segir rúmur helmingur eða 53% svarenda að áhrif notendakannana hafi aukist talsvert sem er mikilvæg vísending líka um hvernig kerfisbundið er verið að reyna að svara eftirspurn eftir tilteknum tegundum ritstjórnarefnis.

Rekstrarmálin virðast líka hafa vaxandi áhrif á störf stórs hluta blaðamanna en rúmur helmingur, eða 54,5%, segja þrýsting um hagnað hafa aukist nokkuð eða mjög mikið undanfarið fimm ár. Heldur færri, eða 43,6%, telja að tillit til auglýsenda hafi


aukist á síðustu fimm árum og flestir, eða 54%, segja að ekki hafi orðið breyting hvað þetta varðar.

Samhliða þessum atriðum í fyrri spurningunni er eðlilegt að skoða tvö atriði úr seinni spurningunni (Mynd 3) um auknið eða minnkað mikilvægi. Þar er bæði spurt um tíma til að afla heimilda fyrir fréttir og um meðalfjölda vinnustunda. Fram kemur að rúmlega 63% blaðamanna telja mikilvægt að tími til að afla heimilda fyrir fréttir hefur minnað nokkuð eða mjög mikið á sama tíma og tæp 60% telja mikilvægt að meðalvinnustundafjöldi hafi aukist. Þannig að blaðamenn sjá það sem mikilvæga breytingu að samhliða lengri vinnudegi gefist styttri tími til að afla heimilda fyrir fréttir.

Heildarmyndin hvað markaðs- og sölusjónarmið varðar er að stórir hópar blaðamanna segja að samkeppni og markaðsþrýstingur hafi verið að aukast undanfarið fimm ár, en álíka stór hópur eða stærri telur þó þessa hluti ekki hafa breyst.

## Almannatenglar

Í fyrri spurningunni er beinlínis spurt um áhrif almannatengla og telur rúmur meirihluti svarenda að áhrif þeirra hafi hvorki aukist eða minnkað. Hins vegar er tiltölulega stór minni-



Umtalsverður tími í starfi nútímablaðamanns fer í að vakta samfélagsmiðlana.

hluti, eða 48,4% (Mynd 2), sem telja að áhrif þeirra hafa aukist nokkuð eða mjög mikið. Áherslu nokkuð stórs hluta svarenda á að vægi síðareglna og menntunar blaðamanna hafi aukist má m.a. skoða í þessu ljósi. Bæði þessi atriði tengjast faglegu sjálfstæði blaðamanna og verða mikilvægari í flóknari og ágengari umhverfi ýmiss konar sérhagsmuna.

### Lærdómur

Séu niðurstöður dregnar saman koma eftirfarandi tvö atriði í ljós. Í fyrsta lagi hefur blaðamönnum á dagblöðunum fækkað frá 2004 og helst sú fækkun nokkuð í hendur við samdrátt í síðufjölda blaðanna. Hefðbundið starf blaðamanna á dagblaði, að skrifa efni

sem birtist í blaðinu, hefur því ekki minnkað þótt síðum fækki og hefur síðufjöldi á starfandi blaðamann haldist nokkuð stöðugur á stærri blöðunum frá 2004 til 2013.

Í öðru lagi hafa ýmis áhrif markaðsvæðingar sem hafa áhrif á vinnuskilyrði blaðamannanna og efnistösk komið til viðbótar „hefðbundnu“ starfi þeirra að skrifa í blað (eða fréttir í ljósvakamiðil). Þessir þættir hafa vissulega sumir hverjir lengi verið fyrir hendi á ritstjórnnum í einhverjum mæli, en hafa aukist verulega og flækja og íþyngja ritstjórnarvinnunni. Þetta eru annars vegar áhrifaþættir sem rekja má til tæknibreytinga og aukinna möguleika í samskiptum. Þar er um að ræða vöktun og þátttöku á samfélagsmiðlum og samskiptum við not-

endur og svo krafa um tæknilega þekkingu og fjölhæfni og skilvirkni. Hins vegar er áberandi bein krafa og meðvitund um rekstrarlegan grundvöll útgáfunnar og mikilvægi þess að „varan“ ritstjórnarefni seljist, bæði gagnvart lesendum og auglýsendum.

Þessi stutta skoðun á starfsumhverfi íslenskra blaðamanna gefur því tilefni til að ætla að varnaðarorð og átök til varnar blaðamennsku lík þeim sem alþjóðleg samtök blaðamanna hafa staðið fyrir undanfarin ár, eigi ekki síður erindi á Íslandi en annars staðar í Evrópu. Breytingarnar hafa orðið miklar og birtingarmynd vinnuálags og atriða sem ógna sjálfstæðri blaðamennsku eru e.t.v. ekki eins sýnileg og oft áður, en engu að síður jafn raunveruleg.

# Frábært tæki sem aldrei er ógn

## Fólkið er á vefnum og samfélagsmiðlum, segir Anna Kristín Pálsdóttir á RÚV

„Samfélagsmiðlar eru tvímælaust góð viðbót við hefðbundna fjölmiðlun. Þessir miðlar eru aldrei ógn að mínu mati, heldur frekar frábært tæki til að koma málum á framfæri, skapa umræðu og fylgjast með viðhorfi ólíkra notenda gagnvart málum og mönnum“, segir Anna Kristín Pálsdóttir.

Hún hefur starfað sem fréttamaður á Ríkisútvarpinu síðustu árin en hverfur senn til starfa á sviði verkfræði, í samræmi við menntun sína. Í fréttamenskunni hefur hún verið í kviku atburða og stemningu stunda og margir miðla myndum úr slíku á félagsmiðlum. Það getur nýst fjölmiðlafólki vel.

### Innblástur og hugmyndir

„Ég nota daglega Facebook, Twitter, Snapchat, Instagram og LinkedIn. Sjálf skrifa ég lítið til opinberrar birtingar á þessa miðla en nota þá þeim mun meira til að senda skilaboð á hugsanlega viðmælendur, fá innblástur eða kalla eftir hugmyndum. Núna nýlega komu samfélagsmiðlar

sér vel í leit að hrekkjavökugleðskap sem mátti mynda fyrir sjónvarpsfréttir,“ segir fréttakonan.

Félagsmiðlar eru ekki ómissandi og fjölmiðlamenn geta vel lifað án notkunar þeirra, segir Anna Kristín. Það er hins vegar hennar mat að fylgist fréttamenn með þessum miðlum geti slíkt hraðað vinnslu efnis og vikki oft sjóndeildarhring fréttamanna. Samskipti í gegnum samfélagsmiðla

síður á miðlunum eða með því að fylgjast með umræðu utan eigin vana- og fylgjendahóps.“

### Merkingarlausar fréttir en föng-uðu stemningu

Anna Kristín segir að uppspretta fréttu í gegnum samfélagsmiðla geti verið ýmiss konar. Stjórnálamenn taki til dæmis oft þátt í umræðu í gegnum sína persónulegu Facebook-síðu. Þar skrifi þeir um þeirra sýn til ákveðinna samfélagsverkefna eða mál-efna líðandi stundar. Þar geti stundum verið fréttir að finna. Sömuleiðis verði oft færslur um áhugaverð samfélagsverkefni eða reynslusögur að fréttum.

„Oft eru þetta færslur um efni í léttari kantinum þó vissulega séu oft mikilvæg innlegg í alvarlegri umræðu þar á meðal. Fólk deilir líka oft fréttum frá miðlum sem eru ekki í manns eigin nethring og það getur því opnað augu manns fyrir nýju, áhugaverðu efni.“

Aðspurð um hvort innslög og stöðu- færslur á fésbók séu annars nægi-

**„Fólkið er á vefnum og samfélagsmiðlum. Þá verða fréttirnar að skila sér þangað. Fjölmiðlar laga form sitt að lesendum sínum hverju sinni.“**

geti oft verið hraðari og skilvirkari en til dæmis símtöl eða fundir.

„Fréttamenn sem nýta samfélagsmiðla við fréttavinnslu verða að gæta þess að mínu mati að sækja efni víða. Notkunin má ekki takmarkast við nána vini og fjölskyldu heldur verður að leita lengra fyrir innblástur og fréttafefni; til dæmis í gegnum ýmsar sér-



„Fréttir eru oft einnig skrifaðar fyrir stundina og stemninguna líkt og færslur á samfélagsmiðla,“ segir Anna Kristín Pálsdóttir á RÚV.

lega traust heimild til að skrifa frétt samkvæmt segir Anna Kristín að slíkt þurfi að vega og meta í hverju tilviki fyrir sig. Hver skrifar, um hvað og í hvaða samhengi. Rétt eins og símtal eða fundur sé heimild blaðamanns geti slíkt verið það sem skrifað er á samfélagsvef.

„Fréttir eru oft einnig skrifaðar fyrir stundina og stemninguna líkt og færslur á samfélagsmiðla. Fréttir af frægum tónlistarmönnum eða leikurum hér á landi, væru ekkert merkilegar ef sömu atriði gerðust utan

Íslands. Nægir þar til dæmis að nefna heimsókn Bieber hingað til lands fyrr á þessu ári. Fréttirnar voru frekar til skemmtunar og til að fanga stemningu, en nokkuð merkingarlausar að öðru leyti.“

### Tækninýjungar skili sér í fjölmiðlun

Nú er stór hluti fjölmiðlunar í dag kominn yfir á netið. Sérðu fyrir þér að þróunin verði áfram í þá átt, að fréttum sé miðlað inn á félagsmiðla þar

sem fólk getur sett upp þann glugga og valið sér fréttir og vini? Er þetta framtíðin, að texti, mál og mynd séu ein deigla?

„Án efa. Fólkid er á vefnum og samfélagsmiðlum. Þá verða fréttirnar að skila sér þangað. Fjölmiðlar laga form sitt að lesendum sínum hverju sinni. Tækninýjungar eiga að skila sér líka í fjölmiðlun. Það hefur gerst síðustu áratugi og verður áfram þróunin í framtíðinni, tel ég líklegt. Fólk les vefsíður, samhliða blöðum og horfir á fréttatíma óháð línulegri dagskrá.“ –sbs

# Víðsýnni umræða og betri fréttamennska

## Vafasamt að taka fréttir af Facebook án staðfestingar, segir Sunna Sæmundsdóttir á Mbl.is

„Að mínu mati eru notkun samfélagsmiðla orðin nauðsynleg í starfi blaðamanna, og jafnvel enn frekar fyrir þá sem vinna á netinu, þar sem mikill hraði er á upplýsingaflæði og allir keppast um að vera fyrstir með fréttirnar,“ segir Sunna Sæmundsdóttir, blaðamaður á Mbl.is.

Hún hefur starfað á ritstjórn Morgunblaðsins í nokkur ár og þegar skrifað er fyrir Netið skiptir miklu að fanga upplýsingarnar strax og koma fréttinni í loftið.

„Margir nota félagsmiðla sem samskiptatól við umheiminn og ég fylgist því t.d. með stjórnámálumönnum, fyrirtækjum, stofnunum og stjórnendum á Facebook og Twitter til þess að hafa góða yfirsýn yfir þetta allt saman og fá fréttirnar beint í æð,“ segir Sunna. „Ég held ég sé einnig búin að skrá mig í flesta hópa sem til eru á Facebook, marga sem ég skammast mín nánast fyrir að nefna á nafn, en ég er líklega löngu búin að tapa allri Facebook-sómatilfinningu hvað þetta varðar. Við snögg yfirlit yfir hópalistann virðist ég t.d. hafa brennandi áhuga á vændi, fíkniefna- og áfengissölu, megrunarráðum,

snyrtivörum og umræðum um allar stjórnámálahreyingar.“

Sunna segir að þegar hún renni yfir félagsmiðlana telji hún sig fá ágæta tilfinningu fyrir því sem er að gerast þá stundina og skiptir máli. Hvað vill fólk vita og hvaða fréttir verða þar af leiðandi lesnar?

„Ég fylgist með stjórnámálumönnum, stjórnendum og öðrum sem hafa gaman að því að tjá sig um málefni

**„Fólk er ekki lengur bara að ræða fréttir við vini og vandamenn heldur að viðra sínar skoðanir fyrir framan þúsundir manna.“**

líðandi stundar. Þá fylgist ég með mörgum innlendum og alþjóðlegum fyrirtækjum á Twitter. Fréttirnar spretta alls staðar upp og það sem mér finnst t.d. skemmtilegt við samfélagsmiðla er að samskipti neytenda og fyrirtækja eru að miklu leyti komin á netið og opin fyrir allra augum,“ segir Sunna og bendir á að nú eigi allir greiðari leið að fjölmiðlum en áður var.

### Sjá fréttir úr ógrynni upplýsinga

„Á félagsmiðlum á þessum síðum geta smáfyrirtæki á landsbyggðinni verið jafn áberandi og stórfyrirtæki í bakgarði fjölmiðilsins. Ég held að þetta geri starf blaðamanna, sem þurfa að sía góðar og alvöru fréttir úr ógrynni af upplýsingum, jafnframt krefjandi, en mér finnst sumt efni stundum fljóta of greitt í gegn.“

Facebook, Twitter og myndaveita Instagram eru þeir félagsmiðlar sem Sunna fylgist með. Tvær fyrstnefndu fréttaveiturnar segir hún að hafi oft skilað sér ágætum fréttum en hin síðastnefnda hafi – skiljanlega - sjaldnast orðið uppspretta einhverra fréttar. „Ég nota miðlana samt á mismunandi hátt þar sem ég fylgi einnig öðrum fréttasiðum á Twitter, en ekki Facebook. Ég hef oft rekið mig á að fréttir erlendra miðla lenda á Twitter-síðu þeirra áður en þær birtast á heimasíðu minni,“ segir Sunna og heldur áfram.

„Mér finnst þó vafasamt að taka fréttir af Facebook án þess að fá frekari staðfestingu á þeim, líkt og stundum er gert. Ef ekki næst í viðkomandi, og mikið liggur á, getur það verið í lagi en bara ef um opinbera og mjög



„Fréttirnar spretta alls staðar upp og það sem mér finnst t.d. skemmtilegt við samfélagsmiðla er að samskipti neytenda og fyrirtækja eru að miklu leyti komin á netið,“ segir Sunna Sæmundsdóttir.

skýra framsetningu er að ræða. Ég held að við séum bara að upplifa byrjunina, svo hröð hefur þróun í félagsmiðlun verið. Þróunin hefur verið mjög hröð og mikil krafa er gerð til fjölmiðla um að ganga í takt við það. Hefðbundnir fjölmiðlar þurfa að finna leið til þess að gera sig ómissandi á markaði þar sem allt flæðir í upplýsingum og vera óhræddir við breytingar.“

### Stíga fram með mismunandi sjónarhorn

Á öllum tímum glímur fólk við þá áleitnu spurningu hvernig framtíðin verði. Á vettvangi fjölmiðla er þessi

spurning sérstaklega áhugaverð, enda hefur starfsumhverfi blaða- og fréttamanna gjörbreyst á undanförunum árum og óskir neytenda eru sömu leiðis aðrar en var.

„Ég sé fyrir mér að fjölmiðlar verði gróflega í tveimur flokkum og önnur gerðin verði hálfgerðir samfélagsmiðlar þar sem fréttir eru hnitmiðaðar og settar fram í stuttu máli. Eins konar samantekt þess sem er í gangi. Ég held að þessi tegund muni fá aukið vægi þar sem fólk virðist sífellt vera á meiri hraðferð,“ segir Sunna Sæmundsdóttir.

„Hin gerðin verða þessir hefðbundnu fjölmiðlar sem kafa dýpra

ofan í málefnið og skapa sér einmitt sérstöðu vegna þess. Ef við lítum á þróunina til þessa má í stuttu máli benda á vefsetrin Nútímann á móti Kjarnanum, það er léttara efni andspænis alvarlegri tón. Samfélagsmiðlunin er að mínu mati bara kostur fyrir hefðbundna fjölmiðlun og störf blaðamanna, sem nú eiga greiðari aðgang að öllum skoðunum. Fólk er ekki lengur bara að ræða fréttir við vini og vandamenn heldur að viðra sínar skoðanir fyrir framan þúsundir manna. Þar geta allir stigið fram með mismunandi sjónarhorn. Þetta leiðir til víðsýnnar umræðu og betri fréttamennsku.“

–sbs

# Freelance blaðamennska er lífsstíll!

**Nordic Freelance Seminar er frábært tækifæri til að kynnst sjónarmiðum og skoðunum annarra norrænna blaðamanna**



Eftir  
Geir A. Guðsteinsson  
freelanceblaðamann

*Ráðstefnur norrænna freelance-blaðamanna, verktaka eða stjórnenda, hafa verið haldnar í mörg ár, síðast 2014 í Korsør í Danmörku og þar áður í Helsinki í Finnlandi. Engin ráðstefna var haldin 2015 þar sem Svíum, sem áttu að halda ráðstefnuna, tókst ekki að fjármagna hana.*

Fyrir efnahagshrunið 2008 var rætt um að komið væri að Íslandi og þá sérstaklega nefnt árið 2015, en ekkert varð af því, kannski af skiljanlegum ástæðum. En kannski koma tímar og koma ráð, og þá fá íslenskir freelance-blaðamenn gott tækifæri til að kynnst kollegum sínum á hinum Norðurlöndunum, ekki bara þeir sem hafa sótt þessar ráðstefnur undanfarin ár á vegum Blaðamannafélags Íslands. Ráðstefnurnar hafa oftast verið haldnar utan höfuðborganna, jafnvel allt

norður í Hell í Norður-Noregi. Síðast þegar Svíar voru gestgjafar, var ráðstefnan haldin í Trollhättan, afar fallegur staður með um 45 þúsund íbúa skammt norðan Gautaborgar.

## Lífsstíll

Að vera freelance-blaðamaður er fyrir flesta sem það starf stunda ákveðinn lífsstíll sem gefur þeim ákveðna vinnugleði. Á ráðstefnu freelance-blaðamanna sem haldin var í Rebild Bakken á Norður-Jótlandi í Danmörku, og hafði þemað „vinnugleði“, var mikið rætt um það hvernig best væri að öðlast ákveðna vinnugleði sem talin var nauðsynleg til að skapa nauðsynleg afköst í vinnu og einnig aðhald þar sem oft er enginn til að fylgja því eftir að verkefni sé unnin tímalega. Það fyllir marga freelance-blaðamenn ákveðinni gleði og spennu að vinna fyrir marga og ólíka viðskiptavini (útgefendur), ekki síst ef þeir eru á mismunandi sviðum.

Almennt voru ráðstefnuþátttakendur sammála um að freelance-blaðamenn væru viðkvæmari fyrir gagnrýni en fastráðnir blaðamenn, og það mætti leita skýringa á því í því að oft væri þeir að vinna undir meira álagi, þ.e. væri stressaðri, enda þyrftu þeir að halda utan um svo marga þræði upplýsinga sjálfir sem valdi því að

þeir séu svolítið „skrúfaðir upp“, viss ótti við að kannski væru þeir að missa af nauðsynlegum upplýsingum orsakandi það. Mikið álag og það að geta ekki ráðfært sig við aðra þar sem freelance-blaðamaður væri að vinna einn gæti orsakað að þeir tækju í einhverjum tilfellum ranga stefnu, ákvarðanatökan væri röng.

Í ljósi þessa gæti einhver spurt hvort þetta væri þá þess virði, en svarið er einfaldlega, já! Þetta er svo skemmtilegur lífsstíll.

## Skoðanaskipti

Svona ráðstefna er nauðsynleg til skoðanaskipta ef við íslenskir blaðamenn eigum að eiga samskipti við norræna kollega okkar. Þau skoðanaskipti eiga sér ekki síður stað utan fundartíma, yfir kvöldverði eða ölglassi. Nokkrar áhyggjuraddir heyrðust vegna þess að á hinum Norðurlöndunum sækir ekki nógu margt ungt fólk í blaðamennsku. Er blaðamennska ekki nógu aðlaðandi? Of krefjandi? Ekki nógu vel greitt fyrir hana? Kannski allt þetta, og það er vissulega umhugsunarefni.

## Mikilvægi Freelance-ráðstefnu

Rætt var nýlega við norræna blaðamenn sem hafa oft setið þessar ráð-



*Greinarhöfundur í bogkeppni.*

stefnur, þau Sus Falch, freelance-blaðamann og talsmann dönsku freelance-blaðamannasamtakanna, Morten Bergholt sem á sæti af hálfu Dana í norrænu blaðamannasamtökunum, Nordic Journalist Union NJF, og Heikki Jokinen, freelance-blaðamann í Finnlandi sem er í varastjórn finnsku blaðamannasamtakanna og á sæti í stjórn alþjóðasamtaka blaðamanna.

Dönsku viðmælendurnir voru fyrst spurðir hvort nauðsynlegt væri að halda Freelance Seminar á hverju ári og hvort júnímánuður væri heppilegasti tíminn. Þau Sus og Morten segja

tímasetninguna ekki nauðsynlega, það sé hins vegar hefð að halda ráðstefnuna á þessum tíma en auðvitað sé hægt að breyta henni ef óskir koma fram um það. Það er að þeirra mati ekki nauðsynlegt að halda ráðstefnu á hverju ári en það sé stórt og flókið verkefni að undirbúa slíka ráðstefnu, og til að viðhalda þeirri reynslu að undirbúa og halda slíka ráðstefnu kunnir að vera hagkvæmt að halda ráðstefnu freelance-blaðamanna á hverju ári. Fyrsta ráðstefnan var haldin árið 1993 í Gautaborg með þátttöku allra fimm Norðurlandanna

og tókst frábærlega. Því var samþykkt að halda þessa ráðstefnu árlega og að Norðurlöndin skiptust á að halda hana. Síðan hafa ráðstefnurnar m.a. verið haldnar í Ebeltoft í Danmörku árið 1994, í Follo í Noregi 1995, í Siikaranta í Finnlandi 1996, í Örenäs Slott á Skáni í Svíþjóð 1997, í Svendborg í Danmörku 1998 en hugmyndin var að þá yrði ráðstefnan haldin á Íslandi, í Sjusjön í Noregi 1999, í Lahti í Finnlandi 2000, í Stokkhólmi 2001, engin ráðstefna 2002 en þá var hugmyndin að halda ráðstefnuna á Íslandi, í Kaupmannahöfn 2003, á Álandseyjum 2009, í Helsingör í Danmörku 2011, í Helsinki 2013 og í Korsör á Sjálandi 2014. Listinn er ekki tæmandi.

Dagskráin er skipulögð af þátttakendum þess lands sem heldur hana hverju sinni og hefst á „mini-möte“ þar sem nokkrir fulltrúar frá hverju landi koma saman og flytja skýrslu um starfsemi síns lands. Flestir fyrirlesarar koma frá gestabjóðinni en á ráðstefnunni er æskilegt að fá álit á efni fyrirlesaranna frá öllum þátttökubjóðunum.

## Önnur störf líka

Danirnir tveir bentu enn fremur á að innan „Freelance Gruppen“ væru ekki aðeins tekin fyrir málefni blaðamanna heldur einnig þeirra sem vinna önnur störf tengd blaðamennsku og útgáfu- starfsemi með mismunandi menntun



*Heikki Jokinen.*



*Sus Falch.*

*Mynd: Per Daugaard.*



*Morten Bergholt.*

*Mynd: Per Daugaard.*

og færni til ýmissa starfa. En aðal-áherslan er lögð á það að fá sann-  
gjörn laun fyrir vinnuna og að fá nóg  
að gera fyrir hvern og einn til þess að  
hafa nægjanlega há laun til þess að  
lífa mannsæmandi lífi og fá greitt fyrir  
höfundarrétt þeirra greina sem birtast  
opinberlega, hvar svo sem það er,  
t.d. í blöðum og tímaritum og í hvaða  
landi sem er í heiminum. Það er auð-  
vitað gert til tryggja að réttur þeirra  
sem höfunda sé virtur að fullu.

„Auk þess leggjum við freelance-  
blaðamenn í Danmörku áherslu á  
betri kjarasamninga og að aðalfélag  
blaðamanna, Danska blaðamanna-  
sambandið DJ, allar deildir þess  
félags, nái að gera nýja kjarasam-  
ninga. Það kemur okkur auðvitað líka til  
góða,“ segir Sus Falch.

## Fleiri verktakar

Þau Sus og Morten segja að samtökin  
í Danmörku hafi verið að stækka og  
ein af ástæðunum sé sú að starfsfólki  
tengt blaðamennsku eins og umbrots-  
mönnum hafi farið fjölgandi og auk  
þess hafi fjöldi freelance-blaðmanna  
aukist. Eigendur fjölmiðla hafa í aukn-  
um mæli ráðið slíka verktaka. Stöðugt  
fleiri dönskum blaðamönnum finnst  
það að mörgu leyti sveigjanleg leið í  
þessari vinnu að vinna að hluta til við  
blaðamennsku á móti annari vinnu,  
jafnvel á sama fjölmiðli. Margir sem  
útskrifast sem blaðamenn byrja sem  
freelance-blaðamenn vegna þess að  
þeir finna ekki fasta vinnu á fjölmiðli  
eftir útskrift.“

## Erfið fjármögnun

Finninn Heikki Jokinen segir að nokkr-  
um sinnum hafi verið á áætlun að  
halda „Nordic Freelance Seminar“ á  
Íslandi en oftast hafi það strandað á  
því fyrst og fremst að það að halda  
svona stóra ráðstefnu með meira en  
hundrað þátttakendum sé mjög kostn-  
aðarsamt. Fyrir nokkrum árum var rætt  
um að halda ráðstefnu í Stykkishólmi  
og beina sjónum þátttakenda m.a. að



*Tónlistartriði eru vinsæl, ekki síst þegar spilað er á óvenjuleg hljóðfæri sem almennt tengjast ekki tónlist.*

náttúru Breiðafjarðar. Enn sem komið  
er hefur ekki fundist neitt úrræði eða  
fjármögnunarleið til að beina ferð svo  
margra freelance-blaðmanna í einu til  
Íslands, gera þetta mögulegt. Ferða-  
málaráð hefur sýnt þessu máli áhuga.

„Árið 2015 var komið að Svíþjóð að  
halda ráðstefnu en því miður tókst  
Svíunum ekki að finna fjárhagslegan  
stuðning fyrir verkefninu. Það gerist  
þrátt fyrir að þátttakendur á ráðstefnu-  
inni greiði sjálfir ferðakostnað og  
þátttökugjöld, en stjórnir blaðamanna-  
samtaka allra Norðurlandanna þurfa  
að gera ráð fyrir þessu í fjárhagsáætl-  
un, hver stjórn fyrir sig,“ segir Heikki  
Jokinen.

## Léttari strengir

Til gamans má geta þess að ekki er  
alltaf setið á fundum á þessum ráð-  
stefnum, einnig er dagskráin brotin  
upp með ýmsum skemmtilegheitum.  
Farið er í gönguferðir um nágrenni  
fundarstaðarins með leiðsögn, þjóð-  
irnar keppa í slábolta (kíló) og á  
hátíðarkvöldverði keppa þjóðirnar í  
söng, og þar er ýmislegt lagt á sig. Í  
Majvik skammt utan Helsinki í Finn-  
landi sameinaðist Ísland Danmörku í  
sláboltanum en í þeirri keppni er  
greinilega komin sú hefð að hvernig  
svo sem gengið er, vinnur heimaþjóð-

in undantekningarlaust! Í söngkeppn-  
inni um kvöldið var Ísland með Sví-  
þjóð með frumsaminn texta, og bar  
sigur úr bítum, enda íslenskur for-  
söngvari! Verðlaunin voru finnskar  
bókmenntir sem til allrar hamingju  
voru töluvert myndskreyttar.

Textinn sem sunginn var af sænsk/  
íslenska hópnunum hafði nokkurn boð-  
skap sem var eftirfarandi:

*Sweden, Norway, Denmark and Finland  
and Iceland too*

*Gathered in Majvik*

*We are working for a better world*

*We are journalists, with a freedom of speech!*

*Freelances, let us unite*

*Show them all*

*We're proud and free*

*We dont think we ask for too much, just respect  
and cash*

*and our authors rights*

*Solidarity is what we need*

*Together we are strong, yeah! We take the fight!*

*Are fair contracts utopia?*

*No. Its a deal we need*

*For democracy*

*Journalism is here to stay, for you and for me,  
and the world as well!*



# Af vettvangi háskólanna

*Á vettvangi háskólanna á Íslandi er á hverju ári unnið umtalsvert starf meðal nemenda við að skoða og rannsaka fjölmiðla og blaðamennsku frá hinum ýmsu hliðum. Afrakstur þessarar vinnu birtist m.a. í lokaritgerðum nemenda sem þeir hafa samið undir leiðsögn kennara.*

Hér á eftir er til fróðleiks birt yfirlit yfir lokaritgerðir frá síðasta vori sem tengjast fjölmiðlun og blaðamennsku og birtur er útdráttur úr ritgerðunum ásamt vefslóð þar sem hægt er að nálgast þær á rafrænu formi á Skemmunni, rafrænu gagnasafni íslensku háskólanna. Hér er ekki um tæmandi yfirlit að ræða, og fyrst og fremst byggt á ritgerðum frá þeim skólum sem kenna fjölmiðlafræði eða blaðamennsku, sem eru Háskólinn á Akureyri þar sem um BA ritgerðir er að ræða og Háskóli Íslands þar sem er um MA ritgerðir að ræða.

## Götin í ostinum: er fréttaflutningur RÚV og Stöðvar 2 uppbyggilegur?

*Gunnar Már Hauksson (HA)*

Viðfangsefni þessa verkefnis er uppbyggilegur fréttaflutningur. Markmið verkefnisins er að reyna að svara því hvort uppbyggileg fréttamennska sé skref til framfara, auk þess að fá einhverja hugmynd um hvort fréttaflutningur RÚV og Stöðvar 2 sé uppbyggilegur eða ekki. Það er gert með því að greina kvöldfréttatíma sjónvarpsstöðvanna yfir samtals tveggja vikna tímabil. Eina viku í febrúar 2015 og aðra í mars 2015. Innihaldsgreiningu er beitt við rannsókn á fréttatímum stöðvanna, út frá ýmsum fjölmiðlafræðilegum kenningum. Fjallað er um ýmsar kenningar um fréttamat og uppbyggilega fréttamennsku, auk þess sem reynt er að svara þeirri spurningu hvað frétt er. Tekin eru viðtöl við fréttastjóra RÚV og Stöðvar 2 auk svæðisstjóra RÚVAK. Kannað er hvert viðhorf þeirra er til uppbyggilegrar fréttamennsku og hvort þeir séu meðvitaðir um hvort fréttaflutningur þeirra sé uppbyggilegur.

Niðurstaða rannsóknarinnar er að fréttaflutningur RÚV og Stöðvar 2 er uppbyggilegur upp að vissu marki en lengi má gott bæta. Niðurstaða viðtalanna er sú að bæði fréttastjórar og svæðisstjóri eru að vissu leyti meðvitaðar um hvort fréttaflutningur þeirra sé uppbyggilegur en líti á það, að verða enn uppbyggilegri, sem stærra verkefni en það þarf endilega að vera.

[http://skemman.is/stream/get/1946/21928/51374/1/BA\\_Uppbyggilegfrettamennska\\_GMH.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/21928/51374/1/BA_Uppbyggilegfrettamennska_GMH.pdf)

## Umfjöllun um kvennaknattspyrnu á Íslandi

*Óðinn Svan Óðinsson 1989 (HA)*

Í þessari rannsókn mun ég fjalla um knattspyrnu á Íslandi sem ég mun skoða út frá skiptingu fréttar eftir kynjum. Tölurnar sem fengust út úr rannsókninni á fréttunum þar ég saman við bæði iðkendatölur og mætingatölur á leiki í deildinni. Rannsóknin náði yfir tímabilið frá 15. júlí 2014 til 15. ágúst 2014. Miðlarnir sem skoðaðir voru í rannsókninni voru Morgunblaðið og vefsíðan Fótbolti.net. Fjöl margar rannsóknir á hlutfalli kynja í fjölmiðlum á Íslandi hafa verið gerðar en engin, svo vitað sé, á knattspyrnuumfjöllun í samhengi við þann áhuga sem deildinni er sýndur.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að umfjöllun miðlanna um Pepsi-deildir karla og kvenna eru í um það bil 70% tilfella um karla og 30% kvenna. Áhorfendadreifing hópsins sem sækir leiki liðanna í þessum deildum sýndi að 90% þeirra sem sækja leiki fara á leiki í Pepsi deild karla. Iðkendatölur sýndu jafnframt að iðkendur í knattspyrnu á Íslandi eru í um 68% tilfella karlmenn.

Notast var við megindlegar rannsóknaraðferðir við gerð þessarar rannsóknar.

[http://skemman.is/stream/get/1946/21929/49121/1/Umfjöllun-um-kvennaknattspyrnu-á-Íslandi\\_\\$00283\\$0029.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/21929/49121/1/Umfjöllun-um-kvennaknattspyrnu-á-Íslandi_$00283$0029.pdf)

## Æðaslög þjóðlífsins; hjartaslög heimsins“: áhrif ljósvakamiðla Bandaríkjahers á íslenska fjölmiðla og samfélag

*Eypór Jóhannes Sæmundsson (HA)*

Markmið þessarar ritgerðar er að gefa innsýn í þá umræðu sem átti sér stað í þjóðfélaginu þegar starfandi voru ljósvakamiðlar á vegum Bandaríkjahers í landinu á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Rýnt var í skrif og umræðu frá þeim tíma auk þess sem leitast var við að skoða hvaða áhrif vera herliðsins hafði á íslenska fjölmiðla. Tekin voru viðtöl við fólk sem starfað hefur í fjölmiðlum eða hefur rannsakað þá. Tilgangur ritgerðarinnar er að sjá hvort þessir miðlar hafi í raun markað spor í sögu fjölmiðla á Íslandi og haft áhrif á tungumál og menningu þjóðfélagsins. Niðurstöður gefa til kynna að áhrif af völdum miðla Bandaríkjahers hafi verið margvísleg og víðtæk á íslenska fjölmiðla sem og samfélagið í heild.

[http://skemman.is/stream/get/1946/21822/49026/1/Eypór\\_Sæmundsson\\_æðaslög.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/21822/49026/1/Eypór_Sæmundsson_æðaslög.pdf)

## Öllu valdi fylgir ábyrgð: íslenskt mál og ábyrgð fjölmiðla

Hörður Þórhallsson (HA)

Meðferð tungumálsins á fjölmiðlum hefur mikið verið til umræðu að undanförunu og þykir mörgum það hafa versnað. Hraði í fréttáflutningi hefur aukist heilmikið og á sama tíma virðist hafa dregið úr kröfum um vandað málsnið. Í þessari rannsókn var rætt við talsmenn nokkurra íslenskra fjölmiðlafyrirtækja og spurst fyrir um þær kröfur sem gerðar eru til málfars og málnotkunar á miðlunum. Spurningar voru samdar í samræmi við íslensku málstefnuna sem samþykkt var á Alþingi árið 2009. Athugað var hvort íslensk málstefna hefði áhrif á vinnubrögð fjölmiðla og hvort fjölmiðlar telji sig sinna ábyrgðarhlutverki gagnvart íslenskunni.

Helstu niðurstöður sýndu að fjölmiðlar telja sig hafa misjöfn- um skyldum að gegna þegar kemur að málfari. Allir leggja þeir áherslu á vandað mál, þó það sé skilgreint á ólíkan hátt milli miðla. Mismunandi kröfur eru gerðar til málnotkunar eftir eðli miðils og umfjöllunarefnis og ekki eru gerðar sömu kröfur um málsnið á efni fyrir ungt fólk og efni fyrir eldra fólk.

[http://skemman.is/stream/get/1946/21827/49106/1/BA Lokaverkefni\\_OlluValdiFylgirAbyrgd\\_HordurThorhallsson.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/21827/49106/1/BA_Lokaverkefni_OlluValdiFylgirAbyrgd_HordurThorhallsson.pdf)

## Unglingar og efnishyggja: áhrif óbeinna auglýsinga á neyslumynstur unglunga

Erna Kristín Kristjánsdóttir (HA)

Fyrirtæki eru í síauknum mæli farin að auglýsa óbeint í gegnum hvers lags afþreyingarefni. Sögupersónur notast við hinar og þessar vörutegundir sem verða þess valdandi að þeir sem á horfa finna hvata innra með sér til að eignast samskonar hlut. Unglingar eru einn hópur neytenda sem fer sífellt stækkandi og eftirsóknarvert er að móta neyslunjur

þeirra strax svo framtíðarviðskiptavinir séu tryggðir. Líkt og með aðra sem horfa á sjónvarp, leika sér í tölvum og fara í kvikmyndahús bera unglungarnir þess merki að þessi aðferð virkar. Drengirnir láta sig dreyma um flotta bíla, alls kyns græjur og tölvur og vilja vera vöðvastæltir og í góðu formi. Stúlkurnar kaupa sér samskonar fatnað, símahulstur og fylgihluti og sögupersónurnar og berjast við það að vera sem grennstar og glæsilegastar. Þessi þróun í auglýsinga- iðnaði hefur þó ekki heltekið ungmennin. Unnin var eigin- leg rannsókn meðal nemenda í grunnskóla á Akureyri. Þar voru 10 unglingar í 9. og 10. bekk spurðir út í efnisleg og andleg gæði og gildi þeirra. Enn glittir í gömul gildi á borð við það að leggja pening inn á banka og reyna að safna sér fyrir þeim hlutum sem þig langar í. Einnig er fjölskyldan enn mikilvægust og þó að draumar um frægð og frama blundi meðal unglunganna þá eru þeir raunsærir. Þeir setja sér við- ráðanleg markmið og stefna að námi og vinnu sem mun sjá þeim farborða í framtíðinni.

[http://skemman.is/stream/get/1946/21821/48880/1/ Unglingar\\_og\\_efnishyggja\\_pdf\\_daemi.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/21821/48880/1/Unglingar_og_efnishyggja_pdf_daemi.pdf)

## Hjartað í starfsemi staðarmiðla: er munur á viðhorf- um blaðamanna/ritstjóra héraðsfréttablaða í Grimsby annars vegar og Akureyri hins vegar til mikilvægis og hlutverks staðbundinna miðla?

Freydís Eir Freysdóttir (HA)

Tilgangur þessa verkefnis var að komast að því hvort greina mætti mun á viðhorfum hjá ritstjórum fréttablaða í bæjarfélögunum á Akureyri á Íslandi annars vegar og Grimsby á Englandi hins vegar um mikilvægi og hlutverk staðarfjölmiðlunar. Framkvæmd var viðtalsrannsókn þar sem rætt var við fjóra ritstjóra á staðarblöðum, tvo á Akur-



eyri og tvo í Grimsby. Allir ritstjórnir hafa talsverða starfsreynslu úr fjölmiðlaumhverfinu eða frá sex árum til 25 ára. Þeir voru spurðir sömu spurninga tengdum mikilvægi og hlutverki staðarmiðla. Þrjú þemu komu sterklega í ljós og var búið til greiningarlíkan til að skoða þau í samhengi við rannsóknarspurninguna. Einnig var fjallað fræðilega um þætti eins og fjölmiðla almennt, staðarfjölmiðlun og nálægðarvandann og niðurstöður tengdar við það.

Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að ekki er mikill viðhorfsmunur á milli þessara staða en þó mátti greina mun á ákveðnum þáttum. Leiða má að því líkum að muninn megi að hluta til skýra með ólíkum ritstjórnarlegum áherslum en einnig gæti munur á menningu og þjóðarvenjum, sem breiðist út í fjölmiðlana og fjölmiðlaumhverfið, spilað þar inn í.

[http://skemman.is/stream/get/1946/21823/48961/1/BA\\_FEF.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/21823/48961/1/BA_FEF.pdf)

## Upplifun íþróttakvenna á fjölmiðlaumfjöllun: eru íþróttir karla merkilegri en íþróttir kvenna?

*Garðar Stefán Nikulás Sigurgeirsson (HA)*

Markmið þessarar ritgerðar var að kanna hver upplifun íþróttakvenna er á íþróttaumfjöllun á Íslandi í dag. Rannsóknir fyrri ára sýna fram á, að það sé gríðarlegt misrétti á milli kynja og virðist það hafa átt sér stað árum saman á Íslandi hvað varðar íþróttaumfjöllun. Karlarnir fá ekki bara margfalt meiri umfjöllun heldur er líka munur á því hvernig er fjallað um þá. Þetta er í takt við allt annað misrétti sem konur hafa þurft að lifa við í gegnum tíðina.

Til þess að fá innsýn og skilning á því hvernig íþróttakonur upplifa íþróttaumfjöllun var notast við eiginlegar rannsóknaraðferðir. Það voru haldin tvö rýnihópaviðtöl við konur úr liðum í efstu deild kvenna í knattspyrnu og handbolta. Megin niðurstöðurnar úr þessum viðtölum voru þær að íþróttakonurnar eru ekki ánægðar með íþróttaumfjöllun á Íslandi. Umfjöllunin um þær sjálfar væri léleg og um íþróttir kvenna í heild sinni. Þær telja að það gæti verið orsök fyrir skorti á kvenkyns fyrirmyndum fyrir yngri iðkendur sem gæti verið hluti af því að það er meira brottfall hjá stúlkum en drengjum úr íþróttum. Báðum rýnihópunum fannst að fjölmiðlarnir fjölluðu um íþróttir karla eins og þær væru mikilvægari en íþróttir kvenna. Þær sýndu því þó ákveðinn skilning og að það væri ekki aðeins þáttur fjölmiðlanna sem réði þessu.

[http://skemman.is/stream/get/1946/21824/50457/1/Upplifun\\_íþróttakvenna\\_á\\_fjölmiðlaumfjöllun.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/21824/50457/1/Upplifun_íþróttakvenna_á_fjölmiðlaumfjöllun.pdf)

## Er kynjaslagsíða í staðbundnum miðlum?: rannsókn á hlutfalli kvenna sem viðmælendum í vikublöðunum á Akureyri

*Helga Guðrún Þorsteinsdóttir (HA)*

Viðfangsefni þessarar rannsóknar er að skoða kynjahlutfall í svökölluðum opnuviðtölum í staðbundnum miðlum. Ákveðið var að gera rannsókn á hlut viðmælenda í vikublöðunum á Akureyri. Gerð var rannsókn á hlutfalli kyn-

anna í opnuviðtölum í Akureyri Vikublaði og Vikudegi. Í ljós kom að það hallar á hlut kvenna í þessum miðlum. Einnig var innihald viðtalanna skoðað, hvað efnistöð varðar. Hlutfallið var einnig skoðað á hvorum miðli fyrir sig. Fyrri rannsóknir um konur og fjölmiðla hér á landi voru skoðaðar í þessu samhengi og fjallað almennt um hlutverk fjölmiðla í nútímasamfélögum. Einnig er fjallað um sögu íslenskra staðarmiðla og hlutverk þeirra. Rannsóknin á opnuviðtölum var gerð á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014. Í úrtakinu voru samtals 95 blöð, 48 blöð frá Vikudegi og 47 frá Akureyri Vikublaði. Ákveðið var að taka einungis fyrir opnuviðtöl og því var 12 blöðum frá Akureyri Vikublaði sleppt við greininguna vegna þess að engin opnuviðtöl voru í þeim eintökum. Í þessari ritgerð er greint frá niðurstöðum þessarar rannsóknar og eru þær helstar að það hallar á konur því það eru síður tekin viðtöl við þær, í opnuviðtölum, en karla. Þegar staðarblöðin eru tekin saman er hlutfallið 32% konur og 68% karlar en þegar hvor miðill fyrir sig er skoðaður kemur í ljós að hlutfallið er ívið betra fyrir konur hjá Akureyri Vikublaði en Vikudegi.

<http://skemman.is/stream/get/1946/21826/48863/1/BA-ritgerð-yfirlitin-loka.pdf>

## Tækið í stofunni: fjölmiðlanotkun fólks 80 ára og eldra

*Þorsteinn Roy Jóhannsson (HA)*

Í þessari rannsókn var fjölmiðlanotkun fólks á aldrinum 80 ára og eldri skoðuð. Skoðaðar voru hugmyndir fólks í stjórnunarstöðum á fjölmiðlum um fjölmiðlanotkun fólks 80 ára og eldra og hvort þær hugmyndir passa við notkunina sjálfa. Athugað var hvort það hefði áhrif á niðurstöðurnar ef úrtakið væri frá 12 ára aldri og upp úr og einnig var þeirri spurningu varpað fram af hverju úrtakið væri ekki frá 12 ára aldri og upp úr.

Við gagnaöflun var notast við eiginlegar rannsóknir. Notast var við opin og hálfstöðluð viðtöl við 15 eldri borgara, 3 einstaklinga í stjórnunarstöðum á fjölmiðlum og tvo aðila frá Capacent Gallup. Stuðst var við spurningalista í viðtölum, og voru þau tekin upp á diktafón.

Helstu niðurstöður sýndu að einstaklingar sem komnir eru á níræðisaldur eru yfirleitt virkir fjölmiðlanotendur. Ef svör úrtaksins eru tekin saman má færa rök fyrir því að hugmyndir fólks í stjórnunarstöðum, um fjölmiðlanotkun þessa aldurshóps, séu nokkuð rökréttar. Hins vegar verður að taka tillit til þess hversu lítið úrtakið er og því er ekki hægt að fullyrða neitt í þeim efnum. Til þess að fá nákvæm svör við þeirri spurningu þyrfti að bæta aldurshópnum 80 ára og eldri inn í núverandi mælingar.

[http://skemman.is/stream/get/1946/21832/48766/1/B.A.\\_Lokaverkefni\\_PRJ.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/21832/48766/1/B.A._Lokaverkefni_PRJ.pdf)

## „Halló, heyrist í mér?": staða kvenna í útvarpi á Íslandi

*Kristín Þóra Jóhannsdóttir (HA)*

Tilgangur þessa verkefnis er að reyna varpa ljósi á stöðu kvenna í íslensku útvarpi og komast að því hvers vegna



konur eru töluvert færri en karlar bæði sem starfsmenn í dagskrárgerð og/eða sem viðmælendur í fjölmiðlinum.

Þrjár mismunandi aðferðir voru notaðar til að kanna kynjahlutfallið í útvarpi á Íslandi. Fyrst greindi höfundur kynjahlutföll í útsendingu helstu útvarpsstöðva á Íslandi á ákveðnu tímabili; Rásar 1, Rásar 2, Bylgjunnar, FM957, K100 og X977.

Því næst voru tekin viðtöl við dagskrárstjóra tveggja helstu útvarpsmiðla á Íslandi, Bylgjunnar og Rásar 2, til að fá þeirra álit á þeirri niðurstöðu sem rannsóknin leiddi í ljós. Fyrra viðtalið var tekið við Ívar Guðmundsson, dagskrárstjóra Bylgjunnar og það síðara við Frank Hall, dagskrárstjóra Rásar 2.

Að lokum fengust fjórar núverandi og fyrrverandi útvarpskonur til að svara spurningalista á tölvutæku formi sem innihélt opnar spurningar, m.a. um upplifun þeirra á að starfa við útvarp sem og mögulegar ástæður þess að konur starfa síður og heyrast minna í útvarpi en karlar.

Helstu niðurstöður verkefnisins eru á þá leið að breyta þurfi verklagi við ráðningar inn á útvarpsmiðla. Einnig þurfi að fjölga konum í útvarpi svo mýtan um að „kvenraddir hljómi verr en karlaraddir“ deyi út og vaninn verði sá að eðlilegt teljist að kvenraddir heyrist jafnt á við karla í útvarpi. Að lokum þurfa konur að vera óhræddar við að koma sér á framfæri og vera öruggari á að gefa kost á sér í viðtöl.

<http://skemman.is/stream/get/1946/21829/48832/1/BAritgerð.pdf>

## Words of triumph: the use of rhetoric in newspapers during the Reykjavík 2014 municipal election campaign

Ari Brynjólfsson (HA)

This thesis analyses the 2014 municipal elections in

Reykjavík and explores the use of rhetorical devices by candidates and political parties during the last month of the election campaign in the three biggest newspapers in Iceland. A chapter on every participating party is provided with a discussion about its place in the political landscape before the campaign, a rhetorical analysis on campaign advertisements and an analysis of rhetorical devices used by top candidates. Ensuing the analysis is a comparison between the used rhetorics and an evaluation on their success by using the official election results.

## Fréttaveitan Facebook. Notkun og viðhorf íslenskra fréttamiðla á samfélagsmiðlinum Facebook

Hrefna Rós Matthíasdóttir (HÍ)

Internetið hefur veitt notendum sínum nær ótakmarkað aðgengi að upplýsingum. Með tilkomu vefs 2.0, þegar samfélagsmiðlar ruðu sér til rúms, breyttist netið þannig að notendur meðtóku ekki einungis upplýsingar, heldur fóru einnig að framleiða þær. Facebook er vinsælastur samfélagsmiðla og mikill meirihluti Íslendinga notar miðilinn. Íslenskir fréttamiðlar nýta sér hann til að koma efni sínu á framfæri. Þeir deila þó yfirleitt ekki öllum þeim fréttum sem birtar eru á þeirra eigin vefsíðum, en hverju deila þeir þá? Reynt er að svara því í þessari rannsókn. Notast er við kenningar um vald og dagskráráhrif fjölmiðla og reynt að komast að því hvort fréttamiðlar deili mikilvægum fréttum á Facebook eða hvort það sé frekar vettvangur fyrir áhugaverðar og skemmtilegar fréttir.

Fimm fréttamiðlar eru viðfangsefni rannsóknarinnar, Vísir.is, Mbl.is, Fréttastofa RÚV, Kjarninn og Nútíminn. Niðurstaða rannsóknarinnar er að dagskrárvald fréttamiðla er minna á samfélagsmiðlum en í hefðbundnum fréttamiðlum. Þeir geta

ekki stýrt því hvaða fréttir verða sýnilegar heldur byggist það á reikniáferðum Facebook og því hversu vinsæl fréttin er hjá fylgjendum síðunnar. Þær fréttir sem fá mikil viðbrögð, læk, deilingar og athugasemdir verða mest áberandi á Facebook. Stærstu fréttir dagsins eru ekki endilega þær sem eru mest áberandi á samfélagsmiðlinum.

<http://skemman.is/stream/get/1946/21130/48546/1/MA-ritgerð-Hrefna-Rós-Matthíasdóttir.pdf>

## Blaðaljósmyndun í fortíð og nútíð. Lífir fagið af stafrænu byltinguna og breytta tíma á fjölmiðlamarkaði?

*Ásdís Ásgeirsdóttir (HÍ)*

Blaðaljósmyndun hefur breyst gífurlega á síðustu áratugum og kemur margt til. Tækniframfarir, stafræna byltingin og fjármálakreppa ásamt aukinni samkeppni á fjölmiðlamarkaði hefur stuðlað að því að fagið sem slíkt er gjörbreytt frá því sem áður var. Skoðað var í þessari ritgerð hvernig fagið hefur breyst í heiminum en einnig var einblínt á Ísland og þá sérstaklega Morgunblaðið. Farið var í sögu blaðaljósmyndunar og hvernig hún þróaðist með árunum. Trúverðugleiki ljósmyndar var skoðaður svo og áhrif nýrrar stafrænnar tækni á fagið. Til þess að komast að niðurstöðu var beitt bæði eigindlegum og megindlegum rannsóknaraðferðum. Tuttugu tölublað Morgunblaðsins voru skoðuð á tuttugu ára tímabili til að sjá þróunina í blaðaljósmyndum og gerð var grein fyrir niðurstöðum úr þeirri rannsókn í máli og myndum. Einnig voru tekin viðtöl við núverandi og fyrrverandi blaðaljósmyndara Morgunblaðsins og þeirra sýn fengin á málinu. Athugað var hvort fagið hafi lifað af þessa nýju stafrænu tíma og aukna samkeppni eða hvort blaðaljósmyndun sem fag sé að hverfa og ný starfsgrein að líta dagsins ljós. Niðurstaðan er sú að gamla starfsheitið eigi ekki lengur við en nýtt starfsheiti gæti verið stafrænn blaðamaður, margmiðunarblaðamaður eða sjónrænn blaðamaður.

<http://skemman.is/stream/get/1946/20993/48407/1/Blaðaljósmyndun í fortíð og nútíð.pdf>

## PRAISE ME! How Iceland's dailies report on New York Times articles about Iceland

*Anna Andersen (HÍ)*

Markmið þessa rannsóknarverkefnis var að rannsaka viðbrögð Íslendinga við því hvernig umheimurinn fjallar um þá, nánar tiltekið með því að grannskoða fréttir Fréttablaðsins og Morgunblaðsins um Íslandstengda umfjöllun dagblaðsins New York Times. Rannsóknin leiddi í ljós að af þeim rúmlega 3.000 greinum sem innihéldu orðin „Iceland“ eða „Icelandic“ sem birtust í New York Times á tíu ára tímabili, frá 2004 og út árið 2013, fjölluðu 445 sérstaklega um tiltekna íslenska persónu, stað eða fyrirbæri. Greinarnar voru greindar í flokka, eftir umfjöllunarefni og tíðni. Að lokum, til þess að veita samanburð, var áþekkt greining framkvæmd á umfjöllun sambærilegra miðla á Möltu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að talsvert algengara var að íslensku dagblöðin tækju til umfjöllunar greinar sem New York Times birti um Ísland en að maltversku blöðin fjölluðu um greinar New York

Times þar sem Malta kom við sögu. Einnig reyndist marktækur munur á því hvernig íslensku dagblöðin og þau maltversku stóðu að umfjöllun sinni. Maltversku blöðin notuðu jafnan greinar New York Times, þar sem Malta kom við sögu, sem heimildir fyrir eigin greinar um sama efni, en íslensku blöðin áttu helst til að líta á greinar New York Times um Ísland sem fréttæfni í sjálfa sér. Þessu til stuðnings má nefna að um helmingur íslenskra dagblaðagreina sem til rannsóknar voru lögðu áherslu á í fyrirsögn að New York Times hefði lofað Ísland, eða hreinlega sýnt Íslandi athygli. Íslensku blöðin undirstrika þannig ríkan áhuga þjóðarinnar á því að vera í sviðsljósinu og þörf hennar fyrir viðurkenningu utan frá. Samanburðurinn við Möltu gefur til kynna að þetta sé ekki tilfellið með allar fámennar eyþjóðir.

[http://skemman.is/stream/get/1946/21073/48635/1/Thesis\\_FINAL\\_1.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/21073/48635/1/Thesis_FINAL_1.pdf)

## Ungt fatlað afreksfólk í íþróttum: íþróttaiðkun, áhrif fjölmiðla og sjálfstraust

*Tinna Ösp Bergmann Jakobsdóttir (HÍ)*

Markmið rannsóknarinnar var að kanna íþróttaiðkun fatlaðra afreksíþróttamanna. Auk þess að skoða fjölmiðlaumræðu um fatlað íþróttafólk og hvort umræðan hafi áhrif á sjálfstraust þeirra. Einnig er komið inn á mikilvægi íþróttaiðkunar. Í rannsókninni var stuðst við eigindlega rannsóknaraðferð og tekin viðtöl. Viðmælendur voru tveir ungir karlmenn, 23 ára og 30 ára, sem hafa náð góðum árangri í íþróttum.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á það að þátttakendurnir fylgjast vel með fjölmiðlaumræðunni og hvernig og hvort hún hefur áhrif á þá og þá sérstaklega sjálfstraust þeirra. Einnig kemur fram hversu mikil áhrif íþróttaiðkun hefur á heilsu einstaklinganna, bæði andlega og líkamlega. Svo virðist sem umræðan hafi aðallega áhrif á sjálfsöryggi þeirra, sem byggist á því hvort umræðan er jákvæð eða neikvæð. Viðmælendur höfðu sterka skoðun á fjölmiðlaumræðunni og hvað þar mætti betur fara. Þá fannst þeim umræða um fatlað íþróttafólk vera litil og að hana mætti auka verulega. Því má álykta að fjölmiðlafólk þurfi að taka sig á og að auka þurfi almenna fjölmiðlaumræðu um fatlað íþróttafólk.

[http://skemman.is/stream/get/1946/22890/48127/2/Ungt\\_fatlað\\_fólk\\_og\\_afreksíþróttir\\_Tinna\\_Ösp\\_Bergmann.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/22890/48127/2/Ungt_fatlað_fólk_og_afreksíþróttir_Tinna_Ösp_Bergmann.pdf)

## Fjölmiðlar og ríkisstjórnir Íslands. Umfjöllun fjölmiðla um stjórnsmál frá 2003 til 2013

*Ingimar Rolf Björnsson (HÍ)*

Markmið þessarar ritgerðar er, annars vegar, að athuga hvort að munur sé á umfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins um stjórnsmál og, hins vegar, að bera saman fjölmiðlaumfjöllun yfir tímabil og athuga hvort að það sé fjallað á mismunandi hátt um ríkisstjórnir Íslands út frá upphafi eða lokum kjörtímabíla. Notast er við kenningar um dag-skrárvald fjölmiðla, þrískiptingu valdsins og fjölmiðlamótun til þess að undirstrika þau völd sem fjölmiðlar hafa í samfélaginu. Í ritgerðinni er framkvæmd rannsókn og farið yfir

eldri rannsóknir sem að styðja við áður nefndar kenningar og þeim síðan beitt í þeirri rannsókn sem framkvæmd er í þessari ritgerð. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að það er munur á því hvernig fjölmiðlar fjalla um ríkisstjórnir Íslands í upphafi eða lok kjörtímabils. Einnig er greinanlegur munur á Fréttablaðinu og Morgunblaðinu í tengslum við stjórn málaumfjöllun. Helsti munurinn er sá að Morgunblaðið fjallar meira um Samfylkinguna, samborið við Fréttablaðið og Fréttablaðið fjallar meira um Sjálfstæðisflokkinn, samborið við Morgunblaðið.

[http://skemman.is/stream/get/1946/22735/52052/1/BA\\_ritgerð - Ingimar Rolf Björnsson.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/22735/52052/1/BA_ritgerð_-_Ingimar_Rolf_Bjornsson.pdf)

## Opinber umræða í athugasemdakerfum fjölmiðla og ábyrgð á ummælum

*Margrét Þóroddsdóttir (HÍ)*

Í ritgerð þessari verður fjallað um opinbera umræðu í athugasemdakerfum fjölmiðla og ábyrgð á þeim ummælum sem þar eru látnin falla. Einnig verður velt upp hugsanlegri ábyrgð fjölmiðils á þeim ummælum sem skrifuð eru í athugasemdakerfi þeirra. Með tilkomu athugasemdakerfa hafa skapast ný lagaleg álitæfni og lagaleg staða þeirra er ekki allskostar skýr. Með athugasemdakerfum er almennungi boðið að taka virkari þátt í opinberri umræðu í þjóðfélaginu og hefur koma þeirra gefið rödd lesenda meira vægi. Athugasemdakerfi fjölmiðla hafa allt frá upphafi sætt mikilli gagnrýni og sú opinbera umræða sem þar fer fram á það til að vera nokkuð óvægin.

Í upphafi ritgerðarinnar verður fjallað um þær reglur sem til staðar eru varðandi ábyrgð á efni fjölmiðla samkvæmt lögum um fjölmiðla nr. 38/2011. Í þriðja kafla ritgerðarinnar verður fjallað með almennum hætti um athugasemdakerfi fjölmiðla og þau sérstöku álitæfni sem upp geta komið. Í fjórða kafla verður fjallað um þá umræðu sem fer fram í athugasemdakerfum fjölmiðla á Íslandi. Í fimmta kafla verður greint frá gildandi reglum um ábyrgð milligönguáðila, en samkvæmt lögum nr. 30/2002 heyra athugasemdakerfi fjölmiðla undir gildissvið laganna. Í sjötta kafla verður fjallað um ábyrgð á ummælum í athugasemdakerfum og hvort til greina komi að gera fjölmiðil ábyrgan á þeim ummælum sem þar eru látnin falla. Í sjöunda kafla verður fjallað um dóm Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem fjölmiðill var gerður ábyrgur fyrir nafnlausum ummælum í athugasemdakerfi sínu. Loks verður í áttunda kafla fjallað stuttlega um erlenda löggjöf um viðfangsefnið. Í níunda kafla verður stuttlega fjallað um helstu leiðir sem fjölmiðlar erlendis hafa farið í viðleitni sinni til að hafa stjórn á umræðum í athugasemdakerfum sínum. Loks verður í tíunda kafla gerð grein fyrir helstu niðurstöðum.

<http://skemman.is/handle/1946/22260>

## Fylgissveiflur þriggja stjórn mála flokka og birtingarmyndir þeirra í sjónvarpsfréttum

*Einar Sigurvinsson (HÍ)*

Í þessu verkefni voru birtingarmyndir þriggja stjórn mála flokka í sjónvarpsfréttum Sjónvarpsins og Stöðvar 2 skoð-

aðar. Stjórn mála flokkarnir voru Besti flokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna árið 2010 og Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn fyrir Alþingiskosningarnar árið 2013.

Í báðum tilfellum átti stuðningur við Besta flokkinn og Framsóknarflokkinn eftir að aukast hratt samkvæmt könnunum á meðan fylgi við Sjálfstæðisflokkinn dróst saman. Skoðaðar voru allar fréttir um flokkana í sjónvarpsfréttum, 57 dögum fyrir hvorar kosningarnar. Fréttirnar voru metnar eftir því hvort þær voru jákvæðar, neikvæðar eða hlutlausar fyrir annan hvorn stjórn mála flokkinn. Við mat á fréttum var stuðst við skýrslu Creditinfo sem unnin var eftir Alþingiskosningarnar 2013.

Verkefnið var unnið út frá kenningu þeirra Maxwell McCombs og Donald Shaw um dagskrárhif fjölmiðla en einnig var farið yfir kenninguna um bein og milliliðalaus áhrif, innrömmunaráhrif og hlutdrægni.

Niðurstöðurnar sýndu að um Besta flokkinn voru sagðar fleiri jákvæðar fréttir en um Sjálfstæðisflokkinn í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna 2010. Einnig voru fleiri fréttir neikvæðar fyrir Sjálfstæðisflokkinn en fyrir Besta flokkinn. Svipuð mynd kom upp þegar fréttir í aðdraganda Alþingiskosninganna 2013 voru skoðaðar. Fleiri fréttir voru jákvæðar fyrir Framsóknarflokkinn en Sjálfstæðisflokkinn. Á sama tíma sögðu sjónvarpsstöðvarnar færri neikvæðar fréttir fyrir Framsóknarflokkinn en Sjálfstæðisflokkinn. Fréttaflutningur beggja sjónvarpstöðva var nauðalíkur hvað varðaði afstöðu til flokkanna.

<http://skemman.is/stream/get/1946/21121/48749/1/BA-Einar.pdf>

## Eru karlar sýnilegri en konur í fjölmiðlum? Staða kvenna í tveimur helstu prentmiðlum Íslands

*Ragnheiður Hera Gísladóttir og Kristín Ósk Elíasdóttir (HÍ)*

Þegar birtingarmynd kynjanna í fjölmiðlum er skoðuð, má sjá að konur eru aðeins brot þeirra sem þar birtast. Þá gildir einu hvort um sé að ræða blaðamenn, viðmælendur eða það fólk sem nefnt er í fréttum. Í rannsókninni var skoðaður hlutur kvenna í tveimur helstu prentmiðlum landsins, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Gerð var innihaldsgreining á sjö virkum dögum í byrjun árs 2015.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar studdu niðurstöður fyrri rannsókna um stöðu kynja í fjölmiðlum; að konur séu um 30% allra þeirra sem koma að fjölmiðlum, hvort sem um er að ræða fréttaskrifarana sjálfa, hlutfall sem viðmælendur í fréttunum eða sem umfjöllunarefni fréttanna (fólk í fréttum). Niðurstöður voru ennfremur í samræmi við rannsóknir nefndar um konur og fjölmiðla á Íslandi sem kom út árið 2001. Fjórátán árum seinna eru konur enn minnihluthópur í fréttum á Íslandi. Þegar skoðað var kynjahlutfall fréttaskrifara á rannsóknartímabilinu mátti sjá að karlar skrifuðu um 80% allra fréttu. Karlar voru einnig fleiri meðal viðmælenda og hærra hlutfall þeirra sem fjallað var um í fréttunum. Þegar þeir mála flokkar sem fréttirnar fjölluðu um voru skoðaðir reyndust karlar vera sýnilegir í öllum flokkum á meðan konur voru 0% viðmælenda í þremur flokkum.

Þegar fréttunum var skipt upp í „harðar“ og „mjúkar“ fréttir voru karlar í meirihluta í hörðum fréttum og konur í mjúkum, hvort sem um var að ræða sem fréttaskrifara, viðmælendur eða fólk í fréttum.

Áhrif þess að konur eru jafn lítið sýnilegar í fjölmiðlum og raun ber vitni, gætu verið talsverð. Það að viðhalda staðlaðri og hefðbundinni hlutverkaskipan kynjanna í fjölmiðlum getur viðhaldið kynjamisrétti og takmarkað tækifæri kvenna.

[http://skemman.is/stream/get/1946/21113/48727/1/BA\\_ritgerð\\_Kristín\\_og\\_Ragnheiður.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/21113/48727/1/BA_ritgerð_Kristín_og_Ragnheiður.pdf)

## Líkami og sjálfsmynd. Áhrif staðalímýnda á líkama og sjálfsmynd vestrænna kvenna

*Kristín Ósk Sigurjónsdóttir (HÍ)*

Á undanförunum áratugum hefur áhugi aukist á hugtakinu líkamsmýnd. Jafnframt hefur rannsóknum varðandi hugmyndir fólks um líkamann fjölgað og þær sýnt að hugmyndir um líkama og sjálfsmynd haldast í hendur. Í almennri umræðu hefur mikil áhersla verið lögð á útlit og hegðun og að allir séu ánægðir í eigin skinni, einkum vegna þess hversu mikil tengsl eru milli sjálfsálits og tilfinninga.

Markmið þessarar ritgerðar er að kryfja þá félagsmótunarþætti sem hafa áhrif á hugmyndir fólks um æskilega líkamssjálfsmynd, útlit og hegðun, og tengsl þeirra við samfélagslegar staðalímýndir. Fjallað verður um uppruna þeirra og áhrif fjölmiðla sem uppsprettu félagsmótunar. Aðallega verður þetta greint út frá áhrifum þess á vestrænir konur og verða hugtökin kona og kvenleiki sérstaklega tekin fyrir. Tekin eru dæmi um hvernig staðalímýndirnar hafa breyst og þróast. Þá verður litið til þeirra áhrifa sem þættirnir hafa á karlmenn og karlmennsku og þá endurspeglun sem á sér stað á milli kynjanna.

Niðurstöður rannsókna gefa til kynna að staðalímýndir hvers samfélags séu eins konar leiðarvísir að hegðun og útliti fólks. Ríkjandi hugmyndum um staðalímýndir er viðhaldið í gegnum orðræðu og fjölmiðla. Það að uppfylla ekki samfélagslegar kröfur um heilbrigði og útlit getur leitt til mikillar vanlíðunar og er oft uppspretta alvarlegri vandamála.

[http://skemman.is/stream/get/1946/20966/48325/1/Kristín\\_Ósk\\_Sigurjónsdóttir.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/20966/48325/1/Kristín_Ósk_Sigurjónsdóttir.pdf)

## Fréttin sem komst aldrei á flug

*Emilía Gunnarsdóttir (HÍ)*

Þessi ritgerð er lokaverkefni til B.A. prófs í félagsfræði við Háskóla Íslands og var hún skrifuð á vormisseri árið 2015. Viðfangsefni ritgerðarinnar er hvernig dagskrárvald fjölmiðla hefur áhrif á samfélagið og málefni líðandi stundar. Kenningar um dagskráráhrif eru prófaðar á fréttuumfjöllun um bænahópinn Lífsvernd. Hvernig birtist bænahópurinn fyrir sjónum samfélagsins? Hafa fjölmiðlar áhrif á magn umfjöllunar og áhuga almennings?

Skóðaðar verða fóstureyðingar út frá lagalegu sjónarhorni og samfélagslegu sjónarhorni, einnig er kaþólska kirkjan skoðuð og viðhorf hennar til fóstureyðinga. Kynnt verður

dagskráráhrifakenning Maxwell McCombs og Donald Shaw og einnig verður fjallað um undirkenningar dagskráráhrifa, innrömmunn og ýfingu. Í kjölfar þessarar umræðu verður skoðuð birtingarmynd bænahópsins Lífsverndar í fjölmiðlum og stuðst við dagsskráráhrifakenningar McCombs og Shaw. Sú tilgáta er sett fram að fréttuumfjöllun um bænahópinn Lífsvernd komist ekki á flug vegna þess að áhugi liggur ekki fyrir umræðum um fóstureyðingar í samfélaginu.

[http://skemman.is/stream/get/1946/21047/48554/1/ritgerð\\_skilpdf.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/21047/48554/1/ritgerð_skilpdf.pdf)

## „Hún var falleg og góð stúlka sem átti framtíðina fyrir sér.“ Birtingarmynd vestrænna fjölmiðla á stríðsbrúðum ISIS

*Lovísa Oktavía Eyvindsdóttir (HÍ)*

Í lok júní 2014 stofnuðu meðlimir ISIS hið Íslamska ríki á landsvæði í Sýrlandi. ISIS eru skilgreind sem íslömsk bókstafstrúarleg hryðjuverkasamtök og eru fordæmd úti um allan heim af ríkisstjórnunum og þjóðar- og trúarleiðtogum. Á stuttum tíma hefur töluverður fjöldi múslima lagt leið sína til Íslamska ríkisins og gengið til liðs við ISIS til þess að leggja hönd á plóg. Karlmennt fara yfirleitt til þess að berjast, konur hafa farið til þess að giftast öðrum meðlimum og talað er um þær sem svokallaðar stríðsbrúðir (e. jihadi brides). Vestrænir fjölmiðlar hafa á síðustu misserum íðulega fjallað um afstöðu og viðbrögð ríkja við uppgangi ISIS í Miðausturlöndum. Opinber afstaða, viðbrögð og fordæming ríkja geta verið áhrifavaldir á hlutlægni fjölmiðla þegar þeir fjalla um meðlimi, nýliðun og stuðning við ISIS. Meginmarkmið þessarar ritgerðar er að varpa ljósi á umfjöllun vestrænna fjölmiðla um stríðsbrúðir með tilliti til kenningaramma sem fjallar um félagslega mótunarhyggju, orientalisma, mengandi og styðjandi kvenleika, konur í átökum og vald og hlutverk vestrænna fjölmiðla. Ég leitast við að svara spurningunni: Gæta vestrænir fjölmiðlar hlutlægni í umfjöllun um stríðsbrúðir eða stýrast þeir af félagslegri mótun og ráðandi hugmyndafræði? Til þess að svara henni tek ég dæmi um stríðsbrúðir frá þremur ríkjum; Ástralíu, Skotlandi og Austurríki og geri óformlega orðræðugreiningu á umfjöllun tveggja þarlendrar fjölmiðla. Niðurstöður leiddu það í ljós að þeir fjölmiðlar sem teknir eru hér fyrir eru hlutdrægir í umfjöllun sinni um stríðsbrúðir þegar tillit er tekið til kenningarammans.

<http://skemman.is/stream/get/1946/20846/47868/1/Lokaskjal.pdf>

## Almannatengsl, umtal og samfélagsmiðlar. Hvaða áhrif hafa samfélagsmiðlar haft á eðli umtals?

*Elín Helga Jónsdóttir (HÍ)*

Umtal er mikilvægt viðfangsefni almannatengsla og meginmarkmið ritgerðarinnar er að komast að því hvaða áhrif tilkoma samfélagsmiðla hefur haft á umtal í samfélaginu. Rannsóknin er eigindleg og því lagt meira upp úr dýpt og skilningi en fjölda svarenda. Burðarás ritgerðarinnar er viðtöl við 11 sérfræðinga á sviði almannatengsla, markaðs-



setningar og samfélagsmiðla í þeim tilgangi að fanga mismunandi viðhorf þeirra, reynslu og þekkinu í þessum efnum. Rannsóknarspurningin er: „Hvaða áhrif hafa samfélagsmiðlar haft á eðli umtals (e. word-of-mouth/small-talk)?“

Niðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós eftirtalin einkenni umræddra breytinga: Í fyrsta lagi breiðist umtal miklu hraðar út með samfélagsmiðlum en áður og er orðið mun umfangsmeira. Í öðru lagi er flæði fréttu gagnvirk, þ.e. fréttir úr ljósvakamiðlum og fréttablaðum eru teknar upp í samfélagsmiðlum og þær ræddar þar, líkt og þegar umtal á samfélagsmiðlum nær inn í fréttir fjölmiðla. Í þriðja lagi eru skoðanaskipti á samfélagsmiðlum mikil útrás fyrir tilfinningar og áberandi er hve mjög umtal sem mótaskast af innra ósætti og gremju getur magnast upp. Í fjórða lagi einkennist umræða og umtal á samfélagsmiðlum af mikilli nánd en að sama skapi mikilli berskjöldun. Samfélagsmiðlar hafa vissulega fært fólk hvert nær öðru og unnið gegn firringu en berskjöldun og einelti eru aðrar hliðar á sama teningi, bæði gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum. Í fimmta lagi virðist umræða á netinu hætta til að verða yfirborðskennd og skorta raunveruleikatengingu. Sjálfhverfa og áköf löngun eftir viðurkenningu annarra á eigin glansútgáfu af veruleikanum býður upp á yfirborðskennd tjáskipti. Augljóst er að slík nálgun getur síðan hæglega kallað fram neikvætt umtal, jafnvel baktal um viðkomandi aðila, hvort sem um er að ræða fólk eða fyrirtæki. Síðast en ekki síst hafa almannatengsl skipulagsheilda haft áhrif á umtal á samfélagsmiðlum á undanföllum árum en slík viðleitni er afar vandasöm og auðvelt að gera illt verra ef nægur skiln-

ingur á eðli miðilsins er ekki fyrir hendi, skilaboð röng eða undirbúningur ónógur með öðrum hætti.

Mikilvægt er að nýta aðferðafræði almannatengsla á faglegum forsendum sem stefnumótandi stjórnþeki og öflugt verkfæri í sókn og vörn. Þá er ekki síður mikilvægt að nýta aðferðafræði markaðsfræðinnar varðandi skilning á óskum og væntingum markhópa – hefðbundin nálgun almannatengsla er ófullnægjandi ein og sér á rafrænum markaðstorgum athygli og umtals. Vænlegast til árangurs er þegar þessar tvær fræðigreinar leggjast á eitt um að nýta sóknarferi í kjölfar nýrra samskiptahátta.

<http://skemman.is/item/view/1946/20319>

## #thinspiration: Samspil fjölmiðla og líkamsmýndar kvenna

*Kristjana Arnarsdóttir (HÍ)*

Markmið ritgerðarinnar er að skoða líkama kvenna í heiminum í dag og velta upp ýmsum spurningum um þá útlitsdýrkun sem ríkir í hinum vestræna heimi. Sjónum verður einkum beint að fjölmiðlum og áhrifum þeirra á líkamsmýnd kvenna. Geta þeir verið áhrifavaldar í upptöku og viðhaldi í auknum tilfellum átröskunarsjúkdóma hjá konum? Hugmyndir femínískra mannfræðinga um líkamann verða skoðaðar og þær bornar saman við þann líkama sem birtist okkur í fjölmiðlum. Fjölmiðlun hefur breyst hratt á undanföllum árum og margir nýir miðlar bæst við þá sem fyrir voru. Í ritgerðinni verða áhrif þeirra skoðuð og rýnt í áhrifamátt auglýsinga sem taka á sig margvíslegar birtingarmyndir. Að lokum verður bent á mikilvægi fjölmiðlalæsis (e.

media literacy) og hvað notendur fjölmiðla geta gert til þess að skilja betur hvað liggur að baki skilaboðanna hverju sinni.

[http://skemman.is/stream/get/1946/20268/46619/3/Kristjana\\_BA\\_ritgerð\\_lokau\\$0301tga\\$0301fa.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/20268/46619/3/Kristjana_BA_ritgerð_lokau$0301tga$0301fa.pdf)

## Íslenskir fjölmiðlar í augum þingmanna. Viðtöl við tólf alþingismenn

*Boði Logason 1988*

Í þessu verkefni birtast viðhorf tólf þingmanna til fjölmiðla. Tekin voru viðtöl við þingmennina þar sem nafnleyndar var gætt. Þingmennirnir voru spurðir út í samskipti sín við fjölmiðla, m.a. hvernig þeim er háttað, hvort þeir hafi neitað að tjá sig við tiltekna fjölmiðla og hvert mat þeirra er á samfélagsmiðlum. Þá voru þingmennirnir spurðir út í viðhorf sín til þriggja prentmiðla, og hvort að munur væri á stjórnmálaumfjöllun þeirra. Sjónarmið þeirra um áhrif eignarhalds, sanngirni fjölmiðla og einkenni vandaðrar blaðamennsku koma einnig fram.

Loks verður greint frá trausti þeirra til tiltekinna fjölmiðla og svör þeirra borin saman við sambærilega rannsókn sem háskólamenn svöruðu. Í einstaka köflum eru svör þingmannanna greind eftir því hvort að þeir tilheyri stjórnarandstöðu eða stjórnarmeirihluta. Í lokaorðum fer höfundur yfir nokkur sameiginleg sjónarmið í svörum þingmannanna.

[http://skemman.is/stream/get/1946/20238/46556/1/BA\\_BODI.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/20238/46556/1/BA_BODI.pdf)

## Frelsi í fjöturum. Var fjölmiðlafrumvarpið 2004 góð hugmynd en illa framkvæmd?

*María Björk Lárusdóttir 1993*

Eitt umdeildasta og pólitískasta mál síðari ára er án efa fjölmiðlafrumvarpið sem lagt var fyrir Alþingi í apríl 2004 af ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, undir forystu Davíðs Oddssonar. Fjölmiðlafrumvarpið svokallaða innihélt nýjar reglur sem höfðu það að meginmarki að setja takmarkanir á eignarhald fjölmiðla. Málið fékk vægast sagt mikla athygli frá landsmönnum, þar sem ósætti ríkti um það hversu hratt frumvarpið var sett fram og ljóst var að það myndi hafa gífurlegar afleiðingar fyrir eigendur fjölmiðlafyrirtækja. Ýmsir töldu frumvarpið ganga ansi hart inn á atvinnufrelsið og að það færi beinlínis í bága við lög um mannréttindi. Í kjölfarið spruttu upp mótmæli og varð andstaða almennings við fyrirhugaðar lagasetningar áberandi. Sú mikla andstaða sem myndaðist í þjóðfélaginu leiddi síðar til þess að forseti Íslands beitti málsskotsrétti sínum í fyrsta skipti í sögu embættisins og synjaði frumvarpinu staðfestingar.

Nú rúmum áratug og bankahruni síðar er áhugavert að skoða hvers vegna það myndast svona afgerandi mótstaða við málið. Hvers vegna sá ríkisstjórn ástæðu til að setja fjölmiðlalög en almenningur ekki? Átti sú gagnrýni sem fjölmiðlafrumvarpið fékk rétt á sér? Leitast verður við svara við þeim spurningum í þessari ritmið, ásamt því að

skoða hvaða afleiðingar það hefur haft í för með sér árin eftir frumvarpið, að hafa engan lagalegan ramma í kringum fjölmiðlarekstur. Hvort ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðla og fréttamanna hafi orðið fyrir áhrifum að einhverju tagi? Stuðst verður við kenningalega bakgrunn efnisins, svo sem dagskrárvald fjölmiðla og þá áhrifavalda sem kenningin um áróðursmódelið leggur fram.

<http://skemman.is/handle/1946/20239>

## Orðspor og trúverðugleiki fréttamiðla: Rannsókn á þremur vinsælustu fréttamiðlum landsins

*Ylfa Kristín K. Árnadóttir 1983*

Fjölmiðlar hafa mikil áhrif í þjóðfélaginu. Þeir veita upplýsingar um það sem er að gerast innanlands og erlendis, hvort sem það er á sviði stjórnmála, viðskipta, vísinda, íþróttar eða einhvers annars. Upplýsingarnar móta skoðanir fólks og geta haft áhrif á þær ákvarðanir sem það tekur. Hlutverk fjölmiðla er því gríðarlega þýðingarmikið. Það er þó ekki á færi allra að valda þessu hlutverki. Þyki fólki ákveðnir fjölmiðlar ekki búa yfir trúverðugleika og góðu orðspori þá veitir það þeim ekki athygli. Þeir miðlar verða sjaldan langlífir.

Eina yngstu gerð fjölmiðla en jafnframt þá vinsælustu er að finna á netinu; fréttamiðla. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna trúverðugleika og orðspor þriggja stærstu fréttamiðla landsins, mbl.is, visir.is, og dv.is, sem svo margir reida sig á þegar kemur að því að afla upplýsinga en svo virðist sem efnið hafi lítið verið rannsakað hér á landi.

Framkvæmd var meginindleg rannsókn, hönnuð að erlendri fyrirmynd. Spurningalisti var sendur á nemendur Háskóla Íslands vorið 2014 auk þess sem listanum var deilt á Facebook um sumarið. Alls bárust 282 nothæf svör.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að mbl.is og visir.is voru með besta orðsporið og mesta trúverðugleikann. Ekki var munur á afstöðu fólks eftir kynjum. Yngsta aldurshópnum þótti mbl.is og visir.is vera með betra orðspor og meiri trúverðugleika en þeim sem eldri voru. Þá þótti þeim sem styðja Sjálfstæðisflokkinn mbl.is vera með betra orðspor og meiri trúverðugleika en þeim sem styðja flokka sem teljast til vinstri.

Þótt mbl.is og visir.is hafi reynt vera með besta orðsporið og mesta trúverðugleikann er ekki þar með sagt að orðspor þeirra sé gott og trúverðugleikinn mikill. Afstaða fólks til orðspors og trúverðugleika fréttamiðlanna þriggja reyndist vera nokkuð hlutlaus, þ.e. hvorki sérstaklega jákvætt eða neikvætt orðspor né heldur þóttu þeir sérlega trúverðugir eða ótrúverðugir. Hlýtur það að teljast áhyggju-efni miðað við það mikilvæga hlutverk sem þeir gegna. Það ætti að vera markmið miðlanna að vinna statt og stöðugt að því að bæta sig í þessum eignum því trúverðugleiki er ein helsta undirstaða fjölmiðla og gott orðspor er forsenda þess að trúverðugleiki geti myndast.

[http://skemman.is/stream/get/1946/19758/45379/1/Ylfa\\_Kristin\\_K.\\_Arnadottir\\_meistararitgerd.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/19758/45379/1/Ylfa_Kristin_K._Arnadottir_meistararitgerd.pdf)

# Kastljós ekki brotlegt

Mál nr. 1/2014-2015

**Kærðandi:**

Nicolai Jónasson.

**Kærðu:**

Ríkisútvarpið ohf., Sigmar Guðmundsson, ritstjóri Kastljóss, og Helgi Seljan fréttamaður.

**Kæruefni:**

Umfjöllun Kastljóss 16. desember 2014 um kæranda og nafngreining hans í þætti um Vegagerðina og meint hagsmunatengsl við innkaup og brot á lögum um opinber innkaup.

**Málsmeðferð:**

Kæra barst siðanefnd 13. febrúar 2015 með bréfi, dags. 12. febrúar 2015. Siðanefnd óskaði eftir greinargerð kærðu, sem barst nefndinni 5. mars 2015. Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 18. mars 2015 og tók þá Sigríður Árnadóttir varamaður sæti í nefndinni í forföllum Friðriks Þórs Guðmundssonar. Nefndarmenn horfðu saman á umrædda sjónvarpsumfjöllun. Málið var aftur tekið fyrir á fundi siðanefndar 31. mars 2015.

**Málavextir:**

Í hinni kærðu umfjöllun var fjallað um málefni Vegagerðarinnar, meint hagsmunatengsl við innkaup hjá stofnuninni og meint brot á lögum og siðareglum Vegagerðarinnar. Viðtal var við Hrein Haraldsson vegamálastjóra og sjálfstæð innslög fréttamanns voru sýnd. Bæði í inngangi og í viðtali við vegamálastjóra var fjallað um viðskipti þjónustudeildar Vegagerðarinnar við fyrirtækin Samrás ehf. og Fjarorku ehf. vegna tæknivinnu og vörukaupa. Fram kom að bæði félögin væru í eigu Guðlaugs Jónassonar, bróður kæranda, sem nafngreindur var og titlaður deildarstjóri í þjónustudeild hjá Vegagerðinni. Nánar tiltekið gegnir

hann starfi deildarstjóra upplýsingaþróunar, sem heyrir undir þjónustudeild, samkvæmt skipuriti sem var fylgigagn með kæru til siðanefndar. Fram kom að greiðslur til þessara félaga frá Vegagerðinni hefðu numið 400 milljónum króna frá árinu 2005 og að ekkert verka félaganna hefði verið boðið út né vörukaup þeim tengd. Þá var fjallað um að kærandi hafði á árinu 2008 haldið kynningu á ráðstefnu hjá Vegagerðinni þar sem hann hafi mælt með ákveðinni tegund efnarafala til notkunar fyrir Vegagerðina og að Vegagerðin hafi í kjölfarið keypt slíkan búnað af fyrirtæki bróður kæranda. Fram kom það álit fréttamanns, eins kærða, að ekki yrði betur séð en að landslög og siðareglur Vegagerðarinnar hefðu verið brotnar. Fram kom hjá vegamálastjóra að fjölskyldutengsl kæranda og Guðlaugs Jónassonar hefðu verið honum ljós og þess vegna hefði frá upphafi verið gripið til sérstakra ráðstafana og séð til þess að kærandi kæmi ekki að samningsgerð við fyrirtæki bróður síns og að afskipti kæranda hefðu einungis verið á tæknilegum forsendum. Innkaup hefðu þannig farið fram í gegnum aðrar deildir en þá sem kærandi starfði við.

Kærandi telur að kærðu hafi með umfjöllun sinni brotið gegn 3. og 4. gr. siðareglna og er í kæru vísað til þess að fréttapátturinn hafi í heild sinni brotið gegn æru hans og að hann hafi verið nafngreindur án þess að geta borið hönd fyrir höfuð sér. Sérstaklega er vísað til; 1) að kærandi hafi verið sagður vera deildarstjóri þjónustudeildar hjá Vegagerðinni en það starfssvið sé ekki til hjá Vegagerðinni, 2) að nafn kæranda hafi verið nefnt endurtekið og látið að því liggja að hann hefði gerst brotlegur við lög og reglur og 3) að aldrei á þeim tíma sem

undirbúningur þáttarins stóð yfir hafi verið haft samband við kæranda og honum gefinn kostur á að tjá sig. Lögmaður kæranda ritaði kærðu bréf 2. febrúar 2015 og fór þess á leit að kærandi yrði beðinn afsökunar á umfjölluninni en því höfnuðu kærðu. Kærðu hafa krafist þess fyrir siðanefnd að kæru kæranda verði hafnað. Kærðu benda á að gögn og upplýsingar sem aflað var við vinnslu þáttarins, ýmist með upplýsingabeidni til Vegagerðarinnar eða eftir öðrum leiðum, hafi sýnt að kærandi hafi fyrir hönd stofnunarinnar átt ítrekaða aðkomu að samstarfi, samráði, mati á og loks meðmælum með vörum og þjónustu fyrirtækja bróður síns. Þá mótmæla kærðu að vegið hafi verið að æru kæranda og að dylgjað hafi verið með grófum hætti um aðild hans að brotum á innkaupareglum Vegagerðarinnar og lögum. Þá mótmæla þeir einnig að nafngreining kæranda hafi verið óviðeigandi.

**Umfjöllun:**

Siðanefnd hefur metið þau gögn sem fram hafa verið lögð af hálfu kærðu og sýna efnisatriði úr kynningu kæranda á ráðstefnu Vegagerðarinnar 2008. Samkvæmt hæfisreglum stjórnsýslu er einstaklingur hjá opinberri stofnun vanhæfur til að fjalla um kaup á þjónustu og vörum frá fyrirtækjum í eigu skyldmenna sinna. Vanhæfi tekur ekki einasta til samningsgerðar í þröngri merkingu, þ.e. ákvörðunar um hvort af kaupum verði og samningum um verð, heldur einnig til alls undirbúnings slíks máls. Siðanefnd telur að kynning kæranda innan vettvangs Vegagerðarinnar á þjónustu og vörum fyrirtækja bróður síns hafi því vakið áleitnar spurningar og efasemdir sem full ástæða var til að skoða nánar við rannsókn kærðu á málefnum Vega-

gerðarinnar. Umfjöllun þeirra um meðferð Vegagerðarinnar á almannafé og meint brot á lögum og reglum átti fullt erindi til almennings enda mikilvægt hlutverk fjölmiðla að veita stofnunum ríkisins aðhald. Starfsmenn hins opinbera verða einnig að vera undir það búnir að verk þeirra séu gagnrýnd opinberlega.

Í umræddum þætti var kærandi ekki kallaður deildarstjóri þjónustudeildar heldur var vísað til þess að hann væri deildarstjóri í þjónustudeild. Eins og að framan er rakið gegnir kærandi starfi deildarstjóra upplýsingarpróunar, sem hins vegar heyrir undir forstöðumann þjónustudeildar. Tilgreining á starfi kæranda er því að mati siðanefndar nægjanlega nákvæm og ekki brot á 3. gr. siðareglna.

Siðanefnd telur að þær ábendingar um meint brot á lögum og reglum sem fram komu í þættinum hafi fyrst og fremst snúið að Vegagerðinni en ekki kæranda persónulega. Þá telur siðanefnd að ákvæði 4. gr. siðareglna standi því ekki í vegi að heimilt hafi verið að nafngreina kæranda við umfjöllunina þegar virt eru tengsl hans við málið.

Megininntak hinnar kærðu umfjöllunar lýtur að Vegagerðinni. Kærðu áttu viðtal við vegamálastjóra í þættinum og ekki er annað að sjá en að honum hafi gefist einhver tími til að undirbúa sig. Vegagerðinni gafst þannig kostur á að koma sjónarmiðum sínum að við umfjöllunina. Siðanefnd telur það nægjanlegt og að ekki hafi verið nauðsynlegt að gefa kær-

anda kost á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Af öllu framangreindu virtu telur siðanefnd því að ekki séu efni til að líta svo á að kærðu hafi brotið gegn 3. eða 4. gr. siðareglna.

## Úrskurður:

Kærðu, Ríkisútvarpið ofh., Sigmar Guðmundsson og Helgi Seljan, teljast ekki hafa brotið gegn siðareglum gagnvart kæranda við umfjöllun um Vegagerðina í Kastljósi 16. desember 2014.

Reykjavík, 31. mars 2015

Björn Vignir Sigurpálsson

Hjörtur Gíslason

Ásgeir Þór Árnason

Róbert H. Haraldsson

Sigríður Árnadóttir, varamaður

# Ekki brot hjá Akureyri Vikublaði

Mál nr. 2/2014-2015

## Kærandi:

NN

## Kærði:

Björn Þorláksson, ritstjóri Akureyrar Vikublaðs

## Kæruefni:

„Grímseyjarmálið“ svokallaða, umfjöllun í Akureyri Vikublaði, fyrsta frétt 15. janúar 2015, viðtal 22. janúar við Valgerði Þorsteinsdóttur, og tengdar síðari fréttir og umfjöllun í Akureyri Vikublaði, viðtal við Björn Þorláksson í öðrum fjölmiðli, umfjöllun hans í fréttamiðlinum Stundinni og færslur á Facebook.

## Málsmeðferð:

Siðanefnd barst kæran í tölvupósti og var hún dagsett 26. febrúar 2015. Kærði óskaði nafnleyndar og verður nefndin við þeirri ósk í samræmi við vinnureglur og viðtekna venjur hennar. Daginn eftir bárust frekari gögn frá

lögmanni kæranda. Viðbrögð hins kærða bárust í tölvupósti 10. apríl. Siðanefnd fjallaði um málið á fundum sínum 31. mars, 22. apríl og 12. maí.

## Málavextir:

Kæran er mikil að vöxtum, í 8 tölusetum liðum með undirliðum og studd 15 tölusetum fylgiskjöllum. Í henni telur kærandi „Björn Þorláksson hafa brotið 1., 2., 3. og 4. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands.“

Meginefni kærunnar er umfjöllun Akureyrar Vikublaðs undir fyrirsögninni „Byggð í Grímsey að blæða út“ og viðtal við Valgerði Þorsteinsdóttur um meint kynferðisbrot kæranda gagnvart sér. Í fyrri fréttinni er sagt að framtíð Grímseyjar sé í uppnámi vegna þess að þar séu menn að missa frá sér aflaheimildir þar sem erfitt hafi reynst að greiða af lánum vegna kaupa aflaheimildanna á sínum tíma. Þar segir ennfremur: „Það sem gæti riðið baggamuninn nú hvað

varðar framtíð sjávarútvegs er að upp kom kynferðisbrot þar sem gerandi tengdist útgerð í eygni. Heimamenn segja að sá maður eigi ekki afturkvæmt til Grímseyjar.“

Að mati siðanefndar Bí eru þessi ummæli meginefni kærunnar; það er að fjallað er um „kynferðisbrot“ og það tengt vandkvæðum vegna kvóta-kaupa og síðan viðtalið við Valgerði. Síðari umfjöllun er ennfremur kærð í mörgum liðum. Lögmaður kæranda fór fram á leiðréttingu mála umbjóðanda síns við ritstjóra Akureyrar Vikublaðs með bréfi dagsettu 25. janúar. Akureyri Vikublað varð við þeirri kröfu að hluta til þann 29. janúar með því að viðurkenna mistök í hugtakanotkun í fyrri frétt.

Í svari kærða undir titlinum „Málsvörn blaðamanns“ er því hafnað að brotið hafi verið gegn siðareglum Bí í umfjöllun Akureyrar Vikublaðs. „Ég stend við fréttaskrifin sem varða Grímseyjarmál. Stend við að hafa

unnið mína vinnu eins vel og unnt var án þess að brjóta eina einustu siðareglu. Ég hef brugðist við opinberri kröfu um leiðréttingu tveggja atriða. Ég hef gætt hagsmuna meints geranda í málinu með því að nefna aldrei nafn hans í umfjöllun sem þó var sérlega áleitin spurning hvort rétt væri að gera í kjölfar kröfubréfsins sem lögmaður hans sendi blaðinu.“

Einnig er kært vegna umfjöllunar blaðamanns á Facebook, viðtals við blaðamanninn í öðrum fjölmiðli og umfjöllunar blaðamannsins um lögmann kæranda.

### Umfjöllun:

Siðanefnd hefur farið yfir gögn málsins og metið feril þess. Hún fellst á það mat kæranda að fyrstu fréttir Akureyrar Víkublaðs hafi verið ónákvæmar, en þar hafi ekki verið farið rétt með þegar talað var um „kynferðisbrot“ og að „málið verði dómtekið innan tíðar“. Þegar það var skrifað hafði kærandi hvorki verið ákærður fyrir kynferðisbrot né dæmdur fyrir það og ekki lá fyrir að málið yrði dómtekið innan tíðar. Að auki telur siðanefnd að umfjöllun um kvótamálín í Grímsey hafi ekki verið nægilega vönduð því þar er um rangfærslur að ræða, sem auðvelt hefði verið að komast hjá með vandaðri vinnubrögðum. Kærði viðurkennir svo í „Málsvörn“ sinni að „fréttaflutningur um aflamarksviðskipti skipta aukinheldur engu máli, þótt hann hafi ekki verið akkúrat spot on nákvæmur“.

Siðanefnd telur að umfjöllun Akureyrar Víkublaðs um bæði meginatriði málsins; það er vanda vegna kvótamála og meint kynferðisbrot, hafi átt fyllilega rétt á sér svo og viðtal við konu sem segir sig þolanda þeirra. Hins vegar hefði farið betur á því að málin hefðu verið aðskilin, um þau fjallað hvort í sínu lagi þrátt fyrir að

sami aðili tengist þeim báðum. Í raun sé ólíklegt að málin hafi haft áhrif hvort á annað enda rætur þeirra afar ólíkar. Telur siðanefnd að óheppilegt hafi verið hjá blaðamanni að spyrða þau saman.

Í siðareglum BÍ segir svo: „Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ innan 2ja mánaða frá birtingu enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma. Áður skal hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur Siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna.“

Sé farið yfir helstu kærutriði málsins telur siðanefnd að kærán uppfylli þau skilyrði að áður en hún var lögð fram hafi viðkomandi leitað leiðréttingar mála sinna. Hún telur jafnframt að helstu kröfum um leiðréttingu hafi verið fullnægt í umfjöllun Akureyrar Víkublaðs hinn 29. janúar þar sem blaðið fellst á kröfu lögfræðings kæranda að „það hefði verið nákvæmara orðalag að skrifa um „meint kynferðisbrot“ og „meintan brotamañn“.

Nefndin tekur jafnframt undir rökstuðning kærða þar sem hann segir að í viðtalinu við Valgerði Þorsteinsdóttur hafi hann verið að hafa eftir henni lýsingu hennar og upplifun á meintu kynferðisbroti og ekki hafi verið ástæða að draga frásögn hennar í efa. Það að flytja frásögn hennar falli ekki undir brot á siðareglum BÍ.

Siðanefnd telur að með ofangreindum leiðréttingum og svörum til lögmanns kærða hafi Akureyri Víkublað leiðrétt fyrri rangfærslur með viðunandi hætti og að í síðari umfjöllunum hafi kvótamálum verið gerð betri og skýrari skil.

Hvað varðar aðra þætti kærunnar

tekur siðanefnd fram að umræður á Facebook falli ekki undir „lögsögu“ hennar enda sé þar ekki um ritstjórnarlega umfjöllun að ræða. Ekki sé á færi nefndarinnar að hafa afskipti af slíkum samskiptum. Það sama eigi við um viðtöl við kæranda í öðrum fjölmiðlum. Væri svo ekki, bæri að gera athugasemdir við viðkomandi fjölmiðil en ekki viðmælanda hans á sama hátt og gert er vegna viðtalsins við Valgerði. Þá bendir nefndin á að umfjöllun í Stundinni hafi ekki verið kærð og að kærandi geti ekki kært umfjöllun Akureyrar Víkublaðs um lögfræðing sinn þar sem kærandi eigi ekki aðild að málinu. Sé lögfræðingurinn ósáttur við umfjöllunina geti hann einn kært hana til siðanefndar.

Siðanefnd getur ekki tekið afstöðu til þess hvort kærði hafi haft fullnægjandi heimildarmenn fyrir fréttum sínum eða ekki. Hún virðir rétt hans til að vernda heimildarmenn sína og meta trúverðugleika þeirra. Nefndin bendir þó á þær staðreyndir að útgerð í Grímsey á í erfiðleikum með að standa skil á láni vegna kvótakaupa og að mál vegna meintrar kynferðismisnotkunar í eygni liggur fyrir. Nefndin getur heldur ekki metið hvort málið hafi klofið íbúa Grímseyjar í tvær fylkingar og telur það í raun ekki þungt á metunum þegar vinnubrögð hins kærða eru metin.

### Úrskurður:

Björn Þorláksson, ritstjóri Akureyrar Víkublaðs, telst ekki hafa brotið gegn siðareglum BÍ í hinni kærðu umfjöllun.

Reykjavík, 12. maí 2015

Björn Vignir Sigurpálsson

Hjörtur Gíslason

Ásgeir Þór Árnason

Fríðrik Þór Guðmundsson

Róbert H. Haraldsson

# Brestir ekki brotlegir

*Mál nr. 1/2015-2016*

**Kærandi:**

María Henley

**Kærði:**

Lóa Pind Aldísardóttir

**Kæruefni:**

Birting skjáskots í sjónvarpsþættinum „Brestum“ af fésbók með ummælum kæranda.

**Málsmeðferð:**

Siðanefnd barst kærarn bréflega 27. apríl 2015. Viðbrögð hins kærða bár-ust 20. maí 2015. Siðanefnd fjallaði um málið á fundum sínum 12. maí og 9. júní.

**Málavextir:**

Í sjónvarpsþættinum „Brestir“ 13. apríl, sem fjallaði um afstöðu Íslendinga til útlendinga hér á landi, birtist skjáskot með ummælum kæranda. Skjáskotið var sýnt sem hluti af ummælum sem fallið hafa á samfélagsmiðlum hér á landi varðandi málefnið. Kærandi telur að ummæli hennar á fésbók séu slitin úr samhengi og birt að henni forspurdri. Hún gerir einnig athugasemd um að í skjáskotinu sé birt andlitsmynd hennar.

**Umfjöllun:**

Hin kærðu ummæli og mynd voru tekin af opnu svæði á netinu. Þau voru óstytt og siðanefnd telur því að þau

hafi ekki verið slitin úr samhengi. Kærandi verður að sæta því að til ummæla hennar, sem hún sjálf hefur birt opinberlega, sé vitnað í fjölmiðlum.

**Úrskurður:**

Lóa Pind Aldísardóttir, umsjónarmaður „Bresta“, telst ekki hafa brotið gegn siðareglum BÍ í hinni kærðu umfjöllun.

*Reykjavík, 9. júní 2015*

*Björn Vignir Sigurpálsson*

*Hjörtur Gíslason*

*Ásgeir Þór Árnason*

*Friðrik Þór Guðmundsson*

*Róbert H. Haraldsson*

# Ekki brot hjá Kastljósi

*Mál 2/2015-2016 – úrskurður*

**Kærandi:**

Ólafur Einarsson og Björg Marteinsdóttir

**Kærðu:**

Jóhannes Kr. Kristjánsson, Sigmar Guðmundsson og Kastljós/RÚV

**Kæruefni:**

Gagnaöflun, úrvinnsla og umfjöllun Kastljóss þriðjudagskvöldið 3. mars 2015.

**Málsmeðferð:**

Kæra barst með tölvupósti og viðaukum 2. maí 2015. Málið var talið tækt til umfjöllunar og óskað eftir viðbrögðum kærða 13. maí 2015. Viðbrögðin bár-

ust siðanefnd 26. júní 2015 eftir fram- lengdan frest. Siðanefnd fjallaði efnis- lega um málið á fundum 9. júní og 7. júlí.

**Málavextir:**

Þriðjudagskvöldið 3. mars 2015 sýndi Kastljós umfjöllun um óhefðbundnar lækningar og „sölumennsku sem beint er að veikni og jafnvel dauðvona fólki“. Efnis var meðal annars aflað með falinni myndavél og í ítarlegri kærðu kæranda eru umkvörtunarefni þeirra rakin í 4 liðum (sjá nánar í umfjöllun hér að neðan) – en þar er sjálf beiting falinnar myndavélar ekki kærð sem slík. Í kærinni er ekki vísað til sérstaks ákvæðis siðareglna, en af

kærutexta má ráða að kærundur telji einkum að 3. grein siðareglna hafi verið brotin.

**Umfjöllun:**

Kæruatriði málsins eru 5 talsins. Í fyrsta lagi er kært að ekki hafi verið birt á vef RÚV allt efni úr hinni földu myndavél og það strax daginn eftir umfjöllunina, svo sem ritstjóri Kastljóss, Sigmar Guðmundsson, hafði gefið fyrirheit um. Hinir kærðu báru við að tæknilegir örðugleikar hefðu ráðið því að efnið í heild birtist ekki strax á vefnum en að síðan hefði allt birst sem varðaði umfjöllunarefnið með beinum hætti. Siðanefnd hefur engar forsendur til að efast um að

tæknilegir örðugleikar hafi komið upp hjá RÚV. Þótt best færi á því að birta allt hið upptekna efni, svo sem kærði Sigmar boðaði, fær siðanefnd á engan hátt séð að klippt hafi verið út efni sem áhrif gat haft á meginefni umfjöllunarinnar. Birt myndefni sýnir vel það sem máli skiptir fyrir umfjöllunina.

Í öðru lagi er kært að í umfjöllun Kastljóss hafi því verið haldið fram að kærandi Ólafur væri, beint eða óbeint, að selja „gagnslausan tækjabúnað“ og „efni með lofordi um lækningu“. Kærundur benda á að viðkomandi tæki hjá sér hafi farið í gegnum strangt ferli CE vottunar og staðist það. Kærðu neita að hafa talað um gagnsleysi viðkomandi tækis og benda á að ummæli um gagnslausan tækjabúnað og loford um lækningu hafi komið fram í almennri lýsingu er varðaði viðskipti á heimsvísu, en áttu ekki við um kærundur sjálfa að þau lofi lækningu og slíku einungis haldið fram almennt um „snákaólúsólumenn á heimsvísu“. Sama gildir um meint gagnsleysi viðkomandi tækja og því um almennan gildisdóm að ræða.

Í þriðja lagi er kært að í umfjölluninni hafi ekki verið tilgreint að á viðkomandi tækjabúnaði sé 60 daga skilaréttur, sem hefði gefið raunsannari mynd af starfsemi kæranda og að ekki væri verið að þvinga gagns-

lausan tækjabúnað upp á fólk. Siðanefnd telur að kærundur hafi haft fullt tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að við umfjöllunina, svo sem um 60 daga skilaréttinn. Kærandi hafði auk þess tækifæri til að nefna viðkomandi 60 daga skilarétt við væntanlegan kaupanda, á kynningarfundinum í myndefninu, sem hann þó gerði ekki.

Í fjórða lagi er kært að í umfjölluninni hafi kærundur verið sagðir eða vændir um að selja gagnslausan tækjabúnað „undir borðið“. Kærðu telja að um sé að ræða „eðlilega málnotkun í samhengi við umfjöllunar efnið“ og að kærundur hafi „ekki fengið nauðsynleg leyfi og CE vottanir sem hann vísar sérstaklega til varðandi suður-afríka tækið sem hann seldi Ólafi Snorrasyni“ og „þar sem tilskilin leyfi skortir er hann að selja tækið undir borðið“. Siðanefnd telur að orðalagið „að selja undir borðið“ geti vel átt við sölu á varningi án leyfis yfirvalda. Í myndefninu sjálfu segist kærandi Ólafur ekki mega selja tækið – en hann taki við styrktarupphæð. Í ljósi þess sem kærandi segir sjálfur um þessa viðskiptahætti telur siðanefnd orðalagið réttmætt.

Í fimmta og síðasta lagi er kært að umfjöllunin hafi haft í för með sér „að saklausir aðilar, bíða skaða af“ með því að málefni gleraugnaverslunarinn-

ar Sjónarhóls, í eigu kæranda, hafi að ósekju verið tengd starfsemi kæranda í félaginu Allt hitt ehf. (Heilsuhringsins). Kærðu benda hins vegar á að skýra tengingu við Sjónarhól megi finna á heimasíðu Heilsuhringsins og að kærundur sjálfir hafi „opinberlega tengt saman nafn sitt og Sjónarhóls í tengslum við þessi mál“. Undir þessi sjónarmið kærðu tekur siðanefnd: Samtvinnun viðkomandi gleraugnaverslunar fyrirtækis og annarrar starfsemi kæranda er ekki síst að frumkvæði kæranda sjálfra. Myndefnið ber og með sér að umrætt fyrirtæki er kynnt og falboðið á starfsstöðinni þar sem gleraugnaverslunartækið er.

Í svari hinna kærðu kemur fram að kæranda hafi ítrekað verið boðið að koma fram í Kastljóspættinum til að segja sína hlið á málinu en því verið hafnað.

## Úrskurður:

Kærðir, Jóhannes Kr. Kristjánsson, Sigmar Guðmundsson og Kastljós/RÚV, teljast ekki hafa brotið gegn siðareglum BÍ í hinni kærðu umfjöllun.

Reykjavík, 7. júlí 2015.

Björn Vignir Sigurpálsson

Hjörtur Gíslason

Ásgeir Þór Árnason

Friðrik Þór Guðmundsson

Róbert H. Haraldsson



Endurmenntunar- og háskólasjóður blaðamanna

# Námsstyrkir

Stjórn Endurmenntunar- og háskólasjóðs Blaðamannafélags Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, vegna lengra eða skemmra náms fastráðinna félaga í BÍ

Umsóknum skal skilað til skrifstofu BÍ.

Hægt er að sækja um á heimasíðunni

**www.press.is** eða með því að senda

tölvupóst á **bi@press.is**

Námskeið sem koma til greina við úthlutun styrkja eru m.a.:

- Nám við háskóla á Íslandi
- Annað lengra nám hérlendis
- Endurmenntun í erlendum skólum s.s. hjá NJC í Árósum
- Önnur sérstök námskeið erlendis

Styrkir vegna styttri námskeiða hér heima eru greiddir á skrifstofu BÍ að námi loknu gegn framvísun reiknings fyrir þátttökugjöldum.



## Munið Styrktarsjóð BÍ

Styrktarsjóður var settur á laggirnar í kjölfar kjarasamninga Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins snemma árs 2001. Reglugerð um starfsemi sjóðsins var samþykkt á aðalfundi félagsins þá um vorið og hafa starfsreglur á grundvelli reglugerðarinnar verið í mótun síðan þá, en með vexti sjóðsins hefur fjölgað þeim málefnum sem sjóðurinn hefur getað látið sig varða. Allir fullgildir félagsmenn í BÍ, sem greitt hafa í sjóðinn í sex mánuði, eiga aðild að sjóðnum. Eftirfarandi reglur gilda frá 1. janúar 2014:

### Laun í veikindum:

Styrktarsjóður tryggir full laun allt að 501.177 kr. á mánuði í eitt ár eftir að veikindi hefjast að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum.

### Fæðingarstyrkir og ættleiðing:

Veittir eru styrkir vegna fæðingar barns. Styrkirnir taka mið af lengd fæðingarorlofs og eru að lágmarki 105 þúsund kr. og að hámarki 210 þúsund kr. Viðbótarstyrkur er veittur vegna útgjalda við ættleiðingu barns.

### Krabbameinsskoðun:

Krabbameinsskoðanir eru greiddar að fullu.

### Hjartaskoðun:

Eftirlit vegna hjartasjúkdóma er greitt að fullu.

### Lækniskostnaður:

Greiddur er árlegur almennur lækniskostnaður vegna sjóðfélaga umfram 12 þúsund kr. á ári að 32.300 kr., en þá stofnast réttur til útgáfu afsláttarskrteinis frá Sjúkratryggingum ríkisins.

### Sjúkrabjálfun og -nudd:

Sjóðurinn greiðir helming kostnaðar vegna sjúkrabjálfunar og sjúkranudds að hámarki 40 þúsund kr. á ári.

### Útfararstyrkir:

Sjóðurinn greiðir útfararstyrki vegna andláts félagsmanna. Styrkurinn er 400 þús. kr.

### Endurhæfing:

Greiddur er helmingur kostnaðar vegna endurhæfingar hjá H-L stöðinni.

### Tæknifrjóvganir:

Greidd eru 50% kostnaðar vegna tæknifrjóvgana samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins.

### Lasermeðferð á augum:

Greiddur er 75 þús. kr. styrkur vegna aðgerðar á hvoru auga.

### Sálfræðikostnaður:

Greitt er allt að 112.500 kr. á ári samkvæmt nánari reglum. Skilyrði að meðferðin sé að læknisráði og þarf að framvísa beiðni frá trúnaðar- eða heimilislækni um að viðkomandi hafi þurft á meðferðinni að halda. Greitt fyrir 15 skipti á hverjum tólf mánuðum að hámarki 5.000 kr. fyrir hvert skipti.

### Heilsuhæli:

Greitt er vegna dvalar á viðurkenndum heilsuhælum innlands allt að helmingur kostnaðar þó ekki meira en 100 þús. kr. á hverjum tólf mánuðum.

### Gleraugu og heyrnartæki:

Tekið er þátt í kostnaði vegna kaupa á gleraugum og heyrnartækjum sem nemur helmingi kostnaðar samkvæmt framlögðu frumriti reiknings allt að kr. 75 þúsund á 24 mánaða fresti.

### Göngumæling/innlegg:

Greidd eru 75% kostnaðar, þó að hámarki 20 þús. kr. vegna göngumælingar og innleggja samkvæmt læknisráði. Sambærileg endurgreiðsla vegna annarra minniháttar hjálpartækja.

### Tannlæknakostnaður:

Greiddur er helmingur kostnaðar umfram 50 þúsund kr. að 300 þúsund kr. vegna tannlæknakostnaðar af heilsufarsástæðum. Styrkur getur þó aldrei orðið hærri en 125 þúsund kr.

### Mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu:

Ef um mikil útgjöld er að ræða vegna heilbrigðisþjónustu, sem ekki fellur undir neinn lið hér að ofan, er hægt að sækja sérstaklega um styrk vegna þess til stjórnar sjóðsins. Umsókn skal studd gögnum og reikningum vegna útlagðs kostnaðar.

### Heilsuefling:

Veittur er styrkur vegna heilsueflingar sem getur numið allt að helmingi kostnaðar, þó ekki hærri en sem nemur 20 þús. kr. á hverju almanaksári gegn framvísun frumrits reiknings.

Almennt gildir að forsenda endurgreiðslu er framvísun frumrits fullgildra greiðslukvittana vegna útlagðs kostnaðar. Hvað almennan lækniskostnað varðar nægir ljósrit af útgefnu afsláttarskrteini sem staðfesting á því að kostnaður hafi náð 28 þúsund kr. Annars þarf að framvísa greiðslukvittunum. Um greiðslu fæðingarstyrkja gildir að leggja þarf fram gögn frá fæðingarorlofssjóði Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslur frá sjóðnum í fæðingarorlofi.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Blaðamannafélagsins, [www.press.is](http://www.press.is)